

Málningu sprautað
yfir tugi bíla í roki

■ Hópmálsókn í pípunum

CATALINA NCOGO
TAPAÐI MÁLI GEGN
FERÐAMÁLASKÓLA



28. SEPTEMBER 2018 / 37. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

D

Íslenskar
stelpur
í Maxim
keppni



Ari
Alexander

„AMMA DÓ Á
VEITINGASTAÐ FYRIR
FRAMAN OKKUR“

■ Leikstýrir mynd um líkfundarmálið ■ Lífið umturnaðist á unglingsárunum ■ Í Síberíuhraðlestinni með mömmu



Hvarf Guðmundar:
■ FRÁSÖGN KONUNNAR Í BÍLNUM

BESTI BORGARINN
Í BÆNUM ■ Nýr matar-
vefur dv.is
DV.IS/MATUR



Líkfundarmálið

■ Þjóðin fylgdist agndofa með ■ Íðrin full af fíkniefnum



Margar gerðir af
FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Er ég að deyja, eða á ég afmæli?“

– Lafði Nancy Astor, þegar hún sá alla fjölskyldu sína við rúmið. (19.5. 1879–2.5. 1964)

Á þessum degi, 28. september



1066 – Vilhjálmur 1., hinn sigursæli, ræðst inn í England með her sínum. Innrásin markar upphaf landvinninga Normanna þar í landi.



1791 – Frakkland verður fyrst landa til að aflétta ánauð gyðinga.



1924 – Fyrsta hringflugi um jörðina lýkur.



1951 – CBS setur á markað fyrstu lit-sjónvörpin fyrir almennig. Framleiðsla var hætt innan við mánuði síðar.



1994 – Ferjan MS Estonia ferst á Eystrasalti og með henni 852 manns.

FERÐAMÁLASKÓLINN DRO CATALINU FYRIR DÓM

Mætti ekki í einn tíma en þurfti að greiða 330 þúsund í skólagjöld

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Í vikunni féll dómur í máli rekstraraðila Ferðamálastskóla Íslands gegn ungum manni sem hafði skráð sig í nám hjá skólunum. Hafði nemandinn greitt staðfestingargjald upp á 50 þúsund krónur en taldi sig hafa komist að samkomulagi við skólastjóra og eiganda skólans, Friðjón Sæmundsson, um að hann mætti mæta í nokkra prufutíma. Nemandinn ákvað að hætta námi eftir að hafa mætt í tvær kennslustundir og var í kjölfarið dreginn fyrir dóm. Kannaðist Friðjón ekki við neitt samkomulag um prufutíma og svo fór að nemandinn var dæmdur til að greiða full skólagjöld, 440 þúsund krónur að frádregnu staðfestingargjaldinu, auk málskostnaðar sem nam 372 þúsund krónum. Tímarnir tveir reyndust því ansi dýrir.

Athygli vekur að Friðjón, sem á Menntamiðstöðina ehf. sem er á bak við rekstur Ferðamálastskóla Íslands, Stjórnækniskóla Íslands og Tölvuskóla Íslands, hefur að minnsta kosti í fimm skipti stefnt nemendum vegna van-goldinna

skólagjalda. Ein af þeim sem hefur tekist á við Friðjón í réttarsal vegna námsgjalda er Catalina Mikue Ncogo, sem er betur þekkt sem Miðbaugsmaddaman. Catalina er ekki ókunn réttarsölum en hún var dæmd í þrjú ára fangelsi árið 2010 fyrir hörming og brot gegn fíkniefnalöggjöfni.

Mál Ferðamála-

skólans gegn Catalinu var dómtekið í febrúar 2009. Stefndi Ferðamálastskólinn einnig Borgun hf. vegna málsins. Óumdeilt var að Catalina sótti um nám í ferðaræðgjöf í ágúst 2007 þrátt fyrir að vera ekki talandi á íslenska tungu. Hún greiddi 50 þúsund króna staðfestingargjald og komst

á samkomulagi um að greiða eftirstöðvarnar, 330 þúsund krónur, með tveimur raðgreiðslum en úttektarseðlana

hafði hún fyllt út með umsókninni.

Fyrir dómi hélt Catalina því fram að Friðjón skólastjóri hefði ætlað að láta hana vita af því hvort hún fengi inni á námskeiðinu eða ekki. Kvaðst Catalina aldrei hafa fengið slíka tilkynningu og því mætti hún aldrei í einn einasta tíma. Dómurinn féllst ekki á skýringar Catalinu heldur taldi að bindandi samningur hefði verið kominn á. Var henni því gert að greiða Ferðamálastskólanum 330 þúsund krónur.

Fréttablaðið fjallaði um málshöfðunargleði Friðjóns og Ferðamálastskólans í vikunni. Í viðtali við blaðið sagði skólastjórinn að hann gæti ekki tekið á sig kostnað ábyrgðarlausra. „Ef fólk hættir þá er það hlutur sem ég einfaldlega ræð ekki við. Skólinn er fjármagnaður algjörlega með gjöldum nemenda og ég ræð inn kennara og þarf að greiða þeim laun. Hvernig á ég að gera það ef fólk skráir sig, tekur þar með pláss frá öðrum, og lætur sig síðan hverfa og segist ekki ætla að borga?“ spurði Friðjón og fullyrti að vandfundnari væri liðlegri maður en hann. ■




5 dagar sem ættu að vera almennir frídagar á Íslandi

Vinnudagar eru allt of langir á Íslandi og því eru frídagar kærkomnir. Tækniþróun heimsins er á þá leið að vinnustundum einstaklinga mun fækka í framtíðinni og því er vel við hæfi að Íslendingar komi sér saman um nokkra skemmtilega, eða jafnvel sorglega, frídaga. Daga þar sem þjóðin fagnar eða skammast sín réttilega.



1 mars:

Dagurinn sem bjórin var leyfður. Dagurinn þegar frelsinu er fagnað og forsjarhyggjunnir er bölváð. Að gefnu tilefni þyrfti mögulega líka að gefa fri á öðrum í bjórdegi, 2. mars.



28. júní:

Dagurinn þar sem fjöldi fólks kom saman og fleytti kertum til minningar um hundinn Lúkas, sem var sprellifandi og allt málið byggt á sandi. Þjóðin fær þennan dag til þess að anda með nefinu og átta sig á að múgæsing byggð á takmörkuðum upplýsingum er aldrei til góds.

6. október:

Dagurinn sem Geir bað almættid um að blessa Ísland. Á þessum degi eiga allir Íslendingar að skammast sín frá morgni og þar til húmar að kveldi en þá er upprisunni fagnað með veislu á öllum heimilum.



9. október:

Dagurinn sem Ísland tryggði sér sæti á HM í knattspyrnu. Yrði kallaður „Dagur íþróttanna“ og þjóðin fengi fri til þess að fara út að sprikla í kappleikjum um allt land.

31. október:

Hrekkjavaka hefur hafid innreið sína í íslenskt samfélag og verður ekki stöðvuð úr þessu. Best væri að gera þetta almennilega og gefa öllum fri til þess að skreyta hús sín og hamstra sælgæti.



VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG

Heyrðu í okkur og leyfðu okkur
að segja þér frá okkar þjónustu.



Heyrumst

**Hannes
Steindórsson**

Löggiltur fasteignasali

699 5008

hannes@fastlind.is



Heyrumst

**Hrafn
Valdísarson**

Löggiltur fasteignasali

775 4988

hrafn@fastlind.is

VERKTAKI SPRAUTAÐI MÁLNINGU YFIR BÍLA OG HÚS Í REYKJANESBÆ

Ótryggður ■ Íbúðareigandi klökknaði þegar DV hringdi

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Margir íbúar Reykjanesbæjar eru reiðir eftir að starfsmaður verktaka við þakmálun sprautaði málningu yfir eignir þeirra. Atvikið átti sér stað þann 13. september en þá var norðanátt upp á allt að 11 metra á sekúndu. Málningin dreifðist yfir stórt svæði og lenti meðal annars á tugum bíla, tjaldvagna og húsa. Umfang tjónsins er óljóst en að öllum líkindum nemur það mörgum milljónum. Verktakinn var ótryggður og íhuga nú margir hópmálsókn vegna málsins.

Buðust til að þrifa bíl með terpentínu

Júlíus Högnason er einn þeirra íbúa í Reykjanesbæ sem nú íhuga hópmálsókn vegna skemmda sem verktaki að störfum við Klampenborg-húsið olli á bílum og öðrum eignum. Klampenborg, sem stendur við Túngötu númer 13 í norðurhluta bæjarins, er sögufrægt tíu íbúða hús byggt á fjórða áratug síðustu aldar. Þótti það þá hið mesta glæsihýsi. Júlíus segir við DV:

„Hann var að sprauta olíumálningu í norðan ellefu og við urðum fyrir stórtjóni. Síðan kemur á daginn að hann er ótryggður. Það er óskiljanlegt að menn geti verið ótryggðir í atvinnurekstri. Það kostar mig 200 þúsund að laga minn bíl. Það eru málningardoppur á bílnum og eins og sandpappír að koma við hann. Þetta fór yfir stórt svæði, nokkur bílastæði og sum langt í burtu frá húsinu.“

Júlíus segir að fólk virðist vera varnarlaust þegar svona mál koma upp.

„Við sem lentum í þessu erum að hugsa málið og athuga hvort við getum farið í hópmálsókn. En það er dýrt og getur tekið mörg ár. Ef við leitum til eigin tryggingafélaga þurfum við alltaf að greiða sjálfsábyrgðina sem er í mörgum tilvikum há.“

Hefurðu haft samband við verktakann?

„Já, ég hafði samband við hann kvöldið sem þetta gerðist. Það komu tveir útlendingar sem buðust til að þrifa bílinn minn með White Spirit-terpentínu en ég afþakkaði það nú bara.“

Brjálæði að sprauta við þessar aðstæður

Einar Atlason á einn þeirra bíla sem urðu fyrir skemmdum. Í samtali við DV segir hann:

„Mér finnst stórundarlegt að það sé hægt að standa í svona rekstri án þess að vera tryggður. Ég á eftir að fara með minn bíl í mat og veit að mat á sambærilegum bíl

Það var til dæmis Porche-eigandi sem lenti í þessu. Þetta er stórtjón fyrir hann.

var í kringum 700 eða 800 þúsund krónur. Á bílnum er svart plast og ekki hægt að fara með hvaða efni sem er til að ná málningu af því. Það þarf því að skipta um alla slíka lista, af rúðum og fleiru. Svo fór málningin yfir stórt svæði og lenti á húsum líka.“

Einar segist halda að tjónið gæti hlaupið á tugum milljóna króna.

„Það var til dæmis Porche-eigandi sem lenti í þessu. Þetta er stórtjón fyrir hann. Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég geri en ef það verður farið út í málaferli verður það sennilega hópmálsókn.“

DV hafði samband við málningarsérfræðing hjá Slippfélaginu og sagði hann það „brjálæði“ að sprauta málningu á þak við þessar aðstæður. Til eru ýmsar gerðir af þakmálningu og olíumálning sé sú lakasta. Hún er talin gamaldags enda þorna agnirnar ekki í loftinu. Töluverða viðgerð þarf til að ná slíkri málningu af lakki bíla.

Einkamál samkvæmt lögreglu

Víkurfrettir sögðu fyrst frá málinu þann 20. september en nú hefur það undið upp á sig. Við lögregluskýrslu sem gerð var eftir að málið kom upp var sagt að 41 bifreið hefði fengið málningu á sig. Flestar við Aðalgötu en einnig Túngötu, Vallargötu og Íshússtíg í norðurhluta bæjarins. Í samtali við DV segir varðstjóri hjá lög-



Bíll sem varð fyrir tjóni. Hvítar dopper og hrjúf áferð.

„Þarna er einhver að bjóða þjónustu sína sem hefur ekki leyfi til þess samkvæmt áttundu grein iðnaðarlaga. En hann er ekki sjálfkrafa með tryggingu þegar hann hefur störf. Það er val verkkaupa hvern þeir fá til verksins en ef þeir fá einhvern sem hefur ekki leyfi þá hraðfellur verndin.“

Eigandi klökknaði

Ekkert húsfélag er í Túngötu 13. Þegar DV hafði samband við eiganda einnar íbúðar í húsinu sagðist hann hafa keypt íbúðina af verktakanum sjálfum. Við nánari athugun kom í ljós að allar íbúðirnar hefðu verið í eigu verktakans og í kaupsamningnum stóð „Seljandi mun gera við múrskemmdir og steina húsið að utan, yfirfara glugga og mála ásamt því að yfirfara þak hússins og mála og skipta um þakrennur.“

Eigandinn klökknaði þegar DV spurði hvort hann vissi hver bæri ábyrgðina í málinu. „Veistu, ég bara veit það ekki.“

Þegar DV hafði samband við verktakann sjálfan sagðist hann vera í frii erlendis og skellti síðan á. ■

reglunni á Suðurnesjum að bílarnir séu mun fleiri.

„Ég er ekki með nákvæma tölu á því en gæti trúað að þeir séu 70 eða jafnvel 80.“

Hvaða meðferð fær þetta mál hjá ykkur?

„Þetta er augljóst slys en ekki skemmdarverk. Það hefur ekki verið meiningin að láta málninguna fjúka yfir allt. Þetta er því einkamál á milli þeirra ollu og urðu fyrir þessu.“

Samkvæmt upplýsingum frá atvinnuvegaráðuneytinu og Sam-

tökum iðnaðarins þá snýr málið að leyfisveitingum. Þórir Hrafnsson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir í samtali við DV:

„Þeir verktakar sem eru í Málarameistarafélaginu, sem er aðili að Samtökum iðnaðarins, eru með ábyrgðarsjóð sem verkkaupar geta sótt í ef meistari hefur klúðrað einhverju. Sem mér skilst að sé ekki í þessu tilviki.“

Það stendur heima. Við athugun DV kom í ljós að verktakinn sem um ræðir er ekki á skrá Málarameistarafélagsins.



**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppogar á margar
gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

**Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is**



**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.**



Það er staðreynd að...



Listamaðurinn Vincent van Gogh seldi aðeins eitt málverk á meðan hann lifði.



Meðallíftími drekaflugu er einn sólarhringur.



Það er ómögulegt að láta lífið með því að halda niðri í sér andanum.



Ef þú setur ekki nema smádropa af áfengi á sporðreka verður hann samstundis trylltur og stingur sig að öllum líkindum til dauða.



Í rúm 3.500 ár hefur heimsfriður verið á tæpum 230 árum samanlagt.



Mynd: Hanna

„ALVARLEG MISTÖK AÐ LEYFA ÞESSI TÆKI Á GANGSTÉTTUM“

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Ég er því hugsi yfir því að óreyndur krakki fái eins tæki í hendurnar og ég fékk um 15 ára aldur án þess að skrá það, tryggja eða fá bifhjólarettindi, heldur geti bara stokkið af stað. Ég er líka hugsi yfir því að sama barn fái ökuréttindi á gangstéttum. Til dæmis leggur fjöldi eldri borgara leið sína í fyrirtæki mitt og ég þori vart að hugsa það til enda ef mótorhjólíð hefði skolið á eldri manneskju. Það er alveg ljóst að höggið hefði nægt til að senda viðkvæma til forfedra sinna," segir Gylfi Gylfason, eigandi Radíó-

búðarinnar í Bæjarlind.

Í vikunni lenti Gylfi í því óhappi, þegar hann var að yfirgefa verslun sína, að 13 ára stúlka keyrði hann um koll á rafmagnsvespu. Að sögn Gylfa var höggið afar mikið og taldi hann sig hafi flogið tæpa þrjá metra við höggið. „Ég átti nú ekki von á því að vera keyrður niður hérna beint fyrir utan búðina hjá mér, ég lenti næstum því fyrir utan næstu búð við götuna. Stúlkan var á miklum hraða þegar hún keyrir á mig. Ég tókst á loft og lenti með góðum skelli á steinsteypunni," segir Gylfi.

Tryggingamálin óljós

Hann telur brýnt að opna umræðuna um þessi farartæki sem eru orðin algeng á gangstéttum

um allt land. Mörg þeirra geta náð ansi miklum hraða og sum vega allt að 100 kíló, án farþega. Eins og áður segir var ökumaðurinn sem keyrði Gylfa um koll var 13 ára gömul stúlka og var vespan sem hún keyrði ótryggt að sögn lögreglu. „Það má einnig nefna að tryggingamál þessa búnaðar virðast óljós og ná heimilistrygging til slíkra tjóna þá minni ég á að slík trygging er ekki undir sama eftirliti og aðrar ökutækjetryggingar," segir Gylfi.

Að sögn Gylfa eru foreldrar í mörgum tilfellum ekki mjög vel upplýstir um þá hættu sem getur fylgt þessum farartækjum. „Mín skoðun er sú að það hafi verið gerð alvarleg mistök með

að leyfa allt að 50cc mótorhjólum að yfirtaka hér gangstéttir á þeim forsendum að lág hestafatlata setji þessi tæki í sama flokk og rafvespur. Staðreyndin er sú að mörg mótorhjól eru útbúin með innsigli sem gerir að verkum að tækin ná krafti skellinaðra þegar það er fjarlægt. Út frá því má einnig vera ljóst að foreldrar eru jafnvel að leyfa notkun tækja á fölskum forsendum. Þá er hjálmleysi orðið ótrúlega algengt og ég hef orðið miklar áhyggjur af þessu agaleysi á gangstéttunum. Það er ekki gæfulegt að krakkar séu að byrja ökuferilinn utan laga og reglna," segir Gylfi. ■

**PANTAÐU
Á NETINU**

Castello
PIZZERIA

**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**

WWW.CASTELLO.IS

Dalvegi 2, 201 Kópavogi -
Dalshrauni 13, 220 Hafnarfirði

Ferðakynning Bjarmalands

Norræna húsinu aðalsal
sunnudag 30. september kl. 16:00
Viðsýni í stórum heimi !



Haukur Hauksson, fararstjóri
og magister í alþjóðamálum



FRAMHALD JÓLA Í MOSKVU
Mesta vetrarhátíð Rússa á götum úti
4.- 8. janúar **166 300 kr.**



INDLAND Í FEBRÚAR
Gullni þríhyrningurinn og strandir GÓA
2.- 17. feb. **359 000 kr.**



SILKILEIÐIN MIKLA
Úzbekistan og Túrkenistan í Mið-Asíu
18. apr.- 2. maí **488 000 kr.**



**ÆVINTÝRALJÓMI
TRANSILVANÍU**
Rúmenía - í fótspor Drakúla greifa
25. maí-1. júní **169 700 kr.**



**SVARTAHAF SUÐURSTRÖND
RÚSSLANDS**
Sotsí Olympíuborgin &
glæst rússneska rívíeran
19.-29. júní **329 000 kr.**



TRANS SÍBERÍULESTIN
í lúxusstíl keisaranna
Moskva - Peking
ágúst



SIGLING KEISARALEIÐIN
Moskva - Pétursborg
ágúst **307 000 kr.**



GEORGÍA og AZERBÆDSJAN
Kákasusfjöll
14.-24. sept. **385 000 kr.**



HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA
Vítanam og Kambódía
október **598 000 kr.**

Smökkun á eðaldrykkjum
frá viðkomandi löndum. Önnur
mál einnig rædd í lok fundar. Rússland fortíð, nútíð, framtíð ofl.

Ath.! Heili pakkinn, allt innifalið. Ekki „verð frá“ þar sem ýmis aukakostnaður bætist við

TILNEFNINGAR TIL MENNIN

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Menningarverðlaun DV fyrir árið 2017 verða afhent við hátíðlega athöfn föstudaginn 5. október í nýjum og glæsilegum höfuðstöðvum DV að Suðurlandsbraut 14. Í ár verða veitt verðlaun í sjö flokkum; kvikmyndum, leiklist, tónlist, bókmenntum, fræðum og stafrænni miðlun auk þess sem veitt eru sérstök heiðursverðlaun.

Þá verða lesendaverðlaun dv.is veitt en þar munu lesendur dv.is fá

tækifæri til þess að kjósa það verk, listamann eða höfund sem þeim líst best á. Þriðjudaginn 2. október hefst netkosning á dv.is sem stendur til miðnættis 4. október. Sú tilnefning sem hlýtur flest atkvæði í netkosningunni hreppir lesendaverðlaun dv.is.

Hér má sjá allar tilnefningarnar og skipan dómnefnda í tveimur flokkum, flokki fræðiritanna og leiklist. Á næstu dögum verða birt á vef dv.is tilnefningar í öllum þeim flokkum sem veitt verða verðlaun fyrir.

Fræðirit

Leitin að klaustrunum. Klausturhald á Íslandi í fimm aldir eftir Steinunni Kristjánsdóttur

Leitin að klaustrunum eftir Steinunni Kristjánsdóttur er glæsilegt verk þar sem gerð er ítarleg grein

fyrir rannsóknum höfundar og aðstoðarmanna hennar á sviði fornleifafraeði. Auk lýsinga á vettvangi er vísað til fjölda tiltækra heimilda. Bókin er skrifuð á skýru og aðgengilegu máli og bregður upp lifandi myndum, bæði af sögu klausturhalds á Íslandi og af starfi forn-



Ásta Kristín Benediktsdóttir




Steinunn Kristjánsdóttir



Brynhildur Guðjónsdóttir



Hafdís Erla Hafsteinsdóttir



Vilhelm Vilhelmsson

Guðjón Friðriksson

leifafraeðinga. Mjög er vandað til útgáfunnar sem prýdd er fjölda mynda, teikninga og korta. Útgefandi: Sögufélag, í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands.

Litbrigði húsanna. Saga Minjaverndar og endurgerðra bygginga um allt land eftir Guðjón Friðriksson.

Í Litbrigðum húsanna rekur Guðjón Friðriksson sögu Minjaverndar og ítarlega sögu marga þekktra húsa á Íslandi, íbúasögu þeirra, hnignunarsögu, baráttu fyrir verndun þeirra og loks endurgerð. Litbrigði húsanna er ekki einungis saga um byggingar, heldur einnig saga um samfélag og fólkið sem byggir það. Verkið er



Sverrir Tómasson

ákaflega fallegur gripur og munar þar ekki síst um þátt Snorra Freys Hilmarssonar sem annast myndaval en bókin er prýdd fjölmörgum ljósmyndum og teikningum sem ásamt texta Guðjóns gera sögu húsanna lifandi og spennandi. Útgefandi: Mál og menning.

Pipraðir páfuglar eftir Sverri Tómasson

Í Pipruðum páfuglum fjallar Sverrir Tómasson á fróðlegan og glettinn hátt um mataræði, borðsiði og eldamennsku Íslendinga á miðöldum, eins og slíku er lýst í miðaldahandritum. Byggt er á fjölmörgum heimildum, bæði frumheimildum og síðari tíma fræðiritum og höfundur eykur mjög skemmtigildi bókarinnar með vísunum í bókmennta-texta og þjóðsögu. Pipraðir páfuglar er fallega hönnuð bók með fjölda litprentaðra mynda úr miðaldahandritum og rúsinan í pylsuendanum eru 23 uppskriftir af herramannsmat frá Reykhólum. Útgefandi: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sjálfstætt fólk. Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld eftir Vilhelm Vilhelmsson

Sjálfstætt fólk er fróðlegt og aðgengilegt verk um vistarbandið og líf alþýðunnar á 19. öld. Höfundurinn Vilhelm Vilhelmsson setur margslungið samband undirsáta og yfirboðara, andóf, átök

og möguleika í fræðilegt samhengi. Hann varpar nýju og nokkuð bjartara ljósi á vistarbandið og sýnir fram á hvernig það þjónaði margvíslegum samfélagslegum tilgangi og var hluti af menningu og stjórnskipulagi Norður-Evrópu. Víða er leitað fanga í þessu víðamikla verki og útgáfan öll hin vandaðasta. Útgefandi: Sögufélag.

Svo veistu að þú varst ekki hér. Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi, ritstj. Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir

Svo veistu að þú varst ekki hér er fræðirit um sögu hinsegin fólks á Íslandi, hið fyrsta sinnar tegundar og er því um tímamótaverk að ræða. Í bókinni er að finna sex ritrýndar greinar eftir jafnmarga höfunda sem hver á sinn hátt varpar ljósi á sögu hinsegin fólks, orðræðu um hinsegin fólk og hinsegin fræði sem nálgun á sögu og samfélag. Verkið er þarft og mikilvægt innlegg í umræðu samtímans. Auk ritstjórnanna eiga Þorsteinn Vilhjálmsson, Þorvaldur Kristinsson og Kristín Svava Tómasdóttir greinar í bókinni. Útgefandi: Sögufélag.

Í dómnefndinni voru: Árni Matthíasson, Hildigunnur Þráinsdóttir og Soffía Auður Birgisdóttir

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

NATURAL VITALITY
Lifandi Hindberja og Sítrónberja

Náttúruleg SLÖKUN
Styrkur gegn streitu
Lemar íslavagi á kalk upptöku og jafnar
balskriglegni magnesíum í líkamann

BETRI SVEFNI

226 gr

VIÐGARVERÐLAUNA DV 2017

Leiklist

Leikhóparnir Miðnætti og Lost Watch fyrir barnasýninguna Á eigin fótum í Tjarnarbíó; leikstjóri Agnes Wild.

Leikendur eru bæði fólk og brúður. Sagan gerist fyrir löngu og segir með látbragði, tónlist og frumlegri sviðsvinnu, en nánast orðalaust, frá því þegar Ninna fer sex ára í sveit til vandalausra. Hugarangri barnsins er komið vel til skila á hæfilega kímilegan hátt og afar vel sýnt hvernig hún aðlagast smám saman lífinu í sveitinni. Fyrst eru það dýrin á bænum sem ná til hennar. Þau urðu til úr alls konar tilfallandi dóti fyrir framan augu heillaðra leikhúsgesta og voru gríðarlega skemmtilega gerð. Þetta er spennandi og fróðleg saga sem gaman er að tala um við börn auk þess sem hún geymir sanna leikhústöfra.


Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Gísli Örn Garðarsson og Ólafur Egill Egilsson fyrir Elly í uppfærslu Vesturports og Borgarleikhússins.

Lífshlaupi einnar dáðustu dægurlagasöngkonu landsins eru gerð framúrskarandi skil í hugvitsamlegu handriti Gísla Arnar og Ólafs Egils. Þar gegnir tónlistin lykilhlutverki, en höfundarnir hafa valið ríflega fjörutíu lög frá ferli Ellyjar sem flutt eru að hluta eða í heild til að skapa réttu stemninguna hverju sinni. Gísli Örn heldur sem leikstjóri utan um alla þræði uppfærslunnar af miklu öryggi og sterkri listrænni sýn þar sem hjartað og húmorinn ráða ríkjum í þeim leikhúsgaldri sem skapaður er. Katrín Halldóra geislar í hlutverki Ellyjar, enda býr hún yfir miklum sviðsjarma, góðum kómískum tíma- setningum og stórkostlegri rödd sem snert hefur streng í hjarta þjóðarinnar.

Eggert Þorleifsson fyrir titilhlutverkið í Föðnum eftir Florian Zeller undir stjórn Kristínar Jóhannsdóttur í Kassa Þjóðleikhússins.

Eggert leikur verkfræðinginn André, reffilegan fullorðinn mann sem þolir illa tilraunir dóttur sinnar til að ráða handa honum húshjálp. En fljótlega kemur í ljós að André stríðir við minnisglöp sem verða æ verri þegar líður á verkið. Áhorfendur upplifa sterkt líðan hans í viðsjárverðum heimi þar sem allt er ótryggt, ástvinir koma og hverfa, ókunnugt fólk leggur undir sig hífli hans, er hann heima hjá sér eða annars staðar? Það er jafnvel talað við hann eins og hann sé fáviti. Eggert sýnir glögg hægga leið manns inn í tómið, yfirborðshroka hans meðan hann heldur ákveðnu sjálför-yggi, vaxandi óöryggi uns kemur að hjartaskerandi niðurbroti að lokum.

Brynhildur Guðjónsdóttir fyrir hlutverk sitt í Guð blessi Ísland eftir Mikael Torfason og Þorleif Örn Arnarsson í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar á Stóra sviði Borgarleikhússins.



Iris Ellenberger



Leikhóparnir Miðnætti og Lost Watch eru tilnefndir fyrir barnasýninguna Á eigin fótum.



Tyrfingur Tyrfingsson, Sigrún Edda Björnsdóttir og Ólafur Egill Egilsson eru tilnefnd fyrir verkið Kartöfluæturnar.



Eggert Þorleifsson

Brynhildur fer með hlutverk Davíðs Oddssonar í verki sem byggt er á Rannsóknarskýrslu Alþingis. Hún birtist fyrst í verkinu standandi á þaki líkbíls sem ekur fram á sviðið og ryður um leið frá sér gríðarlegum fjölda af vandlegum uppröðuðum hvítum garðstólum. Margt mátti lesa úr þessari innkomu sem sannarlega var ein sú magnaðasta á árinu. Brynhildur nýtti sér kraft innkomunnar og hélt áhorfendum í hendi sér til loka með sívaxandi dýpt og óvæntum vinklum, allt þar til hún afklæddist hlutverkinu í sýningarlok. Persónusköpun hennar í hlutverki Davíðs var svo tæknilega faguð, margslungin og skemmtileg að ekki verður séð að nokkur hefði getað betur farið í hans gervi.

Tyrfingur Tyrfingsson, Sigrún Edda Björnsdóttir og Ólafur Egill Egilsson fyrir Kartöfluæturnar á Litla sviði Borgarleikhússins.

Tyrfingur hefur einstakt lag á að beina sjónum áhorfenda að flókinni dýnamík ofbeldissambanda. Í Kartöfluæturnum matreiðir hann meðvirkni, stjórnsemi og leyndarhyggju með sótsvörtum húmor, laus við alla pólitíska rétt-hugsun. Uppfærsla Borgarleikhússins var kraftmikil og ögrandi undir úthugsaðri leikstjórn Ólafs Egils þar sem persónur fóru aldrei stystu leið að markmiði sínu. Sigrún Edda hafði meistaraleg tök á hinni margræðu ættmóður sem notaði óhikað sjarma sinn og kynþokka til að sveigja aðra að vilja sínum. Valdbeitingin var klædd sem umhyggja, en tilfinningalegur kuldi persónunnar og andleg vannæring leyndi sér ekki í meðföllum Sigrúnar Eddu.

Í dómnefnd sátu Bryndís Loftsdóttir, Silja Björk Huludóttir og Silja Aðalsteinsdóttir



Framhald á síðu 10

RÁIN

FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK

Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601

Bókmenntir

Elín, ýmislegt – Kristín Eiríksdóttir (JPV)

Persónurnar í skáldsögunni Elín, ýmislegt má strax þekkja af handbragði höfundarins, Kristínar Eiríksdóttur, en stíleinkenni hennar skína í gegn í þessu knappa en margþætta verki. Persónurnar eru áhugaverðar og dáleiðandi, og þá sérstaklega aðalsöguhetja bókarinnar, Elín sjálf. Áferð textans er lokkandi, fínlega grótesk eða gróteskt fínleg og smám saman kemur í ljós að við sjáum ekki allan sannleikann og margt fleira liggur að baki. Elín, ýmislegt sver sig inn í höfundarverk Kristínar og lifir í huga manns löngu eftir að lestri lýkur.



Kristín Ómarsdóttir


dagsleikinn fléttast saman við hið yfirnáttúrulega og fáránlega. Minningar og draumveruleiki eru

endurtekið stef í gegnum bókina og höfundur veltir fyrir sér hvernig tíminn líður og hefur áhrif á fortíðina. Lesandinn veltir fyrir sér hvað er satt og hverju er logið – og hvort það skipti í raun einhverju máli.

Kóngulær í sýningargluggum – Kristín Ómarsdóttir (JPV)

Ljóðabók Kristínar Ómarsdóttur,

Kóngulær í sýningargluggum, er litaskrúðugur vefur mynda sem vekur upp öll skynfæri lesandans með ágengum hætti. Í ljóðunum birtist hið hversdagslega í bland við hið óhugnanlega, enda er litadýrðin ekki alltaf björt og á köflum afar skuggaleg. Ljóðbrotin í bókinni læðast aftan að okkur við lesturinn eða hrúgast yfir okkur í einni flækju og skáldið skapar þannig andrúmsloft óvissunnar, þar sem allt getur gerst, hvenær sem er og í hvaða mynd sem er.



Óratorrek: ljóð um samfélagsleg málefni – Eiríkur Örn Norðdahl (Mál og menning)

Óratorrek: ljóð um samfélagsleg málefni, er óþægilega skemmtileg og skemmtilega óþægileg bók sem sækir innihald sitt í þann flaum skoðana og viðbragða við nútímanum sem við syndum og hrærum öll í. Eiríkur Örn Norðdahl vinnur á spennandi hátt með persónulega leið til að binda mál sitt. Endurtekningar, viðsnúningar, tilbrigði og viðlög halda textunum saman, lauslega þó og textinn vinnur vel það verkefni ljóðsins að koma hreyfingu á huga lesandans og fá honum verkefni til úrlausnar. ■

Dómnefnd í bókmenntum: Þorgeir Tryggvason, Halla Þórlaug Óskarsdóttir og Guðrún Baldvinsdóttir

Handbók um minni og gleymsku – Ragnar Helgi Ólafsson (Bjartur)

Smásögur Ragnars Helga Ólafssonar í Handbók um minni og gleymsku, eru bæði grípandi og vel skrifaðar. Sögurnar kallast á með óljósum hætti, næstum eins og í draumi, þar sem hvers-



Ragnar Helgi Ólafsson



Eiríkur Örn Norðdahl

GJAFIFA VÖRUDAGAR



GJAFAVARA
20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Millilending – Jónas Reynir Gunnarsson (Partus)

Jónas Reynir Gunnarsson stimplaði sig inn með stæl 2017. Fyrir utan Leiðarvísi um þorp og verðlaunaljóðabókina Stór olúskip, kom út frumraun Jónasar Reynis í skáldsagnagerð. Millilending er verulega vel gerð, byggð og stíluð. Fyndin og nóturleg næturlífslýsing úr Reykjavík samtímans en þó einkum næm og sannfærandi uppteikning á aðalpersónu með allt á leiðinni niður um sig. Sendiferð Maríu til Íslands áður en hún flytur til pabba síns eftir skipbrot í Brighton getur aldrei farið vel en Jónas heldur á huga lesandans á lofti með skörpu inn-sæi, væntumþykju og húnur.



Jónas Reynir Gunnarsson



Fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu. Rúnar hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Elís og Sigurður, þar ásamt föður sínum. Orðsporið skiptir útfararþjónustu miklu. „Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,” segir Rúnar sem hefur 35 ára reynslu af útfararþjónustu. „Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólki við þessar aðstæður þjónustu gegn greiðslu en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni,” segir hann.

Formaður Félags íslenskra útfararstjóra
Ásamt daglegum störfum við hefðbundna útfararþjónustu er Rúnar Geirmundsson formaður Félags íslenskra

útfararstjóra. Félagið hefur verið starfrækt í yfir áratug og hefur Rúnar verið formaður þess allt frá upphafi. Aðaltilgangur félagsins er skapa vettvang til að halda utan um siðareglur útfararstjóra. „Starf mitt sem formaður felst aðallega í því að halda utan um fundastarf og framfylgja reglum og samþykktum aðalfunda. Ég sækja einnig fundi erlendis enda á félagið í talsverðum erlendum samskiptum. Siðareglur evrópskra útfararstjóra eru til að mynda grunnur íslensku siðareglanna,” segir Rúnar. Ekki er lagaleg skylda að útfararstjóra séu í félaginu en nánast allir starfandi útfararstjórar eru þó félagsmenn og hafa undirritað siðareglur félagsins.

Virðingin og alúð
Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðunum og síðan í eigin fyrirtæki. Aðspurður segist hann hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk aðhyllist eða hvort það aðhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að

hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljýja, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.

Þegar andlát ber að garði er mikilvægt að hafa samband við útfararþjónustu sem fyrst,” segir Rúnar. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest eða athafnarstjóra og síðan að tímasetja allar athafnir og bóka grafartöku eða bálför. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut að sinna en við síðum um allt er líftur

að undirbúningi og framkvæmd útfara. Til að mynda höldum við utan um öll samskipti við aðstandendur, tónlistarfólk, kirkjur, blómabúðir, kirkjugarða og alla þá sem koma að útför.”

Íslensk hönnun og handverk

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar leggur mikið upp úr því að vera með fallegar kistur á góðu verði sem standast ströngu-ustu kröfur um umhverfisvernd. Algengastar eru hinar hefðbundnu hvítu kistur en alltaf er eitthvað um að fólk vilji harðviðar kistur, til dæmis eik eða mahóni. Val á kistum getur vafist fyrir aðstandendum enda úrvalið nokkuð. „Við eigum umhverfisvænar og fallegar hefðbundnar hvítar kistur sem eru alænaastar.

en einnig töluvert úrval af viðarkistum.” Í fyrsta sinn á Íslandi hefur Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar nú látið hanna og smíða íslenskar kistur úr íslenskum við í samstarfi við Þorstein B. Jónmundsson trésmið. „Við höfum hannað sérs-taka kistu og duftker út frá hugmyndinni um íslenska kistu úr alíslenskum við til brennslu og jarðsetningar,” útskýrir Rúnar. Kisturnar eru úr við sem er unninn og þurrkaður í Hallormsstaðarskógi. „Þessi kista er mjög falleg, úr grófum við og ólökkuð eða máluð á náttúrulagan máta.”

Nánari upplýsingar er að finna á utfarir.is eða í síma 567-9110 allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórhásson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson

ÍSLENSKT HAMFARAPOPP

Einyrkjarnir sem hafa skemmt okkur með skemmturum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Hamfarapopp er hugtak sem hefur náð að festa rætur í tónlistargeiranum. Er það nefnt eftir plötu Gunnars Jökuls Hákonarsonar frá árinu 1995 og var tónlistargagnrýnandinn Arnar Eggert Thoroddsen fyrstur til að nota það. Bjánapopp hefur einnig verið notað yfir tónlistina en hana flytja nær undantekningarlaust einrykjar og yfirleitt eru plötturnar gefnar út á þeirra eigin vegum. Margir hlægja að slíkri



tónlist jafn vel þótt hún sé unnin af mikilli einlægni og að baki liggja oft harmsögur tónlistarmannanna sjálfra. DV tók saman helstu íslensku hamfarapopparana og ræddi við Dr. Gunna um þennan sérstaka geira.

Listinn hér er langt því frá tæmandi enda margir íslenskir tónlistarmenn sem hafa annaðhvort dansað á línunni eða spilað ómengað hamfarapopp. Meðal þeirra eru Geirmundur Valtysson, Hallbjörn Hjartarson, Anna Vilhjálms, Hemmi Gunn og Johnny King.

Beint frá hjartanu

Gunnar Lárus Hjálmarsson, hinn eini og sanni Dr. Gunni, er mikill áhugaður um hamfarapopp. Hefur hann starfað með nokkrum hamfarapoppurum, þar á meðal Insol og Leoncie.

Hver er skilgreiningin á hamfarapoppi?

„Það er ekki til nein ein skilgreining að ég held. Þetta er popptónlist sem er utan við meginstrauma, þykir alls ekki hipp og kúl, heldur er oft gerð af vanefnum og jafnvel vanhæfni, en er þó alltaf laus við kaldhæðni, og kemur beint frá hjartanu.“

Af hverju hefur þú áhuga á því?

„Ætli það sé ekki aðallega tilgerðarleysið sem höfðar til mín, og svo er þetta oft bara góð tónlist.“

Finnst þér þetta góð tónlist?

„Margt af því, já.“

Hver er uppáhaldshamfarapopparinn þinn?

„Ég segi Jóhann R. Kristjánsson. Hann gerði frábæra plötu árið 1984, Er eitthvað að? og fékk hraksmánarlegar viðtökur. Mér finnst

þetta hins vegar ein besta plata Íslands-sögunnar!“

Er rangt að hlægja að hamfarapoppi ef harmsaga liggur að baki?

„Ætli það fari ekki eftir því hvort hlaturinn sé kvikindislegur eða góð-látlegur.“



Dr. Gunnar. Ein besta plata Íslands flokkast sem hamfarapopp.

Guðný María Arnþórsdóttir

Guðný er nýjasta stjarnan í geiranum en hún vakti mikla athygli um páskana fyrir lag sitt, Okkar okkar páska. Fyllti hún þannig inn í tómarúm páskalaga en á þá tíð hallar verulega í tónlist gagnvart jólum.

Síðan þá hefur hún dælt út lögum og er gjarnan fengin á samkomur til þess að syngja. Má nefna lög á borð við HM lagið Lang bestasta liðið mitt, Sumarhiti og Nú fer ég í helgarfrí.

Guðný, sem hefur meðal annars starfað sem dagforeldri, segist hafa orðið fyrir einelti og hæðni eftir að lög hennar urðu vinsæl. Í viðtali við DV sagði hún að lög og myndböndin virtust ögra ímynd fólks, sérstaklega eldri kvenna. Þess vegna fengi hún leiðinlegar athugasemdir á netinu.



Guðný María. Nýstirni í hamfarapoppi.

Gylfi Ægisson

Sjóarinn siglfirski, Gylfi Ægisson, hefur lengi dansað á línu hamfarapopps en sum lög hans hafa náð miklum vinsældum. Ungur fór hann að fíkta við hljóðfæri og spilaði með hljómsveitum. Hann vakti athygli þegar hljómsveit Ingimars Eydal flutti fyrsta útgefna lagið hans, Í sól og sumaryl, árið 1972. Þremur árum síðar gaf hann út sína fyrstu sólóplötu.

Gylfi hefur sungið mikið um sjómennsku og sagt örlagasögur af fræknum köppum. Lög eins og Minning um mann og Stolt siglir fleyði mitt nutu mikilla vinsælda á sínum tíma. Sóló-

plöturnar skipta tugum og auk þess hefur hann unnið með öðrum tónlistarmönnum.

Lög Gylfa eru mörg hver spiluð á skemmtara og í næfum stíl. Má því segja að Gylfi sé hamfarapopparinn sem „meikaði það.“ Í frægum pistli sem Jón Gnarr skrifaði í Fréttablaðið segir hann: „Þegar Gylfi Ægisson spilar Heimsumból á Casio-skemmtara fyllist heimilið af hátíðarbrag.“



Framhald á síðu 14 ▶





**LOKAÐIR STURTUKLEFAR
MEÐ TOPPI, SPORNA
GEGN RAKA OG MYGLU**

Kíktu á sturta.is og
skoðaðu úrvalið
S. 856 5566




HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki


Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is



Insol. Stórpólitískur þjóðlagasöngvari.


Tónlistarmaðurinn Ingólfur Sigurðsson, sem gengur undir listamannsnafninu Insol, gaf út sín fyrstu lög árið 1998. Síðan hefur komið út fjöldi platna í þjóðlagastíl frá honum.

Stærsti smellur Insol er lagið Hvenær mun hér á Íslandi rísa stjórnumbandsstöð og leyna áhrif þjóðlagasöngvara á borð við Bob Dylan sér ekki. Insol leikur á gítar, munnhörpu og hljóm-

borð í lögum sínum auk þess að syngja.

Bankahrúnið árið 2008 var Insol mjög hugleikið og gaf hann þá út lög á borð við Bankafyllerið er búið og Borgaðu fyrir burgeisana.

Árið 2009 kom út safnplatan Hátindar með öllum bestu lögum Insol fram að því. Dr. Gunni sá um að velja lög in á plötuna.



Gissur Björn. Söngurinn var nánast óskiljanlegur.

Gissur Björn Eiríksson

Árið 2001 vakti reykvískur verkamaður athygli þegar hann gaf út plötuna The Beginning. Lög in voru sungin á ensku og platan innihélt meðal annars lög in The 3 Days of Jesus Christ and People, The Working People of Karl Marx 1819 og Learning and Living.

Undirspilið var hefðbundið skemmtarapopp en það var undarlegur söngurinn og samhengislausir textar sem vöktu athygli.

Mörgum fannst þetta bráðfyndið en Gissur var haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Hann lést aðeins 51 árs gamall árið 2008.

Leoncie. Liggur ekki á skoðunum sínum.



Leoncie

Vart þarf að kynna Leoncie, sem stundum er kölluð Indverska prinsessan eða Ískryddið, fyrir lesendum. Hún hefur skemmt Íslendingum, bæði með tónlistarflutningi og nektardansi, síðan árið 1982 þegar hún flutti hingað frá Danmörku. Upprunalega er Leoncie frá borginni Goa á vesturströnd Indlands.

Leoncie hefur verið tíður gestur á síðum dagblaða síðustu áratugi og þekkt fyrir beittar skoðanir. Hún hefur ítrekað kvartað undan kynþáttahatri og öfund margra vegna einstakra hæfileika hennar.

Lagasafn Leoncie er nú orðið gríðarlega stórt. Hún syngur yfir skemmtarapopp og hefur gefið út fjölda athyglisverðra myndbanda við lög in. Meðal vinsælustu laga hennar má nefna Come on Viktor, Engan þríkant hér og Ást á pöbbum.

Leoncie hefur nokkrum sinnum tekið þátt í undankeppni Eurovision en ekki hlotið brautargengi.



Gunnar Jökull Hákonarson

Of nefndur frumkvöðull hamfarapopsins, enda gaf hann út plötuna sem stefnan er nefnd eftir, Hamfarir frá árinu 1995. Á plötunni voru lög eins og Kaffið mitt, Bíllinn minn, Hundurinn minn og Ég elska á annan veg. Um er að ræða skelfilegt skemmtarapopp með ýmsum kjánalegum hljóðum, svo sem hundagelti. Söngurinn virðist einnig sunginn í miklu ójafnvægi og stundum æsingi. Heyrist það til dæmis vel í laginu Bíllinn minn.

Gunnar var áður merkur

tónlistarmaður, trymbill sem spilaði með sumum vinsælustu hljómsveitum landsins, Flowers og Trúbrot. Minnstu munaði að hann „meikaði“ það erlendis með hljómsveit sem nefndist Syn sem próaðist út í stórsveitina Yes.

Hamfarir var samin eftir að Gunnar veiktist alvarlega af geðsjúkdómi og lést hann nokkrum árum eftir að platan kom út. Jón Gnarr flokkaði Gunnar sem bjánapoppa á sínum tíma og lenti í stuttri ritdeilu við Egil Helgason sem kom Gunnari til varnar.



Gunnar Jökull. Konungur hamfarapopsins átti erfitt líf.

GIMLI FASTEIGNASALA



Bjóbúm uppá
fritt söliverðmat

HRAUNBÆR, 110 REYKJAVÍK
45.000.000 kr.

| | |
|----------|---------------------|
| Tegund | Fjölbýli |
| Stærð | 87,5 M ² |
| Herbergi | 2 |



Bjóbúm uppá
fritt söliverðmat

BREIÐAVÍK 11, 112 REYKJAVÍK (GRAFARVOGI)
43.500.000 kr.

| | |
|----------|--------------------|
| Tegund | Fjölbýli |
| Stærð | 109 M ² |
| Herbergi | 3 |



Bjóbúm uppá
fritt söliverðmat

LAXATUNGA 40, 270 MOSFELLSBÆR
54.900.000 kr.

| | |
|----------|--------------------|
| Tegund | Raðhús |
| Stærð | 203 M ² |
| Herbergi | 6 |

NÆSTI KAFLI HEFST HÉR

Bætt heilsa og betri líðan með
Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni



„Hreinleiki, gæði og virkni
skiptir mig miklu máli
þegar ég vel fæðubótarefni.

Þess vegna mæli ég tvímælaust
með vörum frá Natural Health
Labs.“

Helga Lind – Pilateskennari
og einkaþjálfari

Natural Health Labs
eru hrein náttúruleg bætiefni
sem innihalda hvorki
rotvarnarefni né fylliefni og
eru án allra aukaefna.

Útsölustaðir: Fæst í öllum helstu
apótekum, heilsuverslunum og
heilsuhillum stórverslana.



www.balsam.is



Samsæriskenningar flugu á opnum fundi Krásumvísingarsamtakanna

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

I vikunni héldu velunnarar Krásumvísingarsamtakanna opinn fund í húsnæði Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. Staða samtakanna er tvísýn því á dögnum var tilkynnt að styrkur ríkisins til samtakanna yrði ekki endurnýjadur. Blaðamaður DV mætti á fundinn og fylgdist með aðstandendum samtakanna henda á milli sín samsæriskenningum um annarlegar hvatir á bak við fréttalutning blaðsins. Ein þeirra var sú að DV væri að liðsinna lögmanni sem ásældist fasteign samtakanna.

Stórfé í glæsikerru

Að undanförmu hefur DV ítarlega fjallað um málefni Krásumvísingarsamtakanna og þau ýmsu mál sem hafa komið upp varðandi rekstur samnefnds meðferðarheimilis. Á síðasta ári var Krásumvísingarsamtökunum úthlutað 106 milljónum á fjárlögum. Rúmar níu milljónir fóru í glæsikerru fyrir forstöðumann meðferðarheimilisins á sama tíma og Sigurlína Davíðsdóttir, stjórnarformaður Krásumvísingarsamtakanna, hafði kvartað undan hversu lítið fé samtökin hefðu á milli handanna. Það var ekki einu sinni hægt að kaupa nagladekk fyrir bílinn sem ferjar ráðgjafa og aðra starfsmenn upp í Krásumvík. Á sama tíma voru keypt dekk fyrir þrjú hundruð þúsund undir glæsikerruna. Ótal heimildarmenn DV upplýstu að Þorgeir Ólason, forstöðumaður heimilisins, hafi átt í óeðlilegum samskiptum við kvenkyns skjólstaðinga heimilisins, jafnvel ástarsamböndum. Sigurlína Davíðsdóttir hefur staðfest það og Þorgeir var sendur í tveggja mánaða leyfi og sneri svo aftur til starfa. DV sagði einnig frá þremur öðrum starfsmönnum sem hafa átt kynferðislegt samneyti við skjólstaðinga. Einn þeirra hefur nú þegar verið kærður til lögreglu.

Á fundinum gátu áhugasamir

spurt stjórnarmeðlimi út í framtíð samtakanna og stöðuna sem komin er upp eftir að Sjúkratryggingar Íslands sögðu upp 120 milljóna króna samningi við samtökin. Um 15 manns mættu á fundinn, meðal annars fyrrverandi skjólstaðingar Krásumvísingur. Fljótlega eftir að fundurinn hófst spurði einn fundargestanna hvort Lovísa og Þorgeir myndu starfa áfram fyrir samtökin ef þeim yrði bjargað. Svareði þá einn stjórnarmanna á þá leið að allt væri óvíst í þeim málum og engin ákvörðun hafi verið tekin varðandi það. Bætti þá sami fundargesturinn við að þau sætu á þessum fundi vegna þeirra fréttanna sem DV hefði skrifað um mál efni Krásumvísingur og þau alvarlegu mál sem sviðsljósinu hefði verið beint að. „Við sitjum hérna inni út af ákveðnu máli,“ sagði fundargesturinn. Greip þá einn stjórnarmanna inn í og sagði að fréttumfjöllunin hefði ekkert að gera með þá stöðu sem samtökin væru í: „Við sitjum hérna aðallega út af því að afstaða stjórnvalda hefur breyst og það á ekkert skylt við þetta mál.“ Fundargesturinn var þá fljótur að svara og sagði: „Þessi fundir hérna væri ekki ef þetta mál hefði ekki komið upp um Krásumvík.“ Þá sagði stjórnarformaðurinn: „Þessi fundur myndi vera vegna þess að við stöndum í baráttu við stjórnvöld, það er stóra málið.“ Fundargesturinn sagði þá að bragði: „Út af hlutum sem gerðust innan Krásumvísingur.“ Svar áðurnefnds stjórnarmanns var: „Nei, nei, nei.“

Að afstaða lögfræðing út í bæ

Mikið var rætt á fundinum um fréttumfjöllun DV um Krásumvík. Á einum tímupunkti hófst umræða sem snerist um hver væri hin raunverulega ástæða fyrir skrifum DV, það hlyti að vera eitthvert markmið. Upplýsti þá einn stjórnarmanna að samtökunum hefði borist kauptilboð frá lögfræðingi úti í bæ í fasteign samtakanna.

„Er þetta einstaklingur sem langar að jarða þessa stofnun?

Mig langar að vita hvort það er eitthvað sem hangir þarna á spýtni“ spurði einn fundargesturinn. Svar eins stjórnarmanna var: „Ég er að viss um það. Það er ekkert launungarmál að það er lögfræðingur úti í bæ sem hefur langað að eignast húsið.“

Annar stjórnarmaður hélt þá umræðunni um DV áfram: „Þeir hakka á sömu vitleysunni í grein eftir grein, sem er haugalygi og vitleysa. Ég skil ekki hver hvatinn er bak við þessi skrif og ég lít á þetta einfaldlega sem mannvönsku. Þeir eru að skrifa um einhvern bíl sem átti að vera gefinn einhverjum og þannig vitleysu, þá hugsar maður hvort það sé eitthvað annað bak við þetta.“

Falleinkunn frá Landlækni

Landlæknir gerði úttekt á starfsemi og meðferð heimilisins árið 2016 og gerði nokkrar alvarlegar athugasemdir. Hálfu ári síðar fylgdi Landlæknir úttektinni eftir en þá kom í ljós að stjórnendur höfðu virt athugasemdir hans að vettugi. Það virðist þó ekki hafa haft neinar afleiðingar gagnvart Landlækni eða velferðarráðuneytinu sem veitir heimilinu fjárfraðslög. Þvert á móti, því fjárfraðslögin hafa aukist frá því úttektin var gerð. Helsta gagnrýni Landlæknis var að engir starfsmenn væru á heimilinu eftir klukkan fjögur á daginn og enginn um helgar. Afstaða stjórnenda heimilisins var og er enn sú að því fyrirkomulagi verði ekki breytt. Einnig benti Landlæknir á að það vantaði gæðahandbók og skráningarkerfi ásamt því að það vantaði fleiri heilbrigðisstarfsmenn. Á fundinum kom fram að búið væri að koma upp bæði skráningarkerfi og gæðahandbók, en ekki hafi verið hægt að fara að kröfum Landlæknis vegna annarra mála og sökum fjárskorts. Þann 31. janúar sendi Landlæknir bréf þess efnis að embættið gæti ekki sætt sig við að á Krásumvík yrði rekin heilbrigðisstofnun, þar sem samtökin uppfylltu ekki kröfur embættisins.



Lovísa Christiansen

Stóraukin fjárfraðslög ríkisins síðustu ár

Meðferðarheimilið hefur um árabíl notið framlaga frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Lengst af nam framlagið um 70 milljónum króna. Árið 2015 óskaði Sigurlína opinberlega eftir því að framlagið yrði hækkað upp í 105 milljónir, því „staðan á okkur er sú að við rétt skrimtum.“ Árið 2016 var framlagið hækkað í 106 milljónir og árið 2018 verður það 114 milljónir króna.

Samtökin keyptu í maí í fyrra stóran pallbíl sem með öllu kostaði vel á tíundu milljón króna. Kostnaðurinn nemur því tæplega 10 prósentum af því fjárfraðslagi sem samtökin njóta frá ríkinu á ári. Bíllinn var keyptur fyrir forstöðumanninn. Árið 2012 keypti Lovísa Christiansen bifreið fyrir 4,7 milljónir sem starfsmannabifreið fyrir sig, þó svo skrifstofa hennar væri eingöngu 300 metrum frá heimili hennar í Hafnarfirði.

„Ég heyrði ekki þessi ummæli“

Eftir fundinn hafði DV samband við Lovísa Christiansen vegna þeirra ummæla sem féllu á fundinum um DV og fréttalutning blaðsins. „Við höfum engar sannanir fyrir því. Við vitum af fólki

sem vill kaupa húsnæðið en það er engan veginn tengt DV það fólk,“ sagði Lovísa þegar hún var spurð út í samsæriskenninguna um lögfræðinginn. Blaðamaður minnti þá Lovísu á að einn stjórnarmanna hafi sagt þetta á fundinum. „Þessi ummæli ... hver lét þau falla? Við vitum hver hefur áhuga á að kaupa húsnæðið en það er ekkert DV. Ég heyrði ekki þessi ummæli, ég heyrði ekki þetta, ég man ekki eftir því. Ég veit ekki hvað þú ert að tala um.“ Hún sagði einnig aðspurð hvort svona ummæli væru eðlileg: „Það er náttúrulega kannski eðlilegt að fólk velti fyrir sér af hverju þið eru búnir að hafa svona rosalega mikið fyrir því koma höggi á okkur, það eru náttúrulega allir sem velja því fyrir sér.“ Blaðamaður spurði hana þá hvort það hefðu verið einhverjar rangfærslur í umfjöllun DV um málefni Krásumvísingur og svareði hún: „Við höfum ekkert rætt það og ætlum ekkert að ræða það.“ Lovísa var einnig spurð hvort það hefði verið eðlilegt að fjárfesta í bifreið fyrir um 8,5 milljónir þegar samtökin sjálf áttu í fjárhagsörðugleikum, og þótti henni ekkert óeðlilegt við það. Þegar blaðamaður spurði frekar út í bifreiðakaup samtakanna skellti Lovísa á hann. ■



HAUSTILBOÐ!

FULLKOMIN MYND · FULLKOMIÐ HLJÓÐ

FULLKOMIN UPPLIFUN!

50.000
AFSLÁTTUR



LG OLED TV

SJÓNVARP OG SOUNDBAR SAMAN Á TILBOÐI!

OLED Ultra HD Premium sjónvarp með Perfect Black, Active HDR myndtækni, Dolby Vision, webOS 4.0 netviðmóti og Magic Remote fjarstýringu með Netflix 4K hnappi ásamt 320w Soundbar með þráðlausum bassahátalara, Spotify Connect, Google Chromecast og Bluetooth tengingu.

OLED55B8 ALPHA 7 + SJ6

LG 55" OLED OG SOUNDBAR

~~329.980 KR.~~ **TILBOÐ 279.980 KR.**

OLED55C8 ALPHA 9 + SJ6

LG 55" OLED OG SOUNDBAR

~~349.980 KR.~~ **TILBOÐ 299.980 KR.**

OLED65B8 ALPHA 7 + SJ6

LG 65" OLED OG SOUNDBAR

~~499.980 KR.~~ **TILBOÐ 449.980 KR.**

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

SEGIST HAFA VERIÐ MEÐ STEFÁNI Í BÍLNUM ÞEGAR EKIÐ VAR Á GUÐMUND

■ Vitni segist hafa verið í bíl sem Guðmundur varð fyrir ■ Hefur aldrei sagt sögu sína fyrir

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjan@dv.is



„Það var kvöld og ég var próflaus og Stefán fullur að keyra. Við komum í aflíðandi brekku og bíllinn rann til. Þar stóð strákur illa klæddur og var að biðja um far. Síðan lentum við á honum.“

Hún hefur aldrei sagt sína hlið opinberlega. Vitnisburður hennar er ein af ástæðum þess að endurupptökunefnd ákvað að taka Guðmundar- og Geirfinnsmálin fyrir á ný. Eins og alþjóð veit lauk málunum í gær með sýknu. Um stór-án áfanga var að ræða en stærsta sakamáli Íslandssögunnar er hvergi nærri lokið. Ekki er enn vit- að með vissu hvað varð um Guðmund eða Geirfinn. Saga viðmælanda DV gæti hins vegar varpað ljósi á málið; þá hvað varð um Guðmund Einarsson. Guðmundur fór frá heimili sínu laugardagskvöldið 26. janúar árið 1974 og ætlaði á

dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði með nokkrum vinum sínum. Hann sást aðfaranótt sunnudagsins en til hans hefur ekki spurst síðan. Guðmundur var 18 ára gamall og bjó í foreldrahúsum. Fyrst eftir hvarf Guðmundar virt- helst vera gert ráð fyrir þeim möguleika að hann hefði orðið úti, en vitni töldu sig hafa séð hann illa til reika á Strandgötu í Hafnarfirði.

Tveir menn voru handteknir vegna málsins árið 2016, það voru þeir Sigurður Stefán Almarsson og Þórður Jóhann Eypórsson. Þórður hefur tvö mannslíf á samviskunni og Stefán er þekktur sem Malaga-fanginn. Ekki tókst að sanna að þeir tengdust málinu og var þeim sleppt. Stefán og viðmælandi DV voru í sambúð í þrjú ár.

Þann 26. janúar 1974 sat hún í bíl með Stefáni kærasta sínum og Þórði á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. Konan segir að bíllinn hafi endað á stráknum sem hafi legið kylliflatur.

„Stefán fór út og ég var beðin um að fara aftur í og hann var tekinn inn í bílinn. Þeir töluðust lítillega við en ég heyrði voðalega lítið hvað þeim fór á milli.“

Segir konan að andrúmsloftið í bílnum hafi breyst. Hún ákvað að hafa sig hæga þar sem hún óttað- ist Stefán stundum þegar hann var undir áhrifum. Stefán var heillandi og góður í upphafi sambands þeirra. Hún hafði misst bróður sinni og Stefán var bjargvættur sem hjálpaði henni að takast á við sorgina. En þegar hann drakk breyttist hann í aðra manneskju. Hún lýsir honum eins og Jekyll og Hyde.

„Hann var oft mjög góður við mig en svo sá ég illsku í honum, jafnvel þótt hann væri ekki að drekka. Hann stal stundum frá vinum sínum, sem mér fannst ljótt. Í byrjun sambandsins tók ég ekki eftir þessu, en líklega var ég blind.“

Hún segir að Stefán hafi skutl- að henni að heimili þeirra en hafi ætlað að koma piltinum til síns heima. Hún kveðst viss um að þetta hafi verið Guðmundur og eftir því sem tíminn leið hafi hún sannfærst um að Stefán tengdist málinu.

Ef þetta var Guðmundur, sagði hann eitthvað á leiðinni?

„Nei, það var eins og hann væri dottandi. Ég sá bara vangann á honum og hárið. Hann horfði einu sinni aftur í og mér brá mikið því það er eins og hann vissi að eitthvað slæmt myndi gerast. Það er svipur sem ég gleymi aldrei.“

Daginn eftir var bíllinn kominn inn í bílskúr. Segir konan að Stefán hafi dregið grænan segldúk yfir bílinn. Þar var bíllinn svo næstu þrjú daga. Segir fyrrverandi sam- býliskona Stefáns að hann hafi síðan fengið sér bíl af sömu tegund en í öðrum lit. Henni hafi síðan verið stranglega bannað að koma nálægt bílskúrnum.

„Ég man að í eitt skipti kíkti ég inn um gluggann á bílskúrnum en skyndilega var sparkað í mig og spurt hver djöfulinn ég væri að gera. Þá voru Stefán og Þórður allt í einu mættir. Ég hef hugsað eftir á að kannski hafi hann dáið í bílnum. Kannski var hann í bílnum á þessari stundu. Kannski var hann þarna í þrjú sólarhringa.“

Hún segir að Stefán hafi verið á nálum á þessum tíma. Alltaf verið að spyrja um ferðir hennar og við hverja hún væri að tala. Sakar hún Stefán um að hafa einangrað hana en að lokum náði hún að flýja frá honum.

Var þetta óviljaverk, þegar hann ók á manninn?

„Já, já, en það er auðvitað ekkert óviljaverk að maðurinn hverfi. Það er alveg hræðilegt að foreldrar og ættingjar viti ekkert, að barnið manns hverfi. Í mínu hjarta er það óskiljanleg grimmd. Ef Stefán ber ábyrgð á dauða Guðmundar, eins og mig hefur alltaf grunað, þá held ég að hann hafi aldrei náð sér.“

Fór með honum á lögreglustöð Þegar konan leitaði til lögreglu árið 2014 greindi hún frá því að þegar

Sigurður Stefán Almarsson



hún var um 17 ára gömul hafi hún farið með Stefáni niður á lögreglu- stöð í Borgartúni. Þar hittu þau tvo lögreglumenn, þá Sigurbjörn Eggert Víðisson og Örn Höskuldsson.

„Þar sagði Stefán lögreglu- mönnunum frá því að Sævar, Kristján og Erla tengdust ávísana- falsi tengt símanum. Hann sagði þeim líka að Sævar og Kristján gætu látið menn hverfa og hann gæti sagt þeim frá ýmsum manns- hvörfum. Á móti vildi hann að þeir milduðu yfir honum dóm sem hann átti von á, þá var hann að fara inn í fyrsta skipti. Þá hugsaði ég, hann er örugglega að tala um Guðmund.“

Viðurkendi Stefán að hafa orðið Guðmundi að bana?

„Hann gerði það aldrei beint, en hann sagði að ég mætti aldrei tala við nokkurn mann um þetta kvöld?“

Stefán játar


Stefán hefur játað fyrir tveimur manneskjum að hafa orðið Guð- mundi að bana. Það gerði hann bæði í samtali við Sigurstein Más- son og einnig Erlu Bolladóttur. Hann harðneitaði hins vegar að hafa sagt við lögreglu á sínum tíma að þremmenningarnir tengdust mannhvörfunum. Vitnisburður sem mögulega varð til þess að sak- lausir einstaklingar fengu þunga dóma.

Þegar DV ræddi við Erlu Bolla- dóttur staðfesti hún að hafa farið til fundar við Stefán og þar sagðist hann hafa verið á staðnum þegar Guðmundur Einarsson lést. Frá- sögn mannsins var sama frásögn og Erlu var gert að undirrita eftir langar og strangar yfirheyrslur hjá lögreglunni.

Þegar jarðarför Sævars Marínós Ciesielski fór fram í Dómkirkjunni árið 2016 var Stefán með mikla há- reysti í jarðarförinni og grét hástöf- um. Töldu þeir sem þekkja vel til málsins að hann hafi verið sakbit- inn vegna þess að hafa bent á Sævar og sagt að hann tengdist málinu á fundinum hjá lögreglunni 1975. Fyrrverandi sambýliskona hans tekur undir það.

„Þess vegna hefur hann grátið svona mikið þegar Sævar fór í gröf- ina með þetta á bakinu,“ segir kon- an. En hvað varð til þess að hún ákvað loks að stíga fram?

„Ég var logandi hrædd. Ég var aldrei alveg viss en ég vissi að ég yrði að segja frá þessu kvöldi. Ég var alltaf efins en ég veit að þetta



Þórður Jóhann Eypórsson

gerðist þetta kvöld og ég varð að horfast í augu við þetta. Ég var alltaf með kvíðahnút og loks tókst mér að segja þessa sögu, hvort sem hún er að fullu rétt eða ekki. Loks eru þyngslin í hjartanu farin,“ segir konan og bætir við: „Mig dreymdi þennan Guðmund nóttina áður en ég fór til lögreglunnar. Mig dreymdi að hann bæði mömmu sína að jarða sig í hvítu jakkafötun- um sínum.“

Enginn vissi neitt

Hún segir að enginn í fjölskyldunni hafi vitað sögu hennar öll þessi ár. Hún hafði aldrei rætt um það sem gerðist. Eftir að hún greindi frá því sem hún vissi árið 2014 fékk hún neyðarhnaup hjá lögreglu og var með hann heilt sumar.

„Ég var alltaf hrædd. Ég varð alltaf að fara út með hundinn, kíkti alltaf í kringum mig áður en ég fór út,“ segir konan og bætir við að sími hennar hafi verið hleraður.

„Þeir spurðu Stefán hvort hann hefði heyrt eitthvað í mér og hann sagði nei. Þá sögðu þeir að það væri nú einkennilegt „þar sem það væri til upptaka þar sem þú hótadur að drepa hana vegna þess að hún væri búin að kjafta frá.“ Hverju átti ég að kjafta frá? Þetta gerðist og þetta er það sem ég veit.

Hefur þú heyrt frá Stefáni?

„Nei, og veistu, ég held að það sé löngu dáin í honum sálin. Fyrir mér segir það alla söguna að hann hafi þurft að víkja úr kirkjunni þegar Sævar var jarðaður. Sam- viskubitið yfir að hafa látið allt þetta fólk sitja saklaust inni.“ ■

HITTU OKKUR Á FACEBOOK # / REKKJAN

Royal Alexa

30% AFSLÁTTU

ROYAL ALEXA Á 30% AFSLÆTTI

Frábært heilsurúm með tvöföldu pokagormakerfi, fimmsvæða skiptu, mjúkum topp ásamt botni og fótum.

30% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN

| | | |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Stærð 140X200 cm 139.955 kr. 12.476 kr.* á mánuði með kreditkortaleni Fullt verð 199.935 kr. | Stærð 160X200 cm 158.019 kr. 14.034 kr.* á mánuði með kreditkortaleni Fullt verð 225.741 kr. | Stærð 180X200 cm 188.336 kr. 16.649 kr.* á mánuði með kreditkortaleni Fullt verð 269.051 kr. |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

Langar þig í betri svefn, vakna úthvöld/ur og tilbúin í daginn?

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortaleni**. Einnig hægt að greiða með Netgö.

**Mánuði við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald

LION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Sandkorn



Fáfróð Elfa Yr

Falsfréttir á íslensku um ágæti Bitcoin fara nú eins og eldur í sinu um netheima. Fjölmiðlar hafa vakið athygli á málinu enda ber að upplýsa almenn- ing um slíkar svikamyllur og hefur DV margsinnis flutt fréttir af falsfréttum á íslensku þar sem þjóðþekktir einstaklingar koma við sögu. RÚV ræddi við **Elfu Yri Gylfadóttur**, framkvæmdastjóra Fjölmiðlanefndar, um málið á miðvikudag. Fjölmiðlanefnd á að hafa eftirlit með falsfréttum og hefur Elfa Yr sjálf tekið þátt í pallborðsumræðum um falsfréttir. Því vakti það óneitanlega athygli þegar hún sagði í samtali við RÚV að hún hefði aldrei fyrr séð falsfréttir á íslensku. Það má því fullyrða að einhver fáfræði sé á ferð hjá Elfu Yri og Fjölmiðlanefndinni.

Daðrað við Pawel

Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, og **Ragnhildur Alda M. Vilhjálmssdóttir**, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, mættust í útvarpsviðtali fyrir skemmstu. Umræðuefnið var Borgarlínan sem var eitt helsta hitamál fyrir kosningar en lítill ágreiningur virðist nú vera um.



Voru þau meira og minna sam- mála um efnið en ósammála um orðalag.

Það sem vakti athygli var hversu alúðlegt við- talið var þar sem Ragnhildur virtist daðra við Pawel. Sagði hún til dæmis að Pawel hefði aðstoðað hana í jómfrúar- ræðunni. Ragnhildur sagðist eftir við- talið hafa biðlað til Pawels að „hætta þessu Viðreisnarrugli“ og koma aftur heim. Henni varð þó ekki að ósk sinni. „Hann sagði nei og hjólaði á brott á fagurbláa hjólinu sínu.“

Íslenska drauga og forynjur á hrekkjavöku!

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



I gegnum tíðina hefur október alltaf verið ömurlegur mánuður. Eini ljósi punkturinn er sá að ég á afmæli í október en að öðru leyti er brauðstritið í hámarki og frekar langt í adventuna. Það var þó áður en dásamlegur en ævafornt kelt- neskur síður hóf innreið sína inn í íslenskt samfélag, hrekkjavakan. Skyndilega er 31. október orðinn einn skemmtilegasti dagur ársins, að minnsta kosti á mínu heimili.

Því miður hafa margir horn í síðu hrekkjavökkunnar. Ein ástæða er sú að vissulega höfum við einhvers konar hrekkjavökuílgildi í öskudeginum okkar en því miður erum við búin að klúðra þeim degi gjörsamlega með því að afnema öskupokamenninguna. Það þarf

að draga einhvern til ábyrgðar fyrir það!

Veigameiri ástæða er líklega sú að Bandaríkjamenn hafa tekið þessari hátíð fagnandi og gert hana heimsfræga. Margir eru á þeirri skoðun fátt gott komi úr vestri. Þegar kemur að hátíðarhöldum þá ganga Bandaríkjamenn oftast en ekki alla leið og því hafa útskorin grasker, köngulær og afturgöngur orðið táknmyndir hátíðarinnar sem og sá síður að ganga á milli húsa og krefja íbúa um sælgæti ellegar verða fórnarlömb útsmog- inna hrekkja. Þessum síð hafa verið gerð rækileg skil í hinum ýmsu kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Þetta er bandarísk lágmenning eins og hún er best og áhrifin eru greinileg á hvernig Íslendingar fagna hátíðinni.

Að mínu mati erum við þó að missa af frábæru tækifæri til þess að rifja upp íslenskar þjóðsögur



og fræða börnin okkar á skemmti- legan hátt. Það er nefnilega þannig að það eru til ógrynnin öll af ís- lenskum sögum um drauga og forynjur. Fyrr á árum voru þessir draugar á hvers manns vörum en núna er líklegra að börn og ung- lingar þekki allar ofurhetjur Mar- vel-heimsins með nafni frekar en hrollvekjandi sögu djárnans á Myrká, hrikaleg örlög Miklubæjar- Sólveigar og angist Runkhúsa- Gunnu.

Ég held því að hægt sé að ná þjóðarsátt um að blása í herlúðra varðandi markaðsetningu á íslenskum hryllingi á hrekkjavökkunni. Ís- lenskir frumkvöðlar þurfa bara að vaða í verkið og jafnvel gæti hið opinbera styrkt verkefnið að ein- hverju leyti. Peningum hefur að minnsta kosti verið dælt í margt vitlausara til þess að freista þess að vernda íslenska menningu og tungu.

Þegar hrekkjavökkunni var fagnað í fyrra gekk ég með krökkunum mínum upp að húsi einu í Garðabæ þar sem einhvers konar vélknúin fuglahræða með graskershöfuð gargaði á okkur: „Grikk eða gott“ á enskri tungu. Krökkunum fannst þetta mjög skemmtilegt en sjálfur hefði ég svo gjarnan viljað sjá dökkklædda veru segja með með drungalegri röddu: „Máninn liður, dauðinn ríður; sérðu ekki hvítan blett í hnacka mínum, Garún, Garún?“ ■



„En afhverju ætti skjólstaðingur minn að stela kynlífsdúkkunni í stærðinni Medium, þegar hann á eina í XL heima?“

Spurning vikunnar

Hvaða lag viltu að verði spilað í jarðarförinni þinni?



„Lagid hans Vilhjálm, Söknuður“

Margrét Konráðsdóttir



„Stone in Focus með Aphex Twin“

Steinar Fjeldsted



„Það er negrasálmur, ég man ekki hvað hann heitir“

Sveinbjörn Björnsson



„Ég hef ekki spád í það“

Silja Brá Guðlaugsdóttir



ÚRVALIÐ ER HJÁ **prima**



Samúð með persónunum. „Þegar þú er barn eða unglingur þá ætlar þú ekkert að verða dópisti, glæpamaður eða handrúkkari.“

Ari Alexander gekk með líkfundarmálið í maganum í fjórtán ár

■ Móðir frá Síberíu ■ Leikstýrir kvikmynd um líkfundarmálið ■ Föðurmissirinn olli gremju ■ Átti ósýnilegan vin

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Í október verður kvikmyndin Undir halastjörnu frumsýnd. Hún er byggð á líkfundarmálinu svokallaða frá árinu 2004 sem öll þjóðin fylgdist með. Myndin er fyrsta leikna kvikmynd Ara Alexanders Ergis Magnússonar í fullri lengd en hann hefur lengi starfað við kvikmyndagerð, myndlist og fleira. DV ræddi við Ara um myndina, föðurmissirinn og Síberíu en þaðan fluttist móðir hans til Íslands á sjöunda áratugnum.

Afi dó á vígvellinum

Það styttist í frumsýningardag og leikstjórinn hefur í mörgu að snúast. Hann þarf að vinna sér til Norðs í lokafrágang á hljóðvinnslu því allt þarf að vera fullkomið þegar stóri dagurinn rennur upp. Við erum stödd á heimili hans í

miðbæ Reykjavíkur í snoturri íbúð með mörgum listmunum. Listin hefur fylgt Ara alla tíð og bæði foreldrar hans og systkini haft sitt viðurværi af sköpun.

Æska Ara og uppruni hefur mótað hann alla tíð. Hann er alinn upp í leikarafjölskyldu, þriðja barn Magnúsar Jónssonar og Kjuregej Alexöndru Argunova sem kemur frá Rússlandi.

„Mamma kemur frá Jakútíu í norðausturhluta Síberíu,“ segir Ari. „Hún missti föður sinn ung. Afi var einn af þeim sem var sendur á vígvöllinn í stríðinu þegar Þjóðverjar réðust inn í Sovétríkin og kom aldrei til baka. Hann var aðeins 27 ára gamall þegar hann féll í Úkraínu. Stríðið var mikil blóðtaka fyrir landið og 27 milljónir sem týndu lífi. Ungir strákar úr veiðimannasamfélögum á borð við Jakútíu voru óspart settir í fremstu víglínu og notaðir sem

byssufóður.“

Snemma kom í ljós að Kjuregej hafði hæfileika á listasviðinu og vann hún hæfileikakeppni í sinni heimaborg. Í Sovétríkjunum var ætlast til þess að hæfileikafólk gengi menntavegin og sneri til baka til að auðga sína heimabyggð. Hún fór því með Síberíuhraðlestinni vestur til höfuðborgarinnar Moskvu, margra daga ferðalag, til þess að innritast í háskólanám.

„Ég hef oft farið á heimaslóðir mömmu og tekið upp nokkrar myndir þar. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þessari bak sögu hennar. Í háskólanum í Moskvu kynntist hún Magnúsi, föður mínum, sem var þá í kvikmynda- og leikstjórnarnámi. Hún var í leiklistarnámi en þau bjuggu á sömu hæð á mörg hundruð manna háskólagörðum. Þar var fjöldi skemmtilegs hæfileika-

fólks og einn daginn fékk hann hana til að strauja skyrtu fyrir sig fyrir skólaball og þau felldu hugi saman.“

Magnús og Kjuregej giftust, bjuggu saman í nokkur ár í Moskvu og eignuðust þar sitt fyrsta barn. Árið 1966 fluttu þau til Íslands en það gekk þó ekki vandræðalaust.

„Þau kláruðu sitt nám í Moskvu en pabbi missti trúna á sovéska kerfinu. Það reyndist hins vegar nokkuð erfitt fyrir mömmu að fá fararleyfi því það var ætlast til þess að hún nýtti sitt nám heima. En það gekk eftir og ég er fæddur á Íslandi.“

Öðruvísi fjölskylda

Ari fæddist árið 1968 og ólst upp í Vogahverfinu í Reykjavík.

„Kristján Davíðsson myndlistarmaður bjó í götunni fyrir neðan mig og sem barn lá maður á glugganum á vinnustofu hans,

hann var rammgöldróttur líkt og Thor Vilhjálmsson rithöfundur sem bjó tveimur götum fyrir ofan mig. Maður skynjaði sköpunarkraftinn og ég bar mikla virðingu fyrir þeim. Síðar á námsárum mínum í París varð Thor einn af mínum nánustu vinum enda var hann þar með annan fótinn. Sannarlega sakna ég samvista okkar og er með stóra mynd af honum í eldhúsinu hjá mér, þannig að Thor er aldrei langt undan.“

Eins og gefur að skilja umgengust foreldrar Ara marga listamenn og annað skapandi fólk og ávallt var eitthvað á seyði. Faðir hans var mikill vinur Ragnars Arnalds, Úlfs Hjörvar, Brynju Benediktsdóttur, Jökuls Jakobssonar, Þórhildar Þórleifsdóttur, Styrmis Gunnarssonar, Vigdísar Finnbogadóttur, Atla Heimis, Guðrúnar Ásmundsdóttur og Ara Jósefssonar ljóðskálds, sem Ari er nefndur eftir. List var haldið

„Kallað var á lækni og síðan kom sjúkrabíll og tók hana og við bróðir minn stóðum þarna agndofa, engin talaði við okkur.“

að systkinunum, teikningu, tónlist og fleira og því ekki undarlegt að Ari hafi fundið sinn farveg í sköpun.

„Þetta þótti óvenjulegt heimili miðað við heimili skólasystkina minna. Það var alltaf mikið í gangi, mamma og pabbi töluðu alltaf rússnesku sín á milli og við systkinin vorum asísk í útliti eins og mamma, en það var mjög sjaldgæft í Reykjavík á þessum tíma. Það var oft mikið fjör á heimilinu og þess vegna stungum ég og eldri bróðir minn oft af til ömmu minnar, Ragnheiðar Möller, eftir skóla og um helgar. Mér fannst alltaf mikil vernd í því. Hún var með stórt og mikið hjarta, elskaði okkur óendanlega líkt og við hana og hún fór með okkur á endalausa menningarviðburði, frá ungverskum ljóðalestri í Háskólabíói á Superman.“

Hvernig barn varst þú?

„Ég var mjög fjörugur. Eyvindur Erlendsson, leikstjóri og vinur pabba, sagði fyrir mörgum árum að hægt hefði verið að sjá skóförin í loftinu eftir mig, lætin og hamangangurinn væri slíkur að hann skildi ekkert í þolinmæði föður míns gagnvart náttúruafinu í barninu. Ætli maður hefði ekki verið settur á lyf í dag og kominn með einhverjar greiningar,“ segir Ari og brosir. „Ég var uppátækjasamur og ævintýragjarn.“




Þú minnst á asíska útlitið. Lentir þú einhvern tímann í forðumum vegna þess?

„Ég upplifi mig alltaf svolítið eins og útlending, alls staðar. Þegar ég var yngri var alltaf sagt við mig að ég hlyti að vera útlendingur og ég spurður hvaðan ég væri því ég talaði svo góða íslensku. Þegar ég svaraði Síberíu þá vissi enginn hvar það var. Ég hef aldrei lent í alvarlegu einelti en þurfti oft að hlusta á rasistaathugasemdir sem ég leiddi mismikið hjá mér. Ég var stór fyrir minn aldur og var fljótur að svara fyrir mig. Síðan var systir mín sætasta stelpan í hverfinu og allir strákarnir voru skotnir í henni,“ segir Ari og brosir. „Það var vernd í því. En ég fann alltaf fyrir því að vera öðruvísi, þessi skrýtna skrúfa, og það herti mig. Á unglingsárunum hjálpaði það nú að vera svolítið öðruvísi,“ segir hann kíminn á svip.

Missti ömmu og pabba á sviplekan hátt

Ari segir að vegna þess fjörs sem fylgdi listamannslífinu hafi foreldrar hans á endanum skilið. Nokkru seinna, þann 4. febrúar árið 1979, þegar Ari var aðeins ellefu ára gamall, missti hann Ragnheiði, ömmu sína, á sviplekan hátt.

„Við vorum á amerískri kvikmyndahátíð á Hótel Loftleidum, við bróðir minn, sem var tólf ára, og amma. Við sátum þar á veitingastaðnum og vorum að borða þegar hún fékk skyndilega hjartaslag og lést fyrir framan okkur, á gólfinu,“ segir Ari meyr. „Kallað var á lækni og síðan kom sjúkrabíll og tók hana og við bróðir minn stóðum þarna agndofa, engin talaði við okkur. Allt í einu sagði einhver maður: voru ekki þessir drengir



með henni? og hann keyrði okkur heim. „Þetta fékk mjög á mig. Ég var ekki aðeins að missa ömmu mína heldur minn besta vin.“

Ellefu mánuðum síðar dundi annað áfall yfir. Eftir skilnaðinn flutti faðir hans til Bandaríkjanna en hann ætlaði þá að skipta um starfsvettvang og snúa sér að sálfræði. Hann var við framhaldsnám ytra þegar hann féll frá eftir hjartaáfall aðeins 41 árs gamall.

„Hann hafði fengið vægt áfall skömmu áður og lækarnir voru búnir að segja honum að slaka á. En hann var mikill orkubolti og gat það ekki. Svo dó hann bara, var brenndur og fluttur heim í krukku.“

Þetta hefur verið erfður tími?

„Já, þetta var í fyrsta skipti sem ég upplifði það að fólk gæti farið úr þessari veröld. Það var áfallið og síðan var ekkert unnið með þetta. Ég man eftir að mamma faðmaði mig en svona hlutir voru ekkert ræddir á þessum tíma, þetta var bara grátið út í koddanum. Það var fleira í gangi á þessum tíma. Mamma hafði kynnst öðrum manni sem ég kunní ekki vel við og við höfðum flutt til Árósa í Danmörku. Eitt kvöldið í desember kom skeyti heim til okkar, mamma var með leikhóp úti á landi og við systkinin ein heima. Skeytið kom frá Friðriki Páli, föðurbróður mínum, og það hann mömmu um að hringja strax því alvarlegir atburðir hefðu átt sér stað. Það var engin sími á heimilinu þannig að við fórum út í símaklefa til að hringja og Friðrik Páll þurfti að tilkynna okkur að pabbi hefði dáið í Bandaríkjunum.“

Ósýnilegi vinurinn og Erró

Þegar Ari var barn átti hann ósýnilegan vin í kjallaranum heima hjá sér. Hann sagði Ragnheiði ömmu sinni frá þessum vini sínum og hún tók því mjög rólega en af

miklum áhuga og spurði mig hvað hann myndi gera.

„Ég sagði henni að hann væri geimfari og hún svaraði: já, er hann það? og leyfði ímyndaraflí mínu að þenjast út í ystu æsar um

hver hann væri og hvaðan hann kæmi.“

Ragnheiður fór með Ara mörgum árum seinna á listsýningu Errós á Kjarvalsstöðum, árið 1978, þar sem hann sýndi verk úr geimfaraseriunni sinni og Ari tengdi þetta strax við sinn ósýnilega vin.

„Þarna kom þetta saman, ég tengdi svo sterkt við þetta því þarna var alheimurinn minn. Þessi geimfarasýning var því eins konar uppljómun og ég ▶

BÓKHALD

- Bókhald
- Launavinnsla
- Afstemmingar
- Árshlutauppgjör
- Ársreikningar
- Virðisaukaskattsskil

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

PARABAKKA 3
S. 578 6800



Móðurættin Stór fjölskylda í Jakútíu.

„Aðrir töluðu um allt hræðilega vonda fólkið í Rússlandi en ég þekkti ekkert nema hlýjuna, ástina og umhyggjuna.“

tilkynnti ömmu það formlega að ég vildi verða myndlistarmaður eins og Erró. Aldrei hef ég verið eins hrifinn af sýningu nokkurs manns, hvorki fyrir né síðar.“

Rúmum tíu árum síðar, þegar Ari var myndlistarnemandi í París, hittu hann Erró í fyrsta skipti fyrir tilviljun.

„Ég var nýkominn til Parísar og sat á kaffihúsi með vinkonu minni þegar Erró gekk fram hjá glugganum og ég hljóp út á eftir honum. Ég kynnti mig, sagði honum söguna og að það væri honum að þakka að ég væri í myndlistarnámi. Spurði

hann hvort ég mætti heimsækja hann á vinnustofuna og hann tók því vel. Vinátta okkar þróaðist, ég skrifaði lokaritgerð um hann í listasögu og hann var fyrsti maðurinn til að mæta á sýningar hjá mér. Seinna meir gerði ég heimildamynd um hann og það er alltaf mitt fyrsta verk að fara til hans þegar ég kem til Parísar,“ segir Ari sem augljóslega hlýnar um hjartaræturnar.

Lítur þú á Erró sem fyrirmynd, læriföður eða eitthvað álíka?

„Meira, hann er hin fullkomna fyrirmynd. Hann er svo hlý manneskja og fylginn sjálfum sér, listsköpun sinni og engan þekki ég sem er jafn vinnusamur. Maður er alltaf að leita að pabba sínum þegar maður missir hann svona ungur og einhvern veginn hef ég náð djúpum samskiptum við mér eldri listamenn líkt og Erró, Thor Vilhjálmsson og Sigurð Guðmundsson.“



Kynntist fátækt og glæpum í Danmörku

Lífið umbreyttist á unglingsárunum. Ari hafði misst bæði ömmu sína og föður, hann var í nýju landi, með nýjan kærasta móður sinnar, sem hann fyrirleit fyrir drykkju, ofbeldi og aumingjaskap. Hann segist hafa sjálfur breyst sem persóna á þessum árum.

„Ég myndi ekki segja að ég hafi verið beinlínis vondur en ég hlustaði ekki á fólk í kringum mig og fór mínar eigin leiðir. Ég var ekki auðveldur. Til dæmis þegar ég smakka-

ði áfengi í fyrsta skiptið þá endaði það í slagsmálum og látum. Það var mikil gremja sem braust út. Ég var ósáttur og ákvað snemma að verða sjálfs míns herra.“

En þessi tími þegar sem fjölskyldan bjó í Danmörku var einnig lærdómsríkur og augu Ara opnuðust fyrir heimi sem hann þekkti ekki áður. Þau bjuggu í úthverfi Aarhus sem nefnist Brabrand þar sem töluvert var um fátækt og glæpi.

„Ég kynntist strák þarna, Róberti, sem var sonur afbrotamanns sem hafði verið í fangelsi. Á því heimili, sem var lítil félagsleg íbúð, var varla til neitt að borða og Róbert borðaði kornflexið með vatni af því að það var ekki til mjólk. Ég sá raunverulega fátækt í fyrsta skipti og fólk sem átti samfélagslega mjög erfitt. Strákurinn átti erfitt í skólanum og var byrjaður að leiðast út í smáglæpi en við vorum góðir vinir og ég fann til með þessu fólk. Við tengdumst líka vel í reiðinni, hann út af aðstæðum sínum og ég út af föðumissinum.“

Hafði þetta mótandi áhrif á þig?

„Já, en á jákvæðan hátt. Ég fékk áhuga á þeim sem eru minni máttar. Hvernig fólk kemst af í gegnum tilveruna.“

Fyrsta hárgreiðsluverkefnið var Ungfrú Íslands

Þegar Ari var fimmtán ára flutti fjölskyldan aftur til Íslands. Þá var Ari farinn að líta á sig sem fullorðinn mann og líf hans tók óvænta stefnu. Í starfsnámi í núnda bekk sótti hann um að læra hjá ljósmyndara. En við hliðina á ljósmyndastofunni var hárgreiðslustofa Báru Kemp og einn daginn sá hann að þar var verið að greiða keppendum fyrir keppnina Ungfrú Ísland. Hann heillaðist svo að hann bað um að fara þangað í starfsnám.

„Bára tók því vel og mér líkaði svo vel að þegar skólinn var búinn mætti ég til hennar og tilkynnti henni að ég ætlaði að fá vinnu þarna.“

Var þetta svona skemmtilegt?
„Já, ég var handlaginn en ég heillaðist af félagskapnum þarna. Þetta var stór stofa og þangað komu konur á öllum aldri. Ég var alltaf að leita að hlýju frá einhverjum eldri, foreldrahljú, og fann hana vissulega á hárgreiðslustofunni. Ég hef alltaf átt auðvelt með að tengjast eldra fólk.“

Ari starfaði á stofunni samfara námi í Iðnskólanum. Fyrsti kúnninn sem hann klippti var Anna Margrét Jónsdóttir, sem var þá nýorðin Ungfrú Ísland.

Varstu ekkert smeykur að fá svo stórt fyrsta verkefni?

„Ég var ekkert hræddur við það,“ segir Ari og hlær. „Aldrei hef ég verið með verkkvíða og Bára gaf mér mjög frjálsar hendur og ég fór að hafa mikinn áhuga á tísku. Þetta var heimur sem ég gat flúið inn í. Ég lít á Báru sem aðra móður mína og fer enn til hennar í klippingu.“

Heimildamynd um Breiðavíkurdrengina

Ari fór tvítugur til Parísar, fyrst til að læra frönsku í Sorbonne en innritaðist síðan í amerískan listaháskóla í myndlistardeild í Parsons School of Design og útskrifaðist þaðan með BFA 1996. Einnig ferðaðist hann mikið um Rússland og austurblokkina á þeim árum.

Síðan þá hefur hann unnið að myndlist og kvikmyndagerð, aðallega heimilda- og stuttmyndagerð. Hann hefur einnig fengið við að tengja saman viðskiptalífið og listir, stjórnaði Gallery GAMMA með Jóni Proppé í mörg ár og er tengiliður við listamenn hjá fyrirtækjum á borð við Alvogen og World Class. Í tengslum við störf sín ferðast hann um víða veröld ▶

ÞÚ FÆRÐ MYNDVARPANN HJÁ OKKUR



FERIS

rekkjan

HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

30% AFSLÁTTUR

HAUSTVEISLA

Rekkjunnar er hafin

30% AFSLÁTTUR

Royal Alexa
30% AFSLÁTTUR

Frábært heilsurúm með tvöföldu pokagormakerfi, fimmsvæða skiptu, mjúkum topp ásamt botni og fótum.

TAKMARKAÐ MAGN

Aðeins **12.476 kr.***



Stærð 140X200 cm

139.955 kr.

12.476 kr.* á mánuði með kredikortaláni

Fullt verð 199.935 kr.

Aðeins **14.034 kr.***



Stærð 160X200 cm

158.019 kr.

14.034 kr.* á mánuði með kredikortaláni

Fullt verð 225.741 kr.

Aðeins **16.649 kr.***



Stærð 180X200 cm

188.336 kr.

16.649 kr.* á mánuði með kredikortaláni

Fullt verð 269.051 kr.

Langar þig í betri svefn, vakna úthvöld/ur og tilbúin í daginn?


Royal Corinna

Millistíft fimm svæða skipt gæða heilsurúm með pokagorma kerfi

30% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR



Stærð 140 cm

77.898 kr.

Fullt verð 111.283 kr.

Aðeins **7.132 kr.** á mánuði*

30% AFSLÁTTUR



Stærð 160 cm

98.726 kr.

Fullt verð 141.037 kr.

Aðeins **8.932 kr.** á mánuði*

30% AFSLÁTTUR



Stærð 180 cm

121.737 kr.

Fullt verð 173.910 kr.

Aðeins **10.905 kr.** á mánuði*

*12 mánaða vaxtalaus kredikortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

**Miðað við 12 mánaða vaxtalausán raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjald



Síberíuferðin Módur Ara siglir á Lenu-fjótí.

Það er kannski einn fjölskyldumeðlimur fastur í þessum heimi og dregur alla vini og fjölskylduna ofan í svarthol

og kynnist alls konar fólki.

„Ég hef verið mjög forvitinn og er óhræddur við að taka af skarid“, segir Ari. „Ég hef fengist við ýmislegt. Til dæmis eftir að ég hætti hjá Báru fór ég að skúra gólf á sumrin á Kleppsspítala, samhliða Parísar-námi mínu, síðan vann ég sem næturvörður með námi til að redda mér. Það kemur enginn annar til að sjá um mig og því hef ég tekið það að mér að vera skemmtanastjóri í lífi mínu. Eftir að ég fór að skapa list fann ég að ég gat farið að velja mér samstarfsfólk og ákveða hvernig ég myndi haga mínum ferli. Þá fann ég mig sérstaklega vel í gerð heimildamynda. Þegar ég starfa við það sem ég hef áhuga á er ég einnig að mennta sjálfan mig og vonandi aðra.“

Ari hefur gert fjölda mynda, til dæmis heimildamyndir um Erró, Sigurð Guðmundsson, Yoko Ono, Magnús Blöndal og Jórunni Viðar. Stærstu verkefni fram að þessu hafa verið myndirnar Gargandi snilld, sem hann gerði með Sigurjóni Sighvatssyni, sem fjallar um íslensku tónlistarsenuna með Björk og Sigur Rós í broddi fylkingar, og Syndir feðranna, söguna af drengjunum í Breiðavík sem vakti mikla athygli í þjóðfélaginu.

Dagblöðin höfðu áður fjallað um mál Breiðavíkurdrengjanna sem voru beittir miklu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi um margra ára skeið. En mynd Ara í samvinnu við Bergstein Björgúlfsson sýndi þá sjálfa segja frá þessu og féllu þá mörg tár, bæði hjá áhorfendum og á skjánum.

Ari sat í stjórn Breiðavíkursamtakanna í mörg ár og fékk

Ragnar Aðalsteinnsson lögfræðing til liðs við sig ásamt Sigurði Gísla Pálmasyni til að loka fjármögnun myndarinnar og saman breyttu þeir landslögum.

„Af hverju átti þetta óréttlæti sér stað í þessu samfélagi sem við búum í? Ég hafði áhuga á að vita það og var að leita skýringa á því. Af hverju þurfti þetta að vera svona? Þetta var ekki eina málið af þessum toga sem ég vildi varpa ljósi á. Til dæmis vildi ég gera heimildamynd um geðhvarfasýki strax eftir Breiðavíkurmýndina en það reyndist erfitt að fjármagna það verkefni, allt hefur sinn tíma og það mun koma að því að ég nái slíkri mynd saman.“


Er þetta þín köllun?

„Ekki beint köllun en þetta hefur einhvern veginn komið til mín og ætli Róbert danski æskuvinnur minn eigi nú ekki stóran þátt í þessu öllu saman.“

Líkfundarmálið stakk rosalega

Undir halastjórn, sem ber titilinn Mihkel á erlendum tungumálum, verður frumsýnd í október en hún er fyrsta leikna kvikmynd Ara í fullri lengd. Myndin er byggð á lögreglumáli frá 2004 sem í daglegu tali er kallað líkfundarmálið. Lík ungs manns fannst í höfninni í Neskaupstað og um tíma ríkti algjör óvissa um hver maðurinn hefði verið. Síðar kom í ljós að iðrin voru full af eiturlyfjum og rannsókn lögreglu beindist að þremur mönnum sem höfðu staðið að fíkniefnainnflutningi. Ari segir að þetta verkefni hafi komið úr óvæntri átt.

„Ég hef aldrei haft áhuga á lögregludrama. Kvótann af því fyllti



Vann hjá Báru Kemp. „Ég var alltaf að leita að hlýju frá einhverjum eldri, foreldrahlýju, og fann hana vissulega á hárgreislustofunni.“

ég með því að horfa á Derrick sem unglingur. Síðan hafa þessar sögur verið sagðar í sjónvarpinu, yfirleitt alltaf á sama máta. Góðir lögreglumenn elta vonda glæpamenn. Þegar ég bjó í Danmörku sá ég krakka sem voru uppskriftir að glæpamönnum framtíðarinnar og þessi heimur er ekki svartur og hvítur.“

Af hverju ákvaðst þú að gera mynd um þetta mál?

„Það byrjaði um leið og þetta var að gerast. Á þessum tíma var ég að gefa út Gargandi snilld með Sigurjóni Sighvatssyni framleiðanda og við vorum boðaðir í þáttinn Ísland í dag hjá Stöð 2. Þá var þessi sprengja í samfélaginu í tengslum við þetta mál þar sem þessi Lithái fannst í höfninni. Þetta var ekkert ósvipuð fjölmiðlaathygli og í hinu hrikalega sorglega máli Birnu Brjánsdóttur í fyrra. Mér fannst þetta svo sorglegt og þekkti Eyrstrasalts-

löndin og austurblokkina vel. Við Sigurjón sátum fyrir útsendinguna og ræddum þetta og á móti okkur sat einn af sakborningunum sem neitaði öllu. Hann fór þá að ræða við okkur og þvertók fyrir þetta allt saman.“

Ari og Sigurjón ræddu um sína mynd í þættinum og einn af sakborningunum kom í innslaginu á eftir þeim. Ari bað Sigurjón að biða þar sem hann varð að fá að fylgjast með þessu baksviði, þar sem þáttarstjórnandinn gekk á hann.

„Ég spurði Sigurjón hvort það væri ekki hægt að gera eitthvað með þetta og fór að hugsa um alls konar vinkla á málinu. Það sem mér fannst einna áhuga-verðast við þetta var að einn sakborninganna og harður nagli, hafi farið heim til mömmu sinnar þegar allt var komið í óefni. Þetta var kunnuglegt stef í minni fjölskyldu. Yngri bróðir minn hafði leiðst út í óreglu, neyslu og eignast

mjög óheppilega vini og faldi sig í kjallaranum hjá henni þegar allt var komið í óefni hjá honum. Ég þekkti margt af þessum strákum og margir af þeim eru nú löngu farnir. Einn af mínum nánu vinum lést úr ofneyslu eiturlyfja. Ég hafði skrifað alls kyns handrit í gegnum tíðina en aldrei neitt tengt dópi eða glæpum af þessum toga, hafði ekki haft áhuga á því. En þetta mál stakk mig alveg rosalega.“

Hefur samúð með persónunum

Ari fór að skoða þetta mál nánar í samstarfi við Kristín Hrafnsson blaðamann og þá einkum bakgrunn leikendanna. Þeir settu sig í samband við móður Vaidasar, mannsins sem lést, í Litháen.

„Hennar saga snerti mig mikið. Hún vildi vitaskuld fá barnið sitt heim en íslenska ríkið vildi ekki borga fyrir flutninginn á líkinu þannig að hann var brenndur og sendur til hennar í krukku. ▶

SÉRHÆÐ Í EL RASO

ÍBÚÐ Í VILLAMARTIN

VERÐ FRÁ € 136,000

FÁÐU SENDAN BÆKLING Í TÖLVUPÓSTI OG KYNNTU ÞÉR HVAÐ ER Í BOÐI Á COSTA BLANCA Á SPÁNI

VERÐ FRÁ € 128,000

HAFÐU SAMBAND 555 0366
MASAICELAND@GMAIL.COM
JÓN BJARNI & JÓNAS

MD VÉLAR

WM Kompensator A/S
Expansion joints

Solé Diesel

MITSUBISHI MARINE ENGINE
Partner for sales & services

pj woodward
CONTROLS & INJECTION SYSTEMS
Business Partner

pj diesel
ENGINEERING
Business Partner

VULKAN

MEPRODUCTION

CENTA

FINNOY
FINNOY GEAR & PROPELLER AS

TIO B.V.

Oetlinghaus

HEINDAL
PROPULSION NORWAY AS

HUNDESTED | PROPELLER AS

MACDUFF Shipyards Group

WALTER

**SÖLU- OG ÞJÓNUSTUADÍLAR
FYRIR ÚTGERÐINA**

Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | www.mdvelar.is

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp

- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfriú stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



Öðruvísi heimili. „Það var oft mikið fjór á heimilinu og þess vegna stungum ég og eldri bróðir minn oft af til ömmu minnar.“

Þetta fannst mér eitthvað svo andstyggilegt,“ segir Ari með fyrirliðningartón. „Þegar þú er barn eða unglingur þá ætlar þú ekkert að verða dópisti, glæpamaður eða handrukari.“

Hefur þú samúð með þessum persónum?

„Já. Mér fannst vegið að þessu fólki og fór að hugsa: Af hverju má ekki segja svona sögu frá mannlegu hliðinni? Það er kannski einn fjölskyldumeðlimur fastur í þessum heimi og dregur alla vini og fjölskylduna ofan í svarthol. Ég vildi segja frá einhverju meira en aðeins lögreglurannsókninni og framvindu málsins. Það eru áhrifin á fjölskyldurnar og sér í lagi foreldra Vaidasar og hinna strákanna, og einnig þeirra sjálfra. Það ætlaði sér enginn að sitja uppi með dauðan mann í húsinu, en ég er ekki að réttlæta gerðir þeirra.“

Upprunalega var hugmynd Ara að gera heimildamynd um málið en en síðan þróaðist það út í að verða að leikinni kvikmynd. Handritið var til árið 2007 en eftir bankahrunið ári síðar voru úthlutanir Kvikmyndasjóðs helmingaðar og verkefnið sat lengi á hakanum. Árið 2012 kviknaði hugmyndin á ný, handritið var endurskrifað og árið 2016 hófust tökurnar loks.

Hversu nákvæmlega ferð þú eftir sögunni?

„Ég tek mér mikið skáldaleyfi en atburðarásin er nokkurn veginn sannsöguleg nema það að myndin byrjar í Eistlandi 1991 þegar þeir eru börn og sjá í sjónvarpinu að Ísland er fyrst allra ríkja til að viðurkenna sjálfstæði þeirra. Þannig flakka ég einnig í tíma þegar aðalpersóna myndarinnar byrjar að veikjast, förum aftur í æskuna. Ég skoðaði gögnin og ræddi við Arnar Jensson, sem stýrði rannsókn málsins, Svein Andra, verjanda í málinu, og fleiri sem höfðu aðkomu að málinu. En ég vildi halda ákveðinni fjarlægð við málið engu að síður og breytti því sögu-sviðinu og nöfnum. Ég nota Eistland en ekki Litháen. Síðan tókum við upp senur á Djúpavogi en ekki Neskaupstað þar sem ég þekki Djúpavog betur og handritið var

að miklu leyti skrifað þar.“

Með aðalhlutverk myndarinnar fara íslensku leikararnir Tómas Lemarquis og Atli Rafn Sigurðsson og hinir eistnesku Paaru Oja og Kaspar Velberg. Framleiðendur eru Friðrik Þór Friðriksson, Leifur Dagfinnsson og Kristinn Þórðarson hjá True North. Ari segir að tökurnar hafi gengið vonum fram- ar enda hafi undirbúningurinn verið mikill og nákvæmur. Hann sé þó smámunasamur og sé sífellt að laga eitthvað til.

„Að sjá mynd fæðast er alltaf spennandi. Við heimsfrumsýnum á kvikmyndahátíðinni í Busan í Suður-Kóreu 6. október, for- sýning á Íslandi 10. október fyrir samstarfsfólk, fjölmiðla, vini og fjölskyldur, 12. október fer hún í almenna sýningu á Íslandi, við erum í keppni í Varsjá í Póllandi 16. október og Tallinn í Eistlandi 18. október, til að nefna það sem stendur okkur næst.“

Með mömmu í Síberíuhradlestinni

Hjá kvikmyndagerðarmönnum lýkur fæðingu eins verks aldrei án þess að önnur meðganga sé hafin. Ari er með nokkur járn í eldinum, þar á meðal heimildamynd um tengsl Íslands, Rússlands og Síberíu sem ber vinnuheit, Þráður að rót. Margra ára verkefni um Kristján Guðmundsson myndlistarmann og leikna kvikmynd í fullri lengd eftir stuttsögu Guðbergs Bergssonar, sem heitir Missir.

„Síðan er ég nýkominn frá Síberíu með mömmu. Ég hef verið að skoða sögu Rússlands og hvernig það tengist Íslandi. Einnig hvort tenging milli Síberíu og Íslands sé yfirleitt til staðar.“

Hvernig er þessi staður?

„Eins og að fara á aðra plánetu í jákvæðum skilningi. Þarna er svakalegur kuldi á veturna og svakalegur hiti á sumrin. Jakútía er sú borg þar sem hefur mælt mestur kuldi á jörðinni, um sjötíu gráða frost. Þetta er mikið iðnaðarsvæði, gas, olía og stærstu demantanámur landsins. Miðborg höfuðstaðarins er nýmóðins en ef maður fer í úthverfin og út fyrir

borgina er maður kominn langt aftur í tímann. Þetta er fjölþjóðasamfélag. Þarna eru bæði frumbyggjarnir, Jakútar, og svo fólk frá Norður-Rússlandi, Suður-Rússlandi og fleiri stöðum sem fluttist út af iðnaðinum á Sovéttímanum en síðan voru nú keisararnir og Stalín duglegir að senda þangað hugsjóna- og menntafólk í bland við smákrimma sem þeir töldu vera óæskilegt fólk í útleið og höfðu þeir góð áhrif á samfélagið.“

Ari, móðir hans, Katrín Þorvaldsdóttir uppáhaldsvinkona, Ýr Þrastardóttir, kærasta, ásamt Tómasi Erni tókumanni fóru með lestinni austur, í öfuga átt við leiðina sem hún fór meira en sextíu árum áður til Moskvu. Á leiðinni sagði hún okkur ótrúlegar sögur af stöðum og fólki.

„Mamma á systkini og stóra fjölskyldu þarna. Þegar nánasta fjölskyldan hittist á móti voru það um 180 manns.“

Hvernig fólk er þetta?

„Þetta er hjartahlýtt fólk og ég finn sterka tengingu við náttúruna í gegnum það. Þegar ég kom þangað fyrst fyrir meira en þrjátíu árum var ég yfir mig hrifinn og síðan höfum við mamma farið margo. Það er erfitt að lýsa þessu í orðum því þetta er sérstakur staður, þú verður að upplifa hann. Við Íslendingar þekjum þennan stað ekki. Það Rússland sem birtist okkur í fjölmiðlum er aðeins Evrópuhlutinn. Rússland er ellefu tímabelti og þar af er spannar Síbería nú.“

Lítur þú á þig sem Jakúta?

„Fyrst og fremst er ég Íslendingur en ég á þennan uppruna í gegnum mömmu sem mér þykir vænt um. Ég hef fylgst vel með Rússlandi síðan ég var smástrákur og séð það þróast úr Sovétríkjunum yfir í nútímann. Mér hefur alltaf litist ofsalega vel á land og þjóð og fundist það fá ósanngjarna umfjöllun hér heima og á Vesturlöndum. Þegar ég var barn man ég eftir að aðrir töluðu um allt hræðilega vonda fólkið í Rússlandi en ég þekkti ekkert nema hlýjuna, ástina og umhyggjuna.“ ■

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu hágæða SCHMIDT innréttingar, sérsniðnar að þínum óskum og þörfum.

Þjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

Parki
INTERIORS

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Íslensk framleiðsla

28. september 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sværissón / agustb@dv.is

VÍK PRJÓNSDÓTTIR:

Framúrskarandi hönnun úr íslensku ullinni

Vík Prjónsdóttir er hönnunarfyrtæki sem var stofnað árið 2005 og er í eigu þriggja hönnuða, Guðfinnu Mjallar Magnúsdóttur, Brynhildar Pálsdóttur og Þuríðar Sigurþórsdóttur. Vík Prjónsdóttir hefur alltaf haft að leiðarljósi að vinna vörur sínar úr íslensku ull og notast við íslenska framleiðslu.

„Árið 2005 var íslenska ullin ekki í tisku og Farmers Market var einmitt stofnað þetta ár. Ullariðnaðurinn og ullarframleiðslan hefur stórukist frá þessum tíma. Okkar framleiðandi er Glófi sem er með verksmíðju í Ármúla og það eru kannski ekki margir sem vita að í Múlahverfinu í miðri Reykjavík er rekin stórglæsileg og öflug ullarverksmíðja,” segir Guðfinna Mjöll.

Ýmsar vörur frá Vík Prjónsdóttur hafa fest sig í sessi á löngum tíma og má kalla klassískar. Má þar nefna Verndarhendur, afskaplega fallega og stóra trefla með hendur í báða enda. Vængteppi og Vængtreflar eru líka mjög þekktar vörur frá Vík Prjónsdóttur.

„Hjá okkur var það alltaf meginforsenda að vinna með íslensku ullina og íslenska framleiðslu. Það hefur kostað sitt en við höfum haldið okkur við þetta lykilprinsipp okkar,” segir Guðfinna en vörur fyrirtækisins eru mjög vinsælar bæði meðal erlendra ferðamanna og Íslendinga. „Okkar markhópur eru allir þeirra hafa áhuga á framúrskarandi

og sérstakri hönnun sem sker sig úr,” segir Guðfinna.

Vík Prjónsdóttir hefur ávallt leitað mikið í náttúruna og vængteppin eru til að mynda innblásin af ólíkum fuglum eins og hrafn, æðarkóngi og páfagauk. Vík hefur einnig sótt í þjóðsögur, til dæmis Kópurinn okkar sem vísar í þjóðsögu um selshaminn. Kópurinn er skemmtileg flik sem börn smeygja sér í en hann var notaður í aðal kynningarefni á sýningunni Century of the Child sem stóð yfir í Victoria Albert Museum í London í allt sumar.

Vörurnar frá Vík Prjónsdóttur eru seldar í verslunum Epal, í Kringlunni, Hörpu, Laugavegi 70 og Skeifunni 6. Það eru bestu staðirnir til að skoða þessa fallegu hönnun. Sjá nánar á epal.is.



Century of the Child

Nordic Design for Children
1900 to Today

30 March – 2 September 2018

You and your family are invited
to a private view on

Wednesday 28 March 2018
18.30–20.30

RSVP by
Monday 19 March to
replymoc@vam.ac.uk

Please bring this invitation with you

V&A Museum of Childhood
Cambridge Heath Road
London
E2 9PA

This exhibition was created by Museum Vardalorum, Sweden,
in collaboration with Designmuseum Danmark and Design Museum Helsinki.
The V&A Museum of Childhood has adapted the original exhibition
for the Museum's family audience.

In partnership with

DESIGN MUSEUM
DANMARK

design museum

Vík Prjónsdóttir, The Holyoak, 2006, Marini Thomasson & Vík Prjónsdóttir





VATNSNES YARN:

Handlitað garn

Síðan ég opnaði Vatnsnes Yarn hefur mér ekki gefist eins mikill tími til að þrjóna og ég hefði kos-
ið, það hefur varla verið laus sekúnda síðan ég opnaði, en ég reyni samt að komast yfir tíma hér og þar til að njóta þess að þrjóna," segir Kristín.

„Samsetning lita hefur lengi átt hug minn allan, ég er vefhönnuður að mennt og starfa einnig við það, vann sem blómaskreytir um árabíl, þannig að ég hef mikið til verið að vinna með liti og litasamsetningar, sem er gott því það er mér mjög náttúrulegt.“

Kristín flytur inn fjölbreytt úrval af garni undir nafninu Vatnsnes Yarn, sem síðan er handlitað eftir kúnstarinnar reglum, en liturinn á tilbúinni hespu er bæði vatns- og ljósfastur. Garnið sem flutt er inn er sérvalið frá bændum sem bera hag dýra, jarðar og manneskja fyrir brjósti og allt garnið er unnið á náttúruvænna máta, bæði af framleiðendum og af Kristínu.

„Fyrst þrjónaði ég alltaf úr íslensku ullinni. Ég er mjög hrifin af henni, en ég er ekki minna hrifin af bandi sem í er mjúk merínóull, eða einhver undraverð blanda af merínóull, alpakkauull, kasmírull, silki, hör, breskri ull, mohair og jafnvel bambus.“

Litunin fer fram í smáu upplagi, hver hespa fær mikla ást og athygli en það er partur af því að uppfylla markmiðið með þessu, sem er að hanna liti og litasamsetningar og koma þeim í form á garni og færa þannig þrjónurum og heklurum einstakan gæðaeftirvæðing í næsta verkefni," segir Kristín. Handlitað garn er mjög vinsælt í dag.

Kristín er einnig í samstarfi við íslenska textilhönnuði og segir samstarfið gefa mikinn innblástur. „Meiriháttar að sjá fullbúna flik þrjónaða eða heklada úr garni frá mér," segir Kristín.

Nýjasta verkefnið er adventudagatal sem í er uppskrift að sjali eftir Eddu Lilju Guðmundsdóttur, garn í sjalið og eitt og annað óvænt, eigandinn fær síðan glöðning úr dagatalinu á hverjum adventusunnudegi og á aðfangadag og endar vonandi á því að hafa þrjónað fallett sjal í desember og jafnvel sitthvað fleira úr innihaldinu.

Á vefsíðu Vatnsnes Yarn má sjá vöruúrvalið. Pantanir eru sendar hvert

sem er, en ef þú býrð eða starfar í pósthúmi 530, þá er fri heimsending. „Það er auðvitað vegna þess að ég bý á svæðinu," segir Kristín.

Allar upplýsingar má finna á vefsíðu Vatnsnes Yarn og einnig á Instagram og Facebook.



1000 ÁRA SVEITAPORP:

Ferskar kartöflur í umhverfisvænum umbúðum

Petta er óneitanlega hugsjón enda er ekki nóg að hafa bara plastlausan september. Við þurfum að gera meira, gera allt sem við getum til að minnka notkun á einnota plastumbúðum," segir Ársæll Markússon, eigandi fyrirtækisins 1000 ára sveitaporp sem selur ferskar kartöflur í umhverfisvænum pappírsumbúðum.


„Ég er búinn að vera í kartöflum frá því ég var pínulítil patti og í gegnum tíðina hef ég séð hvað plastnotkun hefur aukist gríðarlega. Ég spurði sjálfan mig hvernig gæti ég breytt nærumhverfi mínu til að sporna við þessu og svarið var sérvaldar og handþakkaðar kartöflur í fallægum, umhverfisvænum umbúðum," segir Ársæll.

Kalla má 1000 ára sveitaporp fjölskyldufyrirtæki en Ársæll, sem er alinn upp við kartöfluræktun í Þykkvabænum, starfar einn í fyrirtækinu en nýtur aðstoðar foreldra

sinna sem eru gamalgrónir kartöfluræktendur. Ársæll er 32 ára gamall, menntaður matreiðslumaður og hefur starfað í Bandaríkjunum, Frakklandi og Danmörku.

„Síðan kom ég heim og þá var gott að leita aftur til upprunans, komast með hendurnar aftur í jörðina, í gróður moldina," segir Ársæll, en fyrirtækið var í raun stofnað utan um nýja kjötafurf sem Ársæll hefur þróað og ber heitið Skræður. Skræðurnar koma á markaðinn síðar í haust og segjum við þá betur frá þeim.

Kartöflurnar í umhverfisvænu pappírsumbúðunum frá 1000 ára sveitaporpi eru til sölu í verslunum Krónunnar, Melabúðinni og Nóatúns. „Vonandi fylgja aðrar búðir þeirra fordæmi. Því fólk verður að hafa val í sínu nærumhverfi til jákvæðra breytinga," segir Ársæll að lokum. Þeir sem kaupa þær fá góðar og ferskar kartöflur um leið og þeir stuðla að minni plastnotkun á Íslandi.





Við höldum okkur við það að bjóða upp á fallega matargjafavöru sem fólk getur gefið í tækifærisgjafir í staðinn fyrir hina klassisku vínflösku. Vörurnar eru í boði í fallegum umbúðum, bæði litlum fyrir tækifærisgjafir og stærri fyrir heimili eða fyrirtæki. Einnig getum við boðið upp á sérmerkingar sem er sérstaklega gaman fyrir t.d. gjafir í brúðkaupum eða fyrir fyrirtæki sem vilja gefa upplýsingarnar um sig í öðru formi en hinu klassíska nafnspjaldi," segir Guðbjörg Lára Sigurðardóttir hjá fyrirtækinu Urta Islandica.

Einkunnarorð fyrirtækisins er „Sælkeravörur úr íslenskri náttúru“ og eru vörurnar vinsælar bæði hjá erlendum ferðamönnum og Íslendingum.


„Við sérhæfum okkur í íslenskum jurtum og berjum. Síðan framleiðum við íslensk jurtakryddsölt þar sem við blöndum berjunum og jurtunum við saltið. Þetta er allt handtint og pakkað. Við erum sem sagt með jurtakryddsölt, síróp, sultur, kex og jurtate – og nær vörulínan okkar yfir 200 vörutegundir. Það nýjasta er framleiðsla á sírópi úr íslenskum jarðsjón fyrstu afurðirnar úr þeirri línu eru

væntanlegar,” segir Lára.

Urta Islandica er með starfsstöðvar á þremur stöðum og selur vörur sínar í verslanir úti um allt land. Auk þess er vefverslun á síðunni urta.is þar sem jafnframt má fræðast um fyrirtækið og vörurnar. Urta Islandica er eka fjölskyldufyrirtæki en stofnendur eru hjónin Þóra Þórisdóttir og Sigurður Magnússon. Á heimili þeirra hjóna að Austurgötu 47 í Hafnarfirði var fyrirtækið stofnað og þar er ennþá tilraunaeldhús, skrifstofa og verslun. Lára dóttir þeirra sér um markaðsmál og hönnun en bræður hennar tveir starfa við framleiðsluna. Þá eru einnig fimm aðrir starfsmenn í Urta-fjölskyldunni.

„Við erum með flotta framleiðsluáðstöðu að Básvegi 10 í Reykjanesbæ og þar getur fólk fengið að horfa inn í framleiðsluferlið jafnframt því að skoða vöruúrvalið í verslun okkar á staðnum. Verslunin og framleiðslan á Básvegi gengur undir nafninu Sjóbúð, en þar eru framleidd öll okkar jurtakryddsölt, jurtasíróp, sultur og þar erum við einnig með okkar eigin borholu með íslenskum matvælavottuðum jarðsjón.“

Önnur framleiðslustöð er síðan að



Hafnarbraut 11 á Höfn í Hornafirði, í gömlu sundlaug Hornfirðinga, þar fer fram öll jurtavinnsla og framleiðsla á jurtatei.

Fyrirtæki í sífelldri þróun

„Við höfum þróast mikið í kringum ferðamannastrauminn en undanfarið höfum við verið að vinna okkur í átt að útflutningi og það er næsta skref,” segir Lára. Hún segir frá því að sírópið frá

Urta Islandica sé mjög vinsælt í matvælaframleiðslu og á veitingastaði, t.d. í kokteila, skyr og íssósar.

„Jurtakryddsaltið er vinsælasta afurð Urta Islandica í dag, þá má nefna hið sívinsæla Black Lava-salt, sem fer vel og lítur glæsilega út með öllum mat. Vörulínurnar okkar eru fjölbreyttar og það ættu allir geta fundið sitt uppahald. Fyrirtækið er í stanslausri þróun og búast má við spennandi nýjungum frá því í framtíðinni.

Sjá nánar á urta.is.





LÉTTITÆKNI LÉTTIR STÖRFIN OG EYKUR AFKÖSTIN:

„Hjálpartæki atvinnulífsins“

Betur vinnur vit en strit“ er eitt af slagorðum fyrirtækisins Léttitækni enda sérhæfir fyrirtækið sig í léttitækjum og öðrum búnaði sem sparar sporin við dagleg störf. Innan þessa sviðs er starfsemin gífurlega fjölbreytt.

Léttitækni smíðar staðlaða handvagna og handtrillur en auk þess er stór hluti framleiðslunnar sérsmíði sem viðskiptavinir óska eftir og oftar en ekki hönnuð í samstarfi viðskiptavinar og starfsmanna Léttitækni.

„Við leggjum mikla áherslu á persónulega þjónustu og ráðgjöf, við komum á staðinn, greinum þörfina og gerum föst verðtilboð,“ segir Peturína Laufey Jakobsdóttir, vanalega kölluð Peta, í stuttu spjalli við DV. Margir þurfa á hjálpartækjum að halda til þess að léttu sér dagleg störf, jafnt einstaklingar og fyrirtæki. Það er þægilegt að þurfa ekki að finna út hvernig búnað mann vantar heldur einfaldlega leggja sín mál á borðið hjá fagfólki, fá upplýsingar um hárréttan búnað og nákvæmlega hvað hann kostar.

Innflutningur er stór hluti starfseminar og er Léttitækni í samstarfi við mjög færa framleiðendur víðs vegar um heimin. Helstu flokkar innflutnings eru:

- Brettarekkar og aðrar léttari hillur fyrir allar stærðir af lagerum
- Stálskápar, bæði starfsmannaskápar og munaskápar
- Hjól af öllum stærðum og gerðum
- Plastbox
- Ýmsir vagnar og handtrillur
- Rafmagns stigaklifrari frá Austurríki, flytur fólk, fólk í hjólastólum og vörur upp stiga
- Stigar og tröppur
- Vinnustólar
- Vinnulyftur
- Lyftuborð
- Minni lyftarar og léttlyftur
- Brettatjakkar í ýmsum útgáfum
- Hágæða verkstæðisvörur framleiddar í Danmörku



Framundan eru breytingar á húsnæðismálum hjá Léttitækni, verslunin í Reykjavík hefur verið á Stórhöfða 27 síðan 2002 en í desember nk. munum við flytja að Lambhagavegi 13. Nýtt og stærra húsnæði verður mikil breyting og er mikil tilhlökkun vegna flutninganna. Við höldum okkar striki á Blönduósi en þar er framleiðslan og stór hluti lagersins.

Alls eru átta stöðugildi hjá Léttitækni sem er sannkallað fjölskyldufyrirtæki. Jakob Jóhann Jónsson stofnaði fyrirtækið árið 1995 og er hann enn framkvæmdastjóri þess. Synir hans tveir starfa hjá fyrirtækinu og dóttir hans Peta er skrifstofu- og starfsmannastjóri.

„Léttitækni hefur komið víða við á 23 starfsárum og viðskiptavinir gífulega margir og traustir, okkar markmið er að bjóða upp á vandaðar vörur og góða þjónustu sem skilar sér í ánægðum viðskiptavinum sem koma aftur og aftur. Það er mjög algengt að koma inn í fyrirtæki og sjá vörur frá Léttitækni, ég er búin að vinna hjá Léttitækni í 22 ár og þekki vörurnar okkar vel,“ segir Peta.

Það er ástæða til að hvetja fólk til að skoða úrvalið á vefsíðunni lettitaekni.is, koma í verslunina að Stórhöfða 27 (Lambhagavegur 13) eða kíkja á starfseminu á Blönduósi. Símanúmerin hjá Léttitækni eru 452-4442 og 567-6955 og netfang lettitaekni@lettitaekni.is.





ÞÓRA BJÖRK SCHRAM:

Vöruhönnun innblásin af íslenskri náttúrufegurð

Þóra Björk Schram hefur fengist við listsköpum meirihluta ævi sinnar en á síðustu árum hefur sköpunarkraftur hennar fengið sífellt meiri útrás í fallegum nytjahlutum, til dæmis veggskúlptúrum, stólkollum með fögrum sessum, rekaviðarkollum með sessum í saudalitum og litríkum púðum.

„Ég fæst við málverkið og vatnslitina inni á milli en ég er textilhönnuður að mennt og stefndi alltaf leynt og ljóst að iðnhönnun eða vöruhönnun,“ segir Þóra Björk sem lærði í Bandaríkjunum auk þess að ljúka textílnámi frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Yfirfærslan í vöruhönnun tók mikinn kipp fyrir örfáum árum þegar Þóra Björk komst í stærri vinnuáðstöðu: „Ég var með vinnustofu á Korpúlfsstöðum í átta ár og var þar í dásamlegu umhverfi. En ég flutti mig um sett í Gufunes fyrir þremur árum. Ég fékk þar stóra vinnustofu í nýja lista- og kvikmyndaborpinu sem er að risa þar. Þá fór ég að geta vikkað út vinnuna og gert mun stærri og meira krefjandi hluti,“ segir Þóra Björk.

Íslensk náttúra – þetta fagra og smáa

„Ég sæki innblásturinn fyrst og fremst í íslenska náttúru. Tek gjarnan myndir af plöntum og það heillar mig að reyna að gefa þessum litlu blómum og jurtum rödd – til dæmis blóðgeldinga-svona jurtsem okkur djámosa, bergi og hnappi, um



hættir til að ganga yfir án þess að taka eftir,“ segir Þóra Björk.

Þóra Björk hefur átt í gefandi samstarfi við húsgagnahönnuðinn Ólaf Þór Erlendsson um hönnun á stólkollum undir merkinu SPOT Iceland. Þóra Björk hannar sessur á kollana: „Ég nota þarna íslensku ullina sem ég læt lita og spinna fyrir mig áður en hún er nýtt í sessurnar. Ég útfæri mínar hugmyndir í lit og formi af íslenskum plöntum og þegar ég er búin að finna plöntuna gef ég henni gps-punktinn, nákvæma staðsetningu þar sem ég fékk innblásturinn – og þær upplýsingar fylgja SPOT kollinum.“

Þóra Björk er einnig þekkt fyrir mjög fallega púða sem hún hannar. „Við púðagerðina er ég alveg í núvitundinni og það er gott að fara í þá til að hvíla sig á öðru – ég kemst alveg í trans.“

Auk þess hannar Þóra Björk hljóðskúlptúra, vegg- og gólfteppi sem tengjast sama efni auk þess að mála og taka ljósmyndir.

Mæltu þér mót við listamanninn

Nánar má skoða list og hönnun Þóru Björk á Facebook, Þóra Björk Design, SPOT Iceland og thorabjorkdesign.is. Til að þreifa á verkunum og hugsanlega kaupa eða leggja inn pöntun er gott að mæla sér mót við Þóru Björk í galleríi hennar að Vatnsstíg 3. Er þá fyrst hringt í listamanninn í síma 822-7510. Samtalið getur síðan þróast með þeim hætti að farið er með Þóru Björk upp í vinnustofu hennar í Gufunesi.

Sjá einnig Instagram-síðu Þóru Björk: <https://www.instagram.com/thorabjorkdesign/>.



Hringur úr línunni Maya eftir Evu (Eva Jewellery)



RÓTGRÓIÐ FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI

fjölbreytt íslensk skartgripahönnun

Petta er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem leggur áherslu á mikla þjónustu. Mikið úrval af íslenski skartgripahönnun er líka aðalsmerki okkar. Við fórum að auka mjög úrvalið af íslenski hönnun í kringum 2009 en hún tók einmitt að blómstra á þeim tíma," segir Unnur Eir Björnsdóttir hjá Meba. Unnur er gullsmiður og hannar sjálf marga af þeim fallegu skartgripum sem Meba er með. Systir hennar, Eva Björnsdóttir, hannar einnig gripi í verslunum fyrirtækisins en einnig koma margir aðrir íslenskir gullsmiðir við sögu með sin verk.

„Hver og einn hönnuður hefur sinn persónulega stíl og samanlagt er þetta mjög breitt úrval af ólíkum skartgripum," segir Unnur og bætir við að verðbilið sé mjög breitt. „Það hefur alltaf verið

okkar áhersla að bjóða á upp á vörur á mjög breiðu verðbili þannig að allir geta fundið eitthvað við hæfi hjá okkur, sama hver fjárráðin eða tilefnið eru."


Meba á sér afar merka sögu en fyrirtækið fagnaði 70 ára afmæli í fyrra. Í dag eru verslanirnar tvær, önnur í Kringlunni en hin í Smáralind. Fyrirtækið var hins vegar stofnað á Barónsstígnum árið 1947 og hefur

smiðir og stofnaði afinn fyrirtækið. Hét það upphaflega Magnús E. Baldvinsson – Úr og skartgripir, en við flutning fyrirtækisins í Kringluna var tekið upp nafnið Meba, það er sett saman úr nöfnum þáverandi aðaleigenda, afa og föður Unnar, þeirra Magnúsar Baldvinssonar og Björns Árna Ágústssonar.

Íslensk hönnun, góð þjónusta og breitt úrval eru helstu aðalsmerki Meba. „Á verkstæði okkar eru gullsmiðir, úrsmiðir og áletrunarþjónusta og reynum við að uppfylla óskir viðskiptavina okkar eins vel og við getum," segir

Unnur.

Á myndum sem fylgja greininni má sjá nokkur sýnishorn af fjölbreyttri, íslenski skartgripahönnun frá Meba.



Armband úr línunni Hrim eftir asa iceland.

einnig í langri sögu sinni verið til húsa við Laugaveg.

Bæði afi og faðir Unnar voru úr-



Hálsmenn úr línunni Unicorn frá By Lovisa



Eyrnalokkar úr línunni Fuglar eftir SEB



Stjörnumerki eftir Sif Jakobs



Hálsmen úr línunni Bauja eftir Unni Eir



Armbönd úr línunni Flétta eftir Orra Finn



RB RÚM:

Vönduð verðlaunaframleiðsla og yfir 70 ára reynsla

RB rúm hafa fært mörgum kynslóðum Íslendinga betri svefn, vellíðan og fallett umhverfi því fyrirtækið hefur verið starfandi í 73 ár, var stofnað árið 1943. Stofnandinn, Ragnar Björnsson, húsgagnabólstrari úr Hafnarfirði, hefði orðið 100 ára þann 30. ágúst síðastliðinn en hann lést árið 2004. Frá upphafi hefur fyrirtækið haft gæði að leiðarljósi og fylgt þar háleitum viðmiðum. Gott dæmi um orðspor og góð vinnubrögð RB rúma er að árið 2010 hlaut fyrirtækið alþjóðleg verðlaun á ráðstefnunni International Quality Crown Awards í London, fyrir vandaða framleiðslu og markaðssetningu. Þetta eru mikilsvirt verðlaun sem aðeins eru veitt einu fyrirtæki í hverri grein árlega.

RB rúm hafa ávallt verið í fararbroddi í þróun og framleiðslu á springdýnum (fjaðradýnum) og má segja að sá þáttur sé meginkjarninn í starfseminni. Er fyrirtækið meðlimur í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðasamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun á springdýnum. RB springdýnurnar hafa verið framleiddar á Íslandi í 75 ár, en félagið fagnar því afmæli núna í ár. Hægt er að velja um fjórar tegundir af springdýnum, þ.e. RB venjulegar, Ull-deluxe, Super-deluxe og Grand-deluxe. Fjórir stíflleikar eru í boði á allar þessar fjórar tegundir: mjúk, medium, stíf og extrastíf, allt eftir óskum hvers og eins. RB rúm geta breytt stíflleika springdýnanna eftir þörfum og óskum viðskiptavina.

RB rúm framleiða margs konar rúm, meðal annars hjónarúm, fermingarrúm, einstaklingsrúm og hin klassísku RB rúm. Rúmin eru í hinum ýmsu stærðum og viðskiptavinir geta valið um áklæði, rúmbotna og stíflleika dýnu. Enn fremur framleiðir fyrirtækið rúm fyrir hótél, RB rúm með tvöföldu fjaðrakerfi. Hægt er að fá klæðningu og rúmbotna á þau að eigin vali. Ítarlegri upplýsingar um rúmin í máli og myndum er að finna á heimasíðu fyrirtækisins, rbrum.is.

Ýmislegt fleira vandað, fallett og smekklegt er að finna í verslun RB rúma að Dalshrauni 8. Má þar nefna sængurver, púða og rúmteppi, dýnu-



hlífar og lök, að ógleymdum afar smekklefum kistum og náttborðum. Það síðastnefnda er smíðað eftir máli og geta viðskiptavinir valið um marga liti á efnum og áklæðum.

Einnig er til sölu úrval af smekklegri gjafavöru fyrir heimilið. Má þar nefna ýmiss konar kerti, til dæmis ilmkerti frá Yankee Candle, handklæði frá Scintilla og ýmiss konar gjafavöru frá Esprit Home. Skoða má úrvalið á heimasíðunni rbrum.is og á Facebook-síðu RB rúma. Skemmtilegast er þó að skoða úrvalið og fá faglega ráðgjöf í verslun fyrirtækisins að Dalshrauni 8 í Hafnarfirði. Þar er opið virka daga frá kl. 9 til 18 og á laugardögum frá 10 til 14.





ÍSTEX:

Lopinn hefur sinn karakter og sín sterku einkenni

Lopinn er einstakt náttúruafni sem hefur sinn karakter frá íslensku sauðfé með sitt tog og þel. Framleiðsluferlið er að mörgu leyti flókið og þarf nána samvinnu frá bónda til spuna. Það þarf allt að koma saman: góð ull, natni bænda við búskapinn, fagmannlegur rún-ingur, flutningur um vetrartíma um allt land, ullarþvottur á Blönduósi og reynsla spunafólks í Mosfellsbæ. Lopinn hefur stóran aðdáendahóp, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim. Hann er kannski ekki mýksta bandið og kitlar suma pinulítið, en hann er hlýr, fallegur og sterkur,” segir Sigurður Sævarsson, framkvæmdastjóri Ístex, fyrirtækis sem hefur haldið á keflinu í íslenski lopavinnslu frá 1991 eftir Álafoss.

„Í dag eiga bændur um 80% í félaginu en almennir fjárfestar af-ganginn. Við erum ekki með verslun sjálf heldur seljum bara beint í búðir og til fyrirtækja, ekki bara á Íslandi, heldur um nánast allan heim. Lopinn fer mjög víða og er vinsæll meðal ákveðins hóps enda eru ekki margir í svona framleiðslu á heimsvísu, á svona 100% náttúrubandi með sögu með rætur til íslenskra víkinga og vikingakvenna,” segir Sigurður.

Ístex hefur notið þeirrar gæfu að bjóða með vörumerkinu Lopa margs konar vörulínur eins og Plötulopa, Álafosslopa, Bulkylopa, Léttlopa og Einband. Einbandið verður til að mynda 50 ára á næsta ári. Ístex framleiðir og selur einnig ullarteppi, gefur út handþrjónabækur með fjölbreyttri hönnun og framleiðir vél-prjónaband.

„Nýlega hefur orðið sú nýjung í starfsemi að bætt var við blöndunarklefum á Blönduósi, sem gerir hráullina betri og mun jafnari,” segir Sigurður.

Að sögn Sigurðar eru fastir starfsmenn 43, en við önnur árstíðabundin verkefni þá bætast við um 10 manns sem verktakar eða starfsmenn.

„Fyrir utan lopa og garn selur Ístex ullarteppi en ekki aðrar framleiðsluvörur úr efninu, aðrir sjá um að framleiða slíkar vörur og við þjónustum þá sem við best getum. En Ístex gefur líka út þrjónabækur sem njóta mikilla vinsælda og í októbermánuði er væntanleg á markað ný þrjónabók eftir Vigdís Jónsdóttur hönnuð, sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu.”

Sjá nánar um úrvalið, sölustaði, samstarfsaðila, uppskriftir og margt fleira á vefsíðunni istex.is.





VALDEMARSSONFLYFISHING :

Vefverslun með handhnýttar flugur og allt sem þarf í veiðina

Eiður Valdemarsson opnaði vefsíðuna ValdemarssonFlyfishing árið 2012. Þar selur hann vandaðar flugustangir, fluguhjól, flugulínur, króka og efni til fluguhnýtinga, ásamt handhnýttum flugum Eiðs.

„Ég opnaði síðuna upp á hobbíið að gera, því eftir hrun var allt orðið svo dýrt og einnig var erfitt og stundum ógerlegt að fá efni til fluguhnýtinga hér í verslunum þannig að ég skoðaði vel hvort hægt væri að flytja inn vörur og vera með mikið úrval og lægra verð og útkoman er www.valdemarsson-flyfishing.com.“

Eiður er fæddur og uppalinn í Reykjavík, en flutti með fjölskylduna til Bolungarvíkur í maí enda kona hans fædd og uppalin þar, og rekur hann verslunina í bílskúrnum heima. Meirihluti viðskiptanna fer fram í gegnum vefsíðuna, en viðskiptavinum sem staddir eru fyrir vestan er alltaf velkomið að hafa samband og koma í heimsókn. Vefsíðan er „aukahobbi“, en Eiður starfar sem gólfbónari og hefur unnið við það í 12 ár. „En fluguhnýtingar og veiði hafa verið áhugamál frá

því ég var krakki.“

Vefsíðan var opnuð í núverandi mynd fyrir þremur árum. „Áður var ég með erlenda vefsíðu, sem ég byrjaði með um 2012.“

Það er líka gaman að geta boðið upp á vörur sem hafa verið frekar dýrar á Íslandi þannig að fólk hefur veigrað sér við hnytingar. Ég er til dæmis með króka og kúluhausa á svipuðu verði og á Aliexpress, þannig að í raun borgar sig ekki fyrir fólk að flytja efni inn sjálf.

Ég var að fá umboð fyrir Ahex-krókana, það eru hágæða skandinavískir krókar. Ég er líka kominn með veiðijakka sem ég lét hana og gera í Pakistan. Hann er fjögurra laga, vatnsheldur og með fóðri inni í þannig að þú þarft ekki að vera jafn vel klæddur og í öðrum jökkum þegar kalt er úti. Síðan þegar heitt er úti þá bara rennir þú fóðrinu úr. Einnig eru vöðlur á leiðinni.“

Erlendir veiðimenn og -konur kaupa aðallega flugur hjá Eiði, en sumir mun meira. „Það komu norsk hjón hér um daginn, bönkuðu upp á og keyptu

stöng, hjól, línu og flugur og fóru svo á Snæfellsnes að veiða. Þau sendu mér síðan myndir frá veiðinni, en þau mokveiddu á flugurnar mínarr, stærstur var sjóbirtingur 3,8 kíló.“

Eiður sendir hvert sem er, og frí heimsending er í boði ef verslað er fyrir 4.000 krónur eða meira.

Allar upplýsingar má fá á vefsíðunni valdemarssonflyfishing, í síma 691-6909 og með tölvupósti valdemarssonflyfishing@outlook.com.




South Iceland
Chocolate
 Handcrafted
 Quality Chocolate
 By
 South Iceland Chocolate
 a Local family business
www.southicelandchocolate.is

SUÐUR SÚKKULAÐI:

Handgert konfektsúkkulaði

Detta súkkulaði er ekki eitthvað sem þú kaupir þegar þig langar í nammi úti í sjöppu, heldur meira þegar þú vilt gera virkilega vel við þig eða færa einhverjum sælkeragjöf," segir Finnur Bjarki Tryggvason en hann rekur súkkulaðigerðina Suður Súkkulaði ásamt eiginkonu sinni, Magneu Þóreyju Hilmarsdóttur. Þau framleiða sex tegundir úr hágæða hráefni frá belgisk/frönskum framleiðanda og einnig er konfektframleiðsla í pipunum.

„Við kaupum hráefni sem er unnið úr kakóbaunum. Þetta er því hrein og góð afurð. Það er ákveðið hollustugildi í svona konfektsúkkulaði, unnið úr kakómassa og kakósmjöri. Það er töluverð upplifun og metnun í hverjum mola, er mér óhætt að segja.“

Fjórar af tegundum sex sem Suður Súkkulaði framleiðir eru hreint súkkulaði, misjafnlega dökkt, en í tvær er blandað dödlum og heslihnetum annars vegar og hins vegar pekanhnetum og kirsuberjakrispi. „Ein af tegundunum okkar er lífrænt, dökkt súkkulaði og í því eru þrjú innihaldsefni,

lífrænn hrásýkur, lífrænn kakómassi og lífrænt kakósmjör. Ég held að við höfum veðjað á rétt með því að fara út í þetta lífræna því þeir sem eru fyrir dökkt súkkulaði vilja gjarnan fara alla leið.“

Aðspurður segir Finnur að vissulega sé töluverður sykur í vörunni en þó minna en margir haldi. „Við erum með 71% hreint súkkulaði en mörgum finnst það silkimjúkt og bragðast meira eins og 55–60% hreint súkkulaði.“ Suður Súkkulaði er með lögheimili á Hvolsvelli en starfsstöð að Goðalandi í Fljótshlíð. „Við höfum verið mest á Suðurlandinu en erum að teygja okkur víðar um landið, til Reykjavíkur, í Borgarfjörð, á Suðurnes og austur á við og það var nokkuð stórt skref að fara í flugstöðina,“ segir Finnur en Suður Súkkulaði kom fyrst með vöru á markað í júní 2017.

Fyrirtækið stækkar hægt og rólega en bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn kunna vel að meta þetta handgerða gæðasúkkulaði þar sem sú hollusta sem gott súkkulaði býr yfir fær að njóta sín ásamt ljúffengu bragði.





SÓLSKÓGAR:

Skógarplöntur og garðplöntur – ræktun í 30 ár

Skógrækt er hugsjón og lífsstíll,” segir Katrín Ásgrímsdóttir, stofnandi og eigandi gróðrarstöðvarinnar Sólskógar sem staðsett er í Kjarnaskógi á Akureyri. Katrín stofnaði fyrirtækið ásamt eiginmanni sínum, Gísla Guðmundssyni, árið 1989, og verður fyrirtækið því 30 ára á næsta ári.

Sólskógar hafa verið á Akureyri síðan árið 2007 en lengst af var gróðrarstöðin staðsett á Héraði. Fastráðnir starfsmenn hjá fyrirtækinu eru sex, þar af tveir garðyrkjufræðingar. „Hér eru allt að 20 starfsmenn á háanantímanum í júní en allt í allt eru þetta um tíu ársverk,” segir Katrín. Hjónin vinna bæði í fyrirtækinu og börn þeirra hjálpa til á sumrin en þau eru annars í námi. „Einn sonurinn er reyndar að læra skógrækt í Noregi,” segir Katrín.

„Sólskógar selja allar garðplöntur sem landsmenn setja í garðinn sinn, sumarblóm og fjölær blóm og margt fleira. En meginsérhæfing okkar liggur í skógarplöntum og erum við stærstu framleiðendur skógarplantna á landinu. Mesta salan er til ríkisins í gegnum Skógræktina og Skógræktarfélag Íslands,” segir Katrín.

Viðskiptavinir Sólskóga eru því bæði ríkið sjálft og almenningur sem kaupir efni til garðræktar. Katrín segir að það sé mikil vinna að halda starfsemi á borð við þessa gangandi og mörg áhyggjuefni: „Það þarf ekki nema eina frostnött til að allt sé ónýtt. Þetta kostar mikla vinnu og yfirlegu en er líka mjög gefandi og þess vegna hefur maður nú verið í þessu í nær 30 ár.”

Sem nærri má geta er mikil jólatréssala í gangi hjá Sólskógum í desembermánuði. Bæði Akureyringar og aðrir Norðlendingar fara þá í Kjarnaskóg til að velja sér jólatré frá Sólskógum, en Norðlendingar utan Akureyrar sem koma í verslunarferðir til Akureyrar eiga margir viðskipti við Sólskóga.

Þeir sem eiga leið um Akureyri og hafa gaman af ræktun ættu endilega



að gera sér ferð í Kjarnaskóg og líta á starfsemi Sólskóga. Vefsíða fyrirtækisins er solskogar.is en Facebooksíðan Sólskógar ehf er þó meira uppfærð. Símanúmer er 462-2400 en skrifstofan er opin virka daga frá 10 til 16.





Reykjavík Asian býður upp á gómsæta asíska matarbakka

Reykjavík Asian er nýtt fyrirtæki sem framleiðir tilbúna asíska matarbakka sem er tilvalið að taka með sér, íslenskt hráefni í bland við asíska matargerð.

„Þetta er sushi, núðlubakkar, steikt hrísgrjón með kjúklingi, kjúklingaréttir, laxaréttir, sushi-samlökur og spicy-samlökur með túnfiski eða kjúklingi,” segir Bjarni Lúðvíksson, annar eigenda, en hinn er Magnús Heimisson.

„Ýmislegt fleira er á matseðlinum okkar og mun vöruúrvalið aukast á næstunni.”

Eins og er fæst Reykjavík Asian í öllum verslunum Nettó á höfuðborgarsvæðinu, Grindavík og Reykjanesbæ, og í öllum Krambúðum. Einnig er Reykjavík Asian á þremur stöðum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

„Við erum með tailenskan veitingastað í Keflavík, og einnig áttum við þar fiskverslun sem var einnig veitingastaður. Við urðum að loka þeim stað vegna framkvæmda á húsinu. Eitt leiddi af öðru og allt í einu vorum við farnir að selja sushi og ýmislegt annað í flugstöðinni, byrjuðum svo með sushi í nokkrum verslunum og sáum þá mörg tækifæri í þessu. Fólk er með kröfur og okkur fannst vanta betra bragð og meiri fjölbreytni tilbúna rétti í dag.

Í dag er Reykjavík Asian okkar stærsta verkefni, enda gengur mjög vel og það er komið víða.”

Reykjavík Asian býður einnig upp á veislubjónustu, þá kemur sushi, núðlur og fleira á bökkum til viðskiptavina og hrísgrjón, sósus og allt tilheyrandi fylgir með.

„Reykjavík er orðið flott vörumerki og því völdum við það nafn og finnst það töff,” segir Bjarni. „Sushi er mjög vinsælt í dag, einnig sem skyndibiti til að gripa með sér, enda einfalt og þægilegt. Og einnig er það mjög vinsælt á veitingastöðum.”

Á næstunni verða kynningar á Reykjavík Asian í öllum verslunum Nettó.

Allar upplýsingar má finna á Facebooksíðu Reykjavík Asian: Reykjavík Asian og í síma 841-1448.





GARÐAÞJÓNUSTA GYLFA:

Blómadyrð og eðalhunang í hjarta Fljótshlíðarinnar

Garðaðþjónusta Gylfa, að Kirkjulækjarkoti 4 í Fljótshlíð, skammt austan við Hvolsvöll, er garðyrkjustöð þar sem jöfnum höndum er unnið við garðaðþjónustu, ræktun trjáa runna og blóma ásamt hunangsframleiðslu. Ræktunin fer fram í litlum gróðurhúsum á staðnum en viðskiptavinir kaupa flestir beint frá býli. „Ég hef þó líka verið að þjónusta sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu, til dæmis varðandi blómaker, blómabeð og svo blómaboga sem eru notaðir við brúðkaup hjá Hótel Rangá,“ segir Gylfi Markússon en hann á fyrirtækið með eiginkonu sinni, Christinu M. Bengtsson.

Hunangið frá Garðaðþjónustu Gylfa er rómað. „Þetta er eðalhunang úr Fljótshlíðinni, er mér óhætt að segja,“ segir Gylfi og bætir við að það sem geri ferskt hunang svo spennandi sé að það sé aldrei eins á bragðið frá ári til árs. Það veitir alltaf nýja upplifun. Hunangið er að mestu keypt beint frá Gylfa en einnig er það selt í verslun-

inni Unu á Hvolsvelli.

Gylfi segi að samskiptin við kaupendur gefi starfinu mikið gildi. „Hér í Fljótshlíðinni er mikil nánd við viðskiptavinina sem koma orðið frá öllu Suðurlandi og þjónustan er persónuleg. Velgengni í þessu byggist á því að þekkja kunnana sína.“

Garðaðþjónusta Gylfa er lítið fyrirtæki og starfar Gylfi að mestu einn í þessu en fær góða hjálp þegar mikið liggur við. „Já, starfsmenn eru svona einn til tveir. Það er vissulega mikið að gera og maður er eins og útskýtt hundskinn hér allan sólarhringinn,“ segir Gylfi og hlær, en segir að það sé vel þess virði enda dýrðlegt að starfa í Fljótshlíðinni og rækta fyrsta flokks blóm og hunang.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Garðaðþjónusta Gylfa. Þeir sem hafa áhuga á að kaupa trjáplöntur eða blóm, eða þá hunang beint af þeim hjónum eða sjá starfseminu geta haft samband í síma 692-5671.





**Pure
Natura**
www.purenatura.is

PURE NATURA:

Íslensk framleiðsla sem hefur áhrif á líðan fólks um allan heim

Meiri orka, bætt minni, meira þol, aukinn blóðhagur o.fl. eru aðeins örfá dæmi um það sem fólk sem hefur skrifað um vörur íslenska fyrirtækisins Pure Natura á heimasíðu þess, en fyrirtækið framleiðir íslensk bætiefni úr hreinum íslenskum hráefnum, sem seld eru út um allan heim.

Vörur fyrirtækisins eru framleiddar úr íslenskum lambainnmat og kirtlum auk þess sem notaðar eru íslenskar jurtir í framleiðsluna. Vörulínan samanstendur í dag af fjórum vörum, en fyrirtækið vinnur nú að því í samstarfi við MATÍS, með fjármagni frá Tæknipróunar-sjóði, að þróa fleiri vörur.

Vinsælasta varan: Pure Liver

„Vinsælasta varan okkar hefur verið Pure Liver, sem inniheldur lambalifur, birkiþlöd, hvannafræ og fiflarót og gefur því góðan skammt af fjölmörgum vítamínum og steinefnum sem nauðsynleg eru fyrir efnaskipti og orkuframleiðslu, s.s. B-vítamín, járn og A-vítamín, sink, selen o.fl., á náttúrulegu formi sem líkaminn þekkir og kann að nýta sér. Jurtirnar eru svo bólgueyðandi, vatnslosandi og hreinsandi,“ segir Hildur Þóra, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Næstvinsælasta varan okkar er svo Pure Power en hún er orku- aukandi blanda og hentar öllum sem eru undir miklu álagi, bæði líkamlegu og andlegu. Pure Power inniheldur blöndu af lambalifur,

lambahjörtum, íslenskri burnirót og lífrænum hvítlaug.“

Hugsjónin vekur athygli

Eins og fram hefur komið selur fyrirtækið nú vörur sínar um allan heim, þótt enn sé framleiðslan á smáum skala, í gegnum vefverslun sína www.purenatura.is, vefverslun Amazon í Bandaríkjunum og dreifingaraðila í Bretlandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð.

„Það virðist vera sem hugsjón okkar og hugmyndafræði veki athygli enda markmið okkar í stóra samhenginu að bæta heiminn. Við berum virðingu fyrir skepnunni sem nýtt er í framleiðsluna og viljum fullnýta afurðir hennar betur. Með því að taka aukaafurðir sem annars yrði hent og nýta þær á þennan hátt minnkum við einnig matarsóun og aukum verðmæti íslenskra afurða á sama tíma og við bætum heilsu og vellíðan viðskiptavina okkar,“ segir Hildur Þóra.

Ný vara sem er sérsniðin er fyrir karlmennt

Sigríður Ævarsdóttir, vörupróunarstjóri fyrirtækisins, segist vera sérlega spennt fyrir næstu vöru sem fyrirtækið mun setja á markað en sú vara verður sérsniðin fyrir karlmennt. Í dag má nálgast vörur Pure Natura á Íslandi hjá sérvöldum söluaðilum sem finna má á vefsíðu Pure Natura og í öllum helstu heilsuvöruslunum landsins.

Sjá nánar á purenatura.is



Fæðubótarefni og næring úr íslenskum fjallalömbum og handtíndum íslenskum jurtum

SKÚMASKOT :

Vinalegasta búðin í bænum

Á horni Skólavörðustígs, Klapparstígs og Njálsgötu stendur hönnunar- og listagalleríð Skúmaskot. Þar hafa nokkrar listakonur og hönnuðir komið sér vel fyrir í einu fallegasta verslunarrými borgarinnar. Rýmið er sérstakt fyrir þær sakir að þar eru upprunalegar innréttingar Fatabúðarinnar frá árinu 1947 sem ljá búðinni hlýlegt og vinalegt yfirbragð. Þegar komið er inn í búðina opnast heimur af íslensku handverki, hönnun og listmunum sem njóta sín vel í þessu skemmtilega umhverfi. Þar má meðal annars

sjá málverk, skartgrip, leirmuni, töskur, glermuni og fatnað, bæði á konur og stúlkur. Fjölbreytnin og litagleðin ræður ríkjum í þessu litla listaskoti og það er sannarlega upplifun að koma inn í búðina. Listakonurnar skiptast á að vera á staðnum sem gerir Skúmaskot að einstakri og persónulegri verslun.

Skúmaskot
Skólavörðustígur 21a
Facebook: skumaskot.art.design
Instagram: skumaskot



Edda Skúladóttir klæðskeri - Fluga design

Edda Skúladóttir, hannar undir merkinu Fluga design sem er fata- og fylgi-hlutalína fyrir konur á öllum aldri. „Ég vinn mína hönnun má segja alla leið, þ.e. hanna, geri snið og sauma allt sjálf.“ Hún notar eingöngu gæðaeefni og vinnur munstrin sjálf með handlitun og/eða handmálun en þannig verður hver og ein flik einstök. www.fluga.is



Elin Haraldsdóttir, myndlistarmaður og keramikur - Art by Elin

Elin Haraldsdóttir vinnur bæði sem keramikur og myndlistarmaður. Málverkin hennar eru draumkenndar og litríkar náttúrustemningar sem innblásnar eru af litum, formum og birtunni á Íslandi. Keramikmunir Elinar eru aðallega nytjahlutir unnir úr postulíni og formin eru einföld, lifræn og nútímaleg. www.facebook.com/artbyelin



Margrét Steinunn Thorarensen hönnuður – Interior

Margrét Steinunn Thorarensen lærði innanhússhönnun og stíliseringu í London og vinnur í dag við það ásamt vöruhönnun. Hún hannaði púðalínuna „Stakkaskipti“ vegna þess að henni fannst vanta sterka og endingargóða púða á markaðinn sem væru breytanlegir. Púðalínan er eingöngu unnin úr náttúrulegum og umhverfisvænum efnum eins og ull og roði. Púðinn sjálfur er úr ullarefni sem ætlað er til bólstrunar á húsgögnum og er því sterkur og endingargóður. www.interior.is



Ragna Ingimundardóttir leirlistamaður

Ragna Ingimundardóttir mótar vasa, laufblöð og skálar í öllum stærðum og gerðum úr steinleir. Hugmyndir sínar sækir hún til náttúrunnar þegar hún býr til verk sín og formin eru sígild og sterk. Hvern hlut gæðir hún sínu sérstaka lífi með mismunandi litum og mýnstri sem gerð eru úr fjölbreyttum steinefnum sem hún blandar sjálf. www.facebook.com/ragnaid



Heiðrún Björk Jóhannsdóttir fylgihlutahönnuður – Ísafold

Heiðrún Björk Jóhannsdóttir hannar undir nafninu Ísafold. Heiða er fylgihlutahönnuður og hannar og framleiðir töskur og fylgihluti úr leðri og skinni fyrir konur. Hún notast nánast eingöngu við náttúruleg hráefni og endurvinnur leður í bland við nýtt leður, selskinn, ref og fleira. www.isafolddesign.is



Katrín Þórey Ingadóttir – Katrín Þórey Gullsmiður

Katrín Þórey Ingadóttir útskrifaðist úr sínu draumanámi frá Goldschmiedeschule mit Uhrmacherschule í Pforzheim, Þýskaland í febrúar 2018. Eftir skóla fluttist hún heim og bættist í hóp frábærra kvenna í Skúmaskoti þar sem hún selur skartgripir úr gulli og silfri. Skartgripirnir eru einfaldir en einstakir og eru smíðaðir af mikilli natni og kærleika. www.facebook.com/katringullsmidur



Erla Dóra Gísladóttir skartgripahönnuður – Eddó design

Erla Dóra Gísladóttir lærði gullsmíði í Kaupmannahöfn. Hún smíðar mestmegnis úr silfri undir merkinu Eddó Design. Hún sækir innblástur í náttúruleg form og áferðir. Hver einasti gripur er handsmíðaður og einstakur. www.eddodesign.com



Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður – Dóttir

Listamaður vikunnar í Skúmaskoti fær að skreyta þennan glugga að eigin vild, eina viku í senn. Hér eru vörur frá barnafatamerkinu Dóttir í fallega skreyttum haustglugga. Allur fatnaðurinn hjá Dóttur er gerður af hönnuðinum sjálfum, Guðrúnu Kristínu, bæði þægilegir kjólar og hlýjar peysur fyrir 2-12 ára. www.dottir.net/

Íslensku stúlkurnar sem vildu sitja fyrir fáklæddar í Maxim

■ Sex íslenskar konur taka þátt ■ Sigurvegarinn fær um 2,8 milljónir króna að launum

Óðinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is



Það minnsta sex íslenskar konur sóttust eftir því að verða forsíðustúlka karlablaðsins Maxim. Um er að ræða alþjóðlega keppni þar sem sigurvegarinn fær að launum 25 þúsund dollara og verður forsíðustúlka tímaritsins. Meðal þeirra sem taka þátt í keppninni eru leikkonan María Birta og fyrirsæturnar Hulda Lind, Bryndís Líf, Tanja Rós, Aníta Ösp Ingólfssdóttir og Svanhildur Hjaltadóttir.

Kept er í 144 flokkum og hægt er að kjósa stúlkurnar með einföldum

hætti á netinu. Til mikils er að vinna í keppninni en sigurvegarinn verður myndaður af ljósmyndaranum Gilles Bensimon og mun prýða forsíðu fyrsta tölublaðs næsta árs. Þá fær sigurvegarinn 25 þúsund dollara, rúmlega 2,7 milljónir íslenskra króna í verðlaunafé.

Tímaritið Maxim var stofnað í Bretlandi árið 1995 og er í dag gefið út í 76 löndum um allan heim. Meðal þeirra sem prýtt hafa forsíðu blaðsins eru þær Britney Spears, Hilary Duff, Anna Kournikova, Lindsay Lohan og Cameron Diaz.



Aníta Ösp



Hulda Lind




Tanja Rós



María Birta



Svanhildur Hjaltadóttir




Bryndís Líf

ÓSAL

Varahlutaverslun
og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í
þjónustu og varahlutasölu
í aftanivagna af öllum gerðum.
Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bilanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.



Prolan stoppar ryðið burt og endist lengi

Velkomnir í hellinn minn," segir Smári Hólm kankvís þegar hann tekur á móti blaðamanni og myndatökumanni í húsnæði sínu að Rauðhelli 1 í Hafnarfirði. Smári Hólm rekur þar lítið en afar kröftugt ryðvarnaverkstæði ásamt eiginkonu sinni og samstarfsfélagi, Sigríði Ragnarsdóttur.

Inni á verkstæðinu eru tveir bílar, hvor í sinni lyftunni, sem Smári Hólm er að vinna við þennan daginn.

Smári Hólm sinnir jöfnum höndum bílum fyrir bílaumbodin, bílaflota fyrirtækja og bílum einstaklinga. Hann segir nýja bíla vera ótrúlega fljóta að ryðga. Annar billinn sem búið er að lyfta upp þarna inni er nýr sýningarbill frá umboði og ekki enn kominn á númer. Smári sýnir okkur merkilega marga ryðbletti undir þessum splunkunýja bíl. „Það er bara enginn bill hannaður fyrir íslenska veðráttu og saltið á götunum fer strax að éta sig inn í þá. Auk þess er ál sérstaklega illa og færast mun hraðar en stál," segir Smári.

Ég bið Smára Hólm um að lýsa ryðvarnarferlinu:

„Ég tek bílana inn daginn áður og þurrka þá í miklum hita til að ná kjörhitastigi áður en Prolan er borið á þá. Billinn verður að vera alveg skrauffurr og heitur. Áður en ég hef lokið við að þurrka hann lyfti ég honum upp, tek dekkinn undan honum, tek allt plast utan af honum, tek pönnurnar undan honum. Svo þegar ég er búinn að hreinsa allt sem ég get tekið undan bílnum þá blæs ég hann með háþrýstlofti.“



Fyrir ...



... og eftir Prolan.

Töfraefnið Prolan

Smári Hólm notast eingöngu fyrir hið frábæra ryðvarnarefni Prolan en hann er umboðsaðili fyrir það á Íslandi:

„Ryðið sem er komið til dæmis í bíl drekkur í sig Prolan-vörninna sem endist síðan von úr viti sem forvörn því hún liggur á bílnum og hrindir stöðugt frá honum vatni. Kemur í veg fyrir að súrefni og vatn komist að járninu. Þess vegna skiptir svo miklu máli að billinn sé þurr þegar borið er á hann.“

Meðfylgjandi myndir sýna dæmi um ótrúlega virkni Prolan á hluti sem virðast ónýtir og ekki annað í stöðunni en að kaupa nýja. En Prolan gerir kraftaverk á veðruðum og illa ryðguðum hlutum.

Alltaf í bílunum

„Ég fæddist með smurkönnu í annarri hendi og skiptilyk-

ilinn í hinni. Pabbi var mikill jeppakall, ég fór mikið með honum á fjöll og fékk að keyra fyrst sjö ára. Ég er búinn að vera á kafi í jeppamennsku alla mína ævi en hef tekið mér hlé frá henni síðustu árin," segir Smári. Verkstæðið hans hér að

Rauðhelli 1 er opið frá 8 til 17 virka daga. Þanta þarf tíma símleiðis í síma 861-7237 og getur biðtíminn verið nokkuð langur. Smári er eftirsóttur í bransanum enda hefur hann afar gott orð á sér:

„Ég kappkosta að vinna

af mikilli fagmennsku. Ég er líka búinn að vera í bílageiranum alla mína ævi.

Sjá nánar á Facebook-síðunni <https://www.facebook.com/prolanrydvorn/> og vefsíðunni <https://www.smariholm.com/>.

Ég skal sjá um að rassskella kvikindið

Sæl Ragga

Ég veit ekki hvort þetta á erindi í tölvupóst, en þetta er mál sem ég einhvern veginn get ekki hugsað mér að reifa við neinn mér tengdan, en er samt að ræna mig sálarrónni

Mig vantar alveg sárlega hlutlaust álit á atriði sem er búið að angra mig mikið upp á síðkastið. Málið er að í vor hóf ég frekar lauslegt „samband“ við mann sem ég hitti á Tinder og leist vel á. Í fyrsta skiptið sem við stunduðum kynlíf sagði hann mér fljótlega að leik loknum að ég ætti endilega að hugleiða alvarlega að fara í brjóstastækkun – ég yrði svo miklu meira sexí þannig!

Nú er ég í frekar góðum málum líkamlega miðað við rúmlega fertuga konu; ég er grönn og frekar há og í góðu formi og bara frekar lagleg, en hef aldrei verið brjóstamikil (B breyttist í A eða minna fljótlega eftir brjóstagjöf fyrir 21 ári og hefur aldrei komið til baka). Ég er líka frekar axlabreið og með stóran brjóstakassa sem hjálpar heldur ekki til. Samt er ég ekki marflöt – en ég get ekki sagt að brjóstahaldarakaup séu nein skemmtun fyrir mig; á tvö stykki sem eru örugglega orðin fimm ára.

Ég tók þetta mjög nærri mér og leið mjög illa yfir þessu og var á tímabili öskureið, en við héldum samt áfram að hittast og alltaf var hann að núa mér upp úr þessu (jafnvel í miðjum klíðum) – auk þess sem hann tók fram að hann hefði engan áhuga á mér nema fyrir kynlífið. Við vorum samt ágætir vinir og spjölluðum mikið saman – en nýlega ákvað ég að slíta þessu því ég get ekki stundað kynlíf án þess að bindast viðkomandi tilfinningalega

Það versta er kannski að fyrir þremur árum sleit ég sambúð við mann sem lét eins út af brjóstunum á mér – hann var reyndar fíkill og fyllibytta líka sem var nú aðalástæða þess að ég fór. Nú var sem sagt kominn annar í viðbót sem var svona brútal hrein-skilinn (án þess að ég hafi bedið um álit) á þennan útlitsgalla minn. Þar áður hafði ég verið gift í þrettán ár og sá maður hafði alltaf blásið á áhyggjur mínar af brjóstunum og sagt að ég væri fín eins og ég væri, ég þyrfti ekki að stækka þau fyrir hann.

”Í fyrsta skiptið sem við stunduðum kynlíf sagði hann mér fljótlega að leik loknum að ég ætti endilega að hugleiða alvarlega að fara í brjóstastækkun – ég yrði svo miklu meira sexí þannig!

Mér hefur ekki gengið neitt sérstaklega vel á deitmarkaðnum síðastliðin þrjú ár, hef ekki orðið neitt meira en „booty call“ hjá neinum og nú er ég farin að ímynda mér að karlmenn flýi bara ef ég fer úr að ofan og ég verði að leggjast undir hníf-inn ef ég ætli ekki að verða ein til æviloka. Ég meina, vill einhver elska brjóstalaus konu?

Ég á pantaðan tíma hjá lýtalækni eftir nokkra daga, en eftir margra vikna umhugsunartíma þá eru tilfinningar mínar gagnvart þessu samt afar blendnar. Mun mér líða eitthvað betur eða líka betur við sjálfa mig? Ég fór síðast í svoleiðis viðtal fyrir fjórum árum, en guggnaði á að fara í aðgerðina. Hluta af mér langar í aðgerðina, en í aðra röndina er ég sárreið við sjálfa mig að ætla að lúffa fyrir hégóma í einhverjum fá-bjábanum.

Verður þetta eitthvað sem peppar sjálfkrafa upp á sjálfs-traustið, sem er eiginlega brotið í þúsund mola þessa dagana?

Með fyrirfram þökk,
Harðbrjósta Valkyrja

Elsku, elsku Valkyrja

Ég er brjáluð og það sýður gjörsamlega á mér. Mig langar að hringja í þennan satanísku Tinder-mann og gefa honum orð í eyra, mjög mörg orð raunar. Hvers konar framkoma er þetta við konu sem ákveður að deila líkama sínum, tíma og tilfinningum með honum? Djöfuls dratthali að voga sér að gagnrýna líkama þinn á þennan hátt. Það er morgunljóst að svona maður hefur engan áhuga á ÞÉR heldur vill hann hafa holdlega runkmúffu af mjög ákveðinni stærð til að stinga sínum óverðskuldaða skaufa í og hrista hann til. Og hann á ekkert betra skilið fyrr en hann lærir mannasiði!

Ef álíka drullusokkur slysast einhvern tíma aftur upp í ból hjá þér ætla ég að biðja þig lengstra orða að sparka honum fram úr, og það fast og hratt! Gerðu kröfur um almenna kurteisi og falleg samskipti. Ef einhver nær honum ekki upp vegna þinna prýðilegu A-brjósta er það HANN sem á við vandamál að stríða og þarf að eiga við það á sinn hátt.

Ég lendi oft í að hughreysta menn sem telja sig vera með of lítil typpi og halda að þeir muni aldrei finna konu sem getur sætt sig við þá eins og þeir eru. Þá segi ég blíðlega að ef typpi þeirra sé það sem geri útslagið, og þeirra helsti mannskostur, sé nú ekki mikið varið í þá. Það sama segi ég við þig – ef brjóstin eru það sem eiga að gera þig að girnilegri konu, frábærri manneskju og skemmtilegri ástkonu getur varla margt

annað verið í gangi. Úr bréfi þínu les ég hins vegar allt annað – þú hefur HEILMIKIÐ til brunns að bera og ert greinilega bráðgreind og glæsileg kona.

Prófaðu að setja bestu vinkonu þína í sporin þín. Hvað mundirðu ráðleggja henni? Að leggjast undir hnífinn? ... Ég hélt ekki!

Vertu stolt af því sem þú hefur og gerðu kröfur, kona! Ef þú lætur fylla brjóstin þín af svona ástæðu er alls ekki líklegt að sjálfsmynd þín styrkist. Spáðu frekar í aðrar leiðir til að styrkja þig og æfðu þig í að setja mörk. Vertu góð við þig!

Ég skal sjá um að rassskella þetta kvikindi ef ég rekst einhvers staðar á hann!

Baráttu-kveðjur,
Ragga

Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi.
raggaeiriks.com
raggaeiriks@gmail.com

GRAFÍSK HÖNNUN



**Lógó
bréfsefni
bæklingar
myndskreytingar
merkingar ofl.**



Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Ekki veimiltítur á námskeiðinu

Óli Tómas kennir erlendum ferðamönnum að taka slátur ■ Upphaf ævintýrisins var ansi skrautlegt

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Ég er meiri frumkvöðull heldur en nokkurn tímann kokkur. Flestir vita að slátur er herra-mannsmatur, en maður þarf ekki að vera meistarakokkur til að taka slátur," segir Óli Tómas Freysson, stofnandi og eigandi Reykjavík Cookshop.

Óli stofnaði Reykjavík Cookshop fyrir um tveimur mánuðum og sérhæfir sig í að kenna erlendum ferðamönnum að taka slátur. Það má segja að í tilviki Óla eigi máltakið fall er fararheill vel við, en upphafið að þessari sláturgerð fyrir túrista gekk ansi brösuglega.

„Ég fór í heimsreiðu í fjóra mánuði fyrr á þessu ári og fór meðal annars á matreiðslunámskeið í Taílandi. Út frá því fór ég að hugsa hvort það væru slík matreiðslunámskeið hér heima. Ég fann nokkur fyrirtæki sem buðu upp á slíkt en mér fannst námskeiðin öll frekar hefðbundin – eitthvað sem væri hægt að finna nánast hvar sem er. Þegar ég er að ferðast þá leita ég að einhverju sem er ekki eins og annars staðar – einhverju ósviknu. Þá byrjaði ég að hugsa hvað væri það íslenskasta sem ég gæti kennt á svona námskeiði. Mér datt í hug slátrið. Þannig að ég ákvað að kýla á þetta á meðan ég var í heimsreisunni og auglýsti námskeiðið án þess að vera tilbúinn með eitt né neitt. Stuttu síðar fékk ég mína fyrstu kúnna og þurfti þá að drífa mig heim til Íslands og græja þetta," segir Óli. Það gekk þó ekki alveg sem skyldi, enda ekki hlaupið að því að finna hráefni í sláturgerð um hásumar.

Brunaði á Selfoss eins og Schumacher

„Fyrstu kunnarnir voru bókaðir hjá mér á mánudegi. Ég kom heim frá Taílandi á fimmtudegi og þurfti þá í rauninni að finna út úr þessu öllu. Ég hringdi út um allt og fann á endanum fyrirtæki úti á landi sem gat selt mér hráefnið. Þeir lofðu að senda mér það samdægurs svo ég gæti sótt það á mánudagsmorgninum," segir Óli, en hann var búinn að ákveða að hann vildi að námskeiðið færi fram á bóndabæ svo ferðamenn gætu komist í návist við dýr á meðan að slátrið syði.

„Á föstudeginum fór ég á rúntinn með bróður mínum að leita að bóndabæ. Við byrjuðum í Mosfellsdalnum og fjórði staðurinn sem ég heimsótti var Hraðastaðir. Þau tóku svo vel í þetta og ég vissi að þetta var fólkíð sem ég vildi vinna með. Þá hélt ég að þetta væri allt klappað og klárt. Á mánudeginum vaknaði ég síðan og fór að sækja hráefnið hjá Flytjanda. Þá kom í ljós að það var ekki komið til Reykjavíkur. Þá var klukkan 11.30 og ég átti að sækja túrista klukkan 16.00. Ég fór út í bíl, tók um andlitið og lamdi í stýrið. Ég er búinn að klúðra þessu öllu, hugsaði ég. Ég ákvað að keyra upp í SS, sem ég hafði hringt í áður, og spurja í síðasta sinn hvort þessi hráefni væru til. Svo var ekki, en hráefnin voru til hjá SS á Selfossi. Þannig að ég brunaði á Selfoss eins og Schumacher. Ég fékk það sem ég þurfti, og meira til, en blóðið var gaddfreðið. Þannig að

Ég fór út í bíl, tók um andlitið og lamdi í stýrið. Ég er búinn að klúðra þessu öllu, hugsaði ég.



ég setti miðstöðina í botn, blóðið á gólfíð í bílnum og allan hitann niður í gólf. Ég keyrði til baka kófsveittur og þurfti öðru hverju að strjúka móðuna af framrúðunni til að sjá út," segir Óli. Allt fór þetta vel að lokum og Óli tók á móti sínum fyrstu erlendu ferðamönnum.

„Það gekk allt 100 prósent upp. Það var eins og ég hefði gert þetta þúsund sinnum áður.“

Það býst enginn við lúxusmáltíð

Óli viðurkennir að róðurinn hefði orðið mun þyngri, jafnvel blóðugri, ef hann hefði ekki notið stuðnings móður sinnar.

„Ég tók alltaf slátur með ömmu í gamla daga, þannig að ég hef gert þetta síðan ég var barn. En ég plataði mömmu til að gera þetta með mér í fyrstu skiptin til að passa að þetta væri allt eftir bókinni. Ég er í

ýmsu frumkvöðulsrugli og ég gæti aldrei gert það án hennar.“

Óli segir flesta sem sækja námskeiðin vera Bandaríkjamenn, þótt þessi ævafora hefð sé ekki fyrir alla.

„Þegar kemur að viðskiptum almennt segi ég alltaf að bestu vörurnar séu þær sem fólk annaðhvort hatar eða elskar. Þá ertu kominn með einhverja sérstöðu og sláturnámskeiðið er þannig vara. Það eru engar veimiltítur sem bóka pláss á þessu námskeiði. Það eru ákveðnar týpur sem kaupa sér námskeið í sláturgerð á Íslandi. Flestum finnst slátrið mjög gott, en þó er upplifunin sérstakari sem maturinn. Ég held að það bóki sig enginn á þetta námskeið og búist við lúxusmáltíð," segir Óli og hlær. En hefur eitthvað komið á óvart á námskeiðinu?

„Sláturgerð er ekki eins sér-

íslensk og ég hélt. Það er verið að taka slátur með ýmiss konar blóði úti um allan heim. Einn kunnanna minna hafði gert það með svínablóði, annar með kúablóði og einn átti fjölskyldu frá Taílandi sem tók slátur með krókódílablóði. Hann tók það þó fram að honum fannst krókódílablóðið mjög vont á bragðið.“

Nú er spurning hvort Óli ætli að láta sér þennan blóðuga ferðamannaiðnað nægja eða færa út kvíarnar. Jafnvel í aðeins hreinlegri geira.

„Það eru fleiri hlutir sem mig langar til að gera í kringum ferðamenn og matargerð með Reykja-



vík Cookshop. Þessar hugmyndir eru svipaðar og sláturgerðin og blasa við manni um leið og maður heyrir þær. Þannig að ég ætla að halda þeim fyrir mig í bili.“ ■

— GOTT FRÁ —



— KLASSÍSKT —



„Þetta hefur þróast út í eitthvert rugl“

■ Tanja Sól og Sverrir Arnar halda úti vinsælli Instagram-síðu ■ Útlendingar elska myndir af Íslandi

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Við fengum strax mikil viðbrögð við fyrstu myndunum sem við birtum á síðunni okkar, sérstaklega frá útlendingum. Það hvatti okkur áfram,“ segir Sverrir Arnar Friðbjósson í samtali við DV. Fyrir tæpu ári stofnaði Sverrir Instagram-síðuna Icelandic Travellers ásamt kærustu sinni, Tönju Sól Valdimarsdóttur. Þar birta þau myndir af sér á ferðalögum innanlands og erlendis en um 17 þúsund einstaklingar fylgjast nú með hverju skrefi þeirra. Segja má að með síðunni sameini þau ljósmyndaáhuga Sverris og nám Tönju Sól. „Ég hef alltaf haft

áhuga á ljósmyndun og Tanja er að læra ferðamálafræði. Við keyptum okkur góða myndavél fyrir ári og bjuggum til síðuna til þess að deila myndum af ferðlagi okkar til Prag með vinum og ættingjum. Núna hefur þetta þróast út í eitthvert rugl sem ekki sér fyrir endann á,“ segir Sverrir og skellihlær.

Parið er í fjarsambandi stórar hluta ársins en Sverrir leggur

Jökulsárlón




stund á læknisfræði í Slóvakíu á meðan Tanja nemur sín fræði á Íslandi.

„Ég er að hefja sjötta árið og flýg út í næstu viku. Ég var á Íslandi í allt sumar að vinna en allar helgar nýttum við til þessa að

ferðast um Ísland og taka myndir,“ segir Sverrir. Í stað þess að taka myndir hvort í sínu lagi á Íslandi og Slóvakíu þá hafa þau komið sér upp góðum lager af fallegum myndum sem verða birtar á Instagram-síðu þeirra yfir vetrarmánuðina. „Tanja

Hvítserkur



Norðurljós

mun einnig heimsækja mig út og við förum í einhver stutt ferðalög í Evrópu sem við verðum duglega að mynda,“ segir Sverrir.

Mynd af Hvítserk vakti mikla athygli

Að hans sögn eru það ekki bara fallegar myndir sem laða að fylgjendum heldur eru hann og Tanja einnig mjög duglega að aðstoða útlendinga sem hafa áhuga á að heimsækja Ísland. „Við fáum ótrúlegt magn af spurningum frá erlendum fylgjendum okkar og við reynum að svara öllum og aðstoða þá af fremsta megni. Það er mjög gefandi en við erum smátt og smátt að verða hálfgerð ferðaskrifstofa,“ segir Sverrir.

Aðspurður hvers konar myndir njóti mestra vinsælda segir Sverrir: „Myndir af Íslandi njóta mun meiri vinsælda en myndirnar sem við tökum erlendis. Þetta fallega land okkar selur sig eiginlega sjálf. Við birtum mynd af okkur við Hvítserk sem vakti mikla athygli og það má segja að Instagram-síða okkar hafi sprungið út eftir þá mynd. Síðan birtum

við mynd frá Seyðisfirði, sem er fallegasti bær landsins að mínu mati, og sú mynd var einnig mjög vinsæl.“

Sverrir segir að mikill tími fari í að vinna hverja mynd og parið sé í sífelldri þróun sem myndasmiðir. „Við eyðum miklum tíma í að horfa á Youtube-myndbönd með ábendingum um skemmtilegar hugmyndir eða tækni til þess að taka betri myndir. Þetta er orðið ansi tímafrekt áhugamál hjá okkur en alveg ofboðslega gefandi og skemmtilegt,“ segir Sverrir að lokum.

Hægt er að fylgjast með ævintýrum Sverris og Tönju á Instagram-síðu þeirra en notandanafn þeirra er icelandic_travelers, eins og áður segir. ■

Saumastofa ÍSLANDS



TÖKUM AÐ OKKUR MERKINGAR OG FATAVIÐGERÐIR

EINNIG FRAMLEIÐSLU Á MINNI OG STÆRRI VERKEFNUM

MALARHÖFÐA 2, 110 REYKJAVÍK

BARKING HEADS MEOWING HEADS



DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín

Dýrabær • Smáralind • Kringlan • Krossmói Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is
Nú einnig á Akranesi

Ekki láta þitt eftir liggja -vertu **Pikk-UPP**

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.

Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð, hugsa um umhverfið og henda rusli.


Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka, þó það sé ekki okkar rusl.

- ▶ Það að vera **Pikk-UPP** snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- ▶ **Pikka-Upp** rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.
- ▶ Eða af því að þú ákveður að fara út og **Pikka-UPP** rusl.

Betri umgengni byrjar hjá þér!



Tímarvélín



ÞJÓÐIN FYLGDIST AGNDOFA MEÐ LÍKFUNDARMÁLINU

Litháískur maður með iðrin full af eiturfjum ■ Hótanir frá mafiunni

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Þann 11. febrúar árið 2004 var Þorgeir Jónsson, vélvirki á Neskaupstað, að kafa í höfninni vegna skemmda. Skömmu eftir að hann fór ofan í fann hann lík af ókunnum manni. Öll þjóðin fylgdist grannt með hvernig málið vatt upp á sig og beindist kastljósið að þremur mönnum, tveimur frá Íslandi og einum Litháa. Voru þeir að lokum allir dæmdir fyrir aðild sína að hinu víðfræga líkfundarmáli sem bráðlega mun birtast landsmönnum á hvíta tjaldinu í kvikmyndinni Undir halastjörnu.

Lík í höfninni

Þorgeir Jónsson, 32 ára vélvirki og kafari, mætti til vinnu miðviku-daginn 11. febrúar árið 2004 til

að kanna skemmdir á höfninni í Neskaupstað. Vonskuveður hafði verið dagana á undan og skip rekist á bryggjuna. Þorgeir skellti sér í sjóinn og kafaði niður á botninn á um sex metra dýpi. Þá blasti við honum martraðarsjón, lík pakkað inn í plast með keðjur vafðar um fæturna.

Þorgeir varð stírnáði upp. Í samtali við DV degi síðar sagði hann:

„Ég hef áður kafað eftir líkum, síðast fyrir 10 árum í Seyðisfirði, en aldrei lent í neinu í líkingu við þetta. Það var margt sem fór í gegnum hugann á meðan ég var þarna niðri og ég treysti mér ekki til að rifja það allt upp. Þetta situr óneitanlega í manni.“

Hann kom upp á yfirborðið og gat ekki kafað meir. Aðrir þurftu að sækja líkið á botninn og litu jafnvel hörðustu naglar undan, sjónin var svo ægileg. Lögreglu var gert viðvart og rannsókn hafin.

Líkið var af karlmanni, ósköp venjulegum í útliti. Hann var rúmlega 180 sentimetrar á hæð, sterkelega byggður og með skolleitt hár og yfirvaraskegg. Engin áberandi lýti eða sérkenni. Talið var að um útlending væri að ræða, sennilega Evrópumann en hugsanlega Íslending. Möguleikinn á að þetta væri heimamaður var fljótlega sleginn út af borðinu en bærinn var engu að síður í uppnámi vegna málsins.

Á líkinu fundust fimm stungusár og eitthvað sem líktist skotsári á hálsi. Út frá áverkunum var talið að um morð væri að ræða.

Farið var að spyrjast fyrir í bænum og stigu þá fram tveir starfsmenn á veitingastaðnum Egilsbúð. Þeir töldu að maðurinn hefði verið erlendur skipverji sem hefði setið með tveimur félögum sínum að sumbli á laugardagskvöldinu.



DV 14. febrúar 2004. Teikningar af atburðarásinni.

Í kjölfarið beindist rannsókn lögreglu að norska nótaskipinu Senior sem hafði legið í höfn um helgina en hafði siglt til síns heima þegar líkið fannst. Sú ábending reyndist ekki á rökum reist.

„Við vorum níu þegar við komum til Neskaupstaðar og níu þegar við fórum þannig að hér vantar engan um borð,“ sagði Jarle Hansen skipstjóri. „Ég fór í Egilsbúð ásamt Halvar Tomasen háseta og Björn Egil Mikkelborg vélstjóra. Við snerum allir aftur til skips og erum enn um borð, allir við góða heilsu.“

Lögregla athugaði einnig hvort maðurinn gæti hafa verið starfsmaður ítalska verktakans Impreglio sem hafði starfsemi við Kárahnjúka á þessum tíma. Engan vantaði þó þar heldur. Næstu daga, á meðan beðið var eftir krufningu, beiddi öll þjóðin með öndina í hálsinum.

61 pakkning af amfetamíni í iðrum

Lögregla veitti ekki miklar upplýsingar um málið næstu daga og samsæriskenningarnar flugu í fjölmörgum. Töldu sumir að áverkarnir bentu til þess að um aftöku hefði verið að ræða, í austurevrópskum stíl. Fljótlega kom hins vegar í ljós að áverkinn á hálsinum var ekki eftir byssu.

Var nú farið að geta sér til um að „morðið“ hefði ekki verið framið á staðnum heldur hefði höfnin í Neskaupstað verið tilvalinn staður til að losa sig við lík. Engar myndavélar beindust að þeim stað bryggjunnar þar sem líkið fannst. Þann 13. febrúar var það gefið út að ger-

„Út frá áverkunum var gengið út frá því að um morð væri að ræða

endurnir hlytu að hafa verið tveir að verki. Degi síðar var birt teiknuð mynd af líkinu og fólk beiddi að láta lögreglu vita ef það kannast við svipinn.

Þegar krufning lá fyrir kom í ljós að viðkomandi var erlendur maður og iður hans innihéldu 61 pakkningu af amfetamíni, 21 pakkning fannst í maganum og 40 í mjó-girmi. Mikill vökvi var í kviðarholinu og grunur á að ein pakkningin hefði lekið efnunum út í líkamann. Mjógirnissífla orsakaði dauðsfallið en ekki stungusárin.

Lögregla var þá komin með nöfn í sigtið og lýsti eftir þeim án þess að nafngreina þá. Um var að ræða tvo unga íslenska menn og einn frá Litháen. Mánudagsmorguninn 16. febrúar gáfu þrír menn sig fram við lögregluna í Reykjavík en neituðu aðild að málinu.

Grétar játaði

Mennirnir þrír voru vinirnir Grétar Sigurðarson og Jónas Ingi Ragnarson og einnig Lithái að nafni Tomas Malakauskas, allir á þrítugsaldri.

Gerid gæða- og verðsamanburð

Sofðu betur á **BODYPRINT**

vefverslun 
svfnogheilsa.is



BODYPRINT
X Reverie

Stillanlegt hjónarúm

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svfnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

Umboðsaðilar: Húsgagna- og Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

12 mán.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00



Eftir yfirheyrslur var þeim sleppt og skömmu síðar var nafn mannsins sem lést opinberað. Vaidas Jucevicius, 27 ára gamall frá Litháen. Þeir höfðu sést á ferðalagi á leigðum Pajero-jeppa en sögðust aðeins hafa verið í heimsókn, enda Grétar frá Neskaupstað.

Eftir frekari yfirheyrslur og rannsókn voru þremmenningarnir handteknir föstudaginn 20. febrúar og leitað á heimilum þeirra á höfuðborgarsvæðinu og í bifreiðum. Í einni bifreiðinni fannst blóð úr Vaidasi og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Þremmenningarnir voru yfirheyrðir næstu daga og ekki leið á löngu þar til Grétar játaði aðild sína að málinu. Þeir voru þó alls ekki sammála um málavöxtu og almennings fékk lítið að vita um framvindu málsins. Hjá lögreglu voru málin þó tekin að skýrast og miðvikudaginn 24. febrúar var þeim sleppt úr varðhaldi en biðu ákæru.

Dauðastríðið í Kópavogi
Tomas hafði verið búsettur á Íslandi í tæplega þrjú ár og hann var sá sem fékk Vaidas til að flytja tæplega 225 grömm af amfetamíni til Íslands. Efnunum var smyglað frá Litháen til Kaupmannahafnar og Vaidas flaug síðan með þau innvortis til Keflavíkur. Íslendingarnir ætluðu að hagnast sem milligöngumenn og sjá um dreifingu hér á landi. Yfirskinn þessarar starfsemi var félag að nafni MMRO, réttindasamtök sjávarspendýra, en engin góðgerðarstarfsemi var nokkurn tímann unnin í því félagi.

Mánudagskvöldið 2. febrúar lenti vélin í Keflavík og þremmenningarnir keyrðu á völinn til að sækja Vaidas. Grétar ók bílnum og Jónas fór inn með spjald með nafni Vaidasar. Hann fann hann hins vegar ekki og óku þeir aftur til Reykjavíkur en höfðu þá samband við Vaidas sem hitti þá við Hótel Loftleiðir.

Þaðan lá leiðin að heimili Tomasar við Furugrund í Kópavogi og biðu þeir eftir því að náttúran skiladi efnunum úr Vaidasi. Ekkert kom niður úr Vaidasi og á þriðjudeginum fór að hann að veikjast. Hann fékk sára verki í magann, kvíðurinn þandist út og hann kastaði upp. Félagarnir gripu til þess ráðs að gefa honum hægðalosandi lyf en ekkert hreyfðist. Þess í stað veiktist Vaidas meira og meira.

Grétar lagðist á bæn með honum. Aldrei fóru þeir með hann til læknis heldur ákváðu þeir að koma honum úr landi.

Föstudagsmorguninn 6. febrúar óku þremmenningarnir með hann í átt að Keflavíkurflugvelli en Grétar yfirgaf bifreiðina við Dalveg í Kópavogi. Vaidas hins vegar orðinn svo veikur að hann treysti sér ekki til þess að fara í flugið. Á þessum tímapunkti var hann farinn að æla blóði.

Við Grindavikurafleggjarann sneru þeir bílnum við, sóttu Grétar á heimili hans og héldu aftur í Furugrundina. Skömmu eftir komuna þangað lést Vaidas.

Illviðri á Austurlandi
Félagarnir þrír stóðu nú uppi með lík sem þeir þurftu að losa sig við. Skömmu síðar settu þeir lík Vaidasar í plastpoka og vöfðu filtteppi utan um það, bundu bönd utan um og límdu. Tomas vildi grafa líkið í útjaðri Reykjavíkur en ákveðið var að keyra með líkið austur. Settu þeir líkið í skottið á Pajero-jeppa sem þeir höfðu leigt.

Grétar flaug samdægurs til Neskaupstaðar þar sem móðir hans bjó en Jónas og Tomas keyrðu af stað austur. Þessa helgi var blindbylur á Austurlandi og ákváðu þeir að bíða hann af sér á Djúpvavogi. Þar gistu þeir á Hótel Framtíð í tvær nætur en héldu sig að mestu leyti inni á herbergi og létu færa sér vistir þangað.

Á sunnudeginum keyrðu þeir áleiðis til Neskaupstaðar og hittu Grétar þar síðdegis. Þeir óku um bæinn í leit að góðum stað til að losa sig við líkið og ákváðu loks að setja líkið í höfnina. Um miðnætti óku þeir að netagerðarbryggjunni og tóku líkið úr skottinu. Þeir fjarlægðu teppið og bundu kaðal um háls, búk og fætur. Því næst festu þeir keðju utan um háls og þungan gúmmíbobbing við fætur.

Það var á þessum tíma að Grétar dró upp hnífinn og stakk líkið fimm sinnum. Vangaveltur höfðu risið um hvort stungurnar hefðu verið örventingarfull tilraun til að ná efnunum út úr líkinu en í rauninni var þetta gert til að líkið þembdist ekki út og flyti. Eftir þetta sókktu þeir líkinu í sjóinn og óku aftur til Reykjavíkur.



hefði skipulagt flutninginn og flogið austur til að undirbúa komu þeirra. Jónas neitaði aðild og þvertók fyrir að hafa vitað að líkið væri meðferðis í Pajero-jeppanum.

Krufning benti til þess að vel hefði verið hægt að bjarga Vaidasi hefðu þeir gripið fyrir inn í og komið honum undir læknishendur. Mjögirnissveggurinn var ekki brostinn og engin drep í líffærum.

Grétar sagðist hafa viljað fara með Vaidas á spítala en hótanir að utan hefðu stöðvað hann. Tomas hefði verið í stöðugu símasambandi við samverkamenn sína í Litháen, mafúna, sem hefðu bannað þeim að ljóstra upp um innflutninginn. Þessar hótanir hafi ekki einungis beinst gegn þeim sjálfum heldur ástvinum. Grétar setti þá kröfu að lögreglan tryggði öryggi unnustu hans áður en hann játaði. Sjálfur hafði hann verið í Litháen og séð hvernig glæpaklíkur þar í landi höguðu sér.

„Ég braut af mér og það er eitt hvað sem verð að lifa með,“ sagði hann í opinskáum viðtali við Fréttablaðið 27. mars. „Ég var búinn að ljúga og koma óheildarlega fram við mitt fólk. Ég var fastur í stórum lygavef og það var mikill léttir að játa glæpin fyrir lögreglunni.“

Hann sagði að tíminn þar til líkið fannst hafi verið honum erfiður og hann hefði verið manna fegnastur þegar upp komst hver maðurinn var. „Ég hugsaði stöðugt til fjölskyldu

Vaidasar. Mér fannst það hræðileg tilhugsun að ef til vill kæmist fólk að hans aldri að því hvað orðið hefði um hann.“

Jafn sekir
Grétar, Jónas og Tomas voru allir ákærðir fyrir fíkniefnainnflutning, brot gegn lífi og líkama Vaidasar og fyrir ósæmilega meðferð á líki hans. Auk þess var Grétar ákærður fyrir brot á vopnalögum því við húsleit hjá honum fundust ólöglegur riffill, lásbogi, kylfa og fjölmargir fjaður- og kasthnífar.

Mánudaginn 18. október hófst aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur. Jónas neitaði enn sök og sagðist hafa ætlað að hitta Vaidas til að eiga við hann sumarbústaðaviðskipti. Hann hafi fyrst séð hann morguninn sem hann dó.

Tomas neitaði fyrir dómi að vera tengdur litháískri glæpaklíku. „Mafiá er bara til í bíómyndum,“ sagði hann. Tveir frændur Grétars, sem hittu Jónas og Tomas á leiðinni austur, sögðu „ógeðslega vonda lykt“ hafa verið í Pajero-jeppanum.

Dómur var uppkveðinn í málinu þann 9. nóvember og var Grétar einn viðstaddur uppkvaðninguna. Töldu dómarmar að þremmenningarnir hefðu gerst sekir um fíkniefnainnflutning og bæru ábyrgð í dauða Vaidasar. Þeir hefðu átt að grípa inn í og koma honum undir læknis hendur. Allir fengu þeir jafn langa dóma,

tvægja og hálfis árs fangelsisvist. Töldu þeir sannað að Jónas hefði átt aðild að málinu þrátt fyrir neitun hans. Einnig að Grétar hefði lagt á ráðin um að flytja líkið austur. Dómarmir neitðu hins vegar ekki fyrir að ógn frá mafúnni hefði verið til staðar.

Hæstiréttur Íslands staðfesti dóminn þann 28. apríl árið 2005.

Ólíkar áttir
Tomasí var veitt reynslulausn í september árið 2006 en var honum þá jafnframt vísað úr landi af Útlendingastofnun. Rúmlega ári eftir að hann fór úr landi var hann handtekinn á Íslandi fyrir að brjóta endurkomubannið en þá gekk hann undir nafninu Tomas Arlauskas. Við handtökuna fundust 25 grömm af amfetamíni á honum.

Jónas Ingi kom aftur við sögu í stóru sakamáli árið 2009. Þá voru hann og Tindur Jónsson sakfelldir fyrir að standa að framleiðslu amfetamínefna í stórum stíl í Hafnarfirði. Lagt var hald á nægt efni til að framleiða rúm 14 kílógrömm af hreinu amfetamíni og með því að drýgja það hefði verið hægt að framleiða 353 kíló. Jónas játaði aðild og hlaut tíu ára dóm en Tindur átta ár.

Grétar lauk afláplan á Vernd í febrúar árið 2007 og sneri sér að aflraunum. Hann hefur meðal annars tekið þátt í keppninni Sterkasti maður Íslands í nokkur skipti. ■



Nett fjölnotataeki

MANITOU MLT 625-75 H

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar


- Lyftiget: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrífinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð: 6.800.000 kr. + VSK

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is

Jim Jones Viðstaddur mót-
mæli í San Francisco árið 1977.



Af hverju fylgdu 918 manns leiðtoga sínum til Gvæjana og sviptu sig lífi?

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þann 18. nóvember 1978 fyrirskipaði Jim Jones, leiðtogi Peoples Temple kirkjunnar, öllum meðlimum hennar, sem bjuggu í Jonestown í Gvæjana að fremja „byltingarkennt sjálfsvíg“ með því að drekka eitrad þúns. Alls létust 918 manns þennan dag í Jonestown, þar af var þriðjungurinn börn. Fjöldasjálfsvíginn í Jonestown var allt þar til hryðjuverkaárásirnar voru gerðar á Bandaríkin í september 2001 sá atburður þar sem flestir Bandaríkjamenn höfðu látist í einu en náttúruhamfarir eru þar undanskildar.

Jim Jones stofnaði söfnuðinn 1956 og var fólk af öllum kynþáttum velkomið í hann en það var harla óvenjulegt á þessum tíma. Meginmarkmið kirkjunnar var að sögn að aðstoða fólk í neyð. Í fyrstu var kirkjan staðsett í Indianapolis í Indiana en var flutt til Redwood Valley í Kaliforníu 1966. Jones átti sér draum um samfélag byggt á gildum kommúnisma þar sem allir lifðu saman í friði og sátt og legðu sitt af mörkum fyrir samfélagið. Honum tókst að koma skipulagi sem þessu á í litlum mæli í Kaliforníu en átti sér draum um að stofna búðir utan Bandaríkjanna. Þessar búðir áttu að vera að fullu undir hans stjórn og meðlimir Peoples Temple áttu að hjálpa fólki á svæðinu. Til að þetta gæti gengið upp og áhrifa bandarískra stjórnvalda gætti ekki áttu þessar búðir að vera fjarri Bandaríkjunum. Jones fann afskekkt svæði í Gvæjana, sem er í Suður-Ameríku, sem hentaði þörfum hans. Hann samdi um leigu á landsvæði 1973 við þarlend stjórnvöld og hófst þá mikil vinna við að ryðja skóg svo hægt væri að reisa búðir fyrir safnaðarmeðlimi. Uppbyggingin tók langan tíma enda þurfti að flytja allt byggingaefni til Jonestown sem hét

fullu nafni Jonestown Agricultural Settlement. Þegar kom fram á árið 1977 bjuggu aðeins um 50 manns í búðunum og Jones var sjálfur enn í Bandaríkjunum.

Draumaríkið

En það breyttist fljótt þegar Jones frétti að verið væri að vinna að umfjöllun um hann þar sem hann yrði afhjúpaður. Greinin var við að fara í prentun og innihélt meðal annars viðtöl við fyrrverandi safnaðarmeðlimi. Nóttina áður en greinin var prentuð flaug Jones ásamt nokkur hundruð safnaðarmeðlimum til Gvæjana. Fólkíð settist að í Jonestown.

Jonestown átti að vera draumaríki en þegar safnaðarmeðlimirnir komu þangað voru hlutirnir ekki eins og þeir höfðu búist við. Ekki var búíð að byggja nægilega mörg hús til að hýsa alla og því höfðu kojur verið settar upp í húsunum, sem voru tilbúin, og því var þröngt á þingi. Kynjaskipt var í húsin þannig að hjón máttu ekki vera í sama húsinu. Hitinn og rakinn í Jonestown var kæfandi og margir veiktust. Þá þurftu safnaðarmeðlimirnir að vinna langa vinnudaga í hitanum, stundum allt að 11 klukkustundir. Hátalarar voru settir upp úti um allt í búðunum og var nær endalausum prédikunum Jones útvarpað. Hann hafði mikið að segja og talaði oft heilu næturnar svo örþreytt fólkíð átti erfitt með svefn. Sumir voru mjög sáttir við að búa í Jonestown en aðrir vildu gjarnan losna þaðan en það var ekki auðvelt. Búðirnar voru í miðjum frumskógi og vopnadir verðir stóðu vörð um þær. Þeir sem vildu fara þurftu að fá leyfi hjá Jones til þess og slík leyfi vildi hann ekki veita.

Þingmaður kemur í heimsókn

Leo Ryan, þingmaður frá Kaliforníu, hafði heyrt ávæning af að eitthvað slæmt væri á seyði í Jonestown.

Þegar fallhlífarhermennirnir koma munu þeir skjóta sum af saklausu börnunum okkar

Hann ákvað því að fara þangað og kanna ástandið. Í för með honum voru ráðgjafi hans og kvikmyndatökulið frá NBC-sjónvarpsstöðinni auk nokkurra ættingja safnaðarmeðlima. Ekki var annað að sjá en allt væri í góðu lagi. Um kvöldið var boðið til veislu með góðum mat og dansleik. Þá laumaði einhver miða til eins úr kvikmyndatökuliðinu með nöfnum fólks sem vildi gjarnan yfirgefa búðirnar. Þá varð hópnum ljóst að sumum var haldið gegn vilja sínum í Jonestown.

Næsta dag, 18. nóvember 1978, tilkynnti Ryan að hann væri reiðubúinn til að taka alla þá sem vildu yfirgefa Jonestown með til Bandaríkjanna. Aðeins örfáir safnaðarmeðlimir þáðu boðið en fólk óttaðist viðbrögð Jones. Fólkíð var flutt á brott í vörubíl en Ryan ákvað að verða eftir til að tryggja að enginn, sem vildi fara, hefði orðið eftir. Þá réðst einn safnaðarmeðlimi á hann og reyndi að skera hann á háls. Það tókst ekki en ljóst var að Ryan og hópur hans voru í hættu og yfirgef hann því búðirnar. Vörubíllinn komst á leiðarenda á flugvöllinn en flugvélarar voru ekki tilbúnar til brottfarar þá. Á meðan fólkíð beið var dráttarvél með tengivagn ekíð upp að þeim. Af tengivagninum stukku safnaðarmeðlimir sem hófu skothríð á fólkíð. Fimm féllu, þar á meðal Ryan. Margir til viðbótar særðust.



Jonestown 909 meðlimir sértrúarsafnaðar dóu.

Fjöldasjálfsvíginn

Í Jonestown fyrirskipaði Jones öllum að safnast saman við veisluskálann. Þegar allir voru komnir ávarpaði Jones söfnuð sinn. Hann var örvæntingarfullur og virtist pirraður. Hann var ósáttur við að einhverjir safnaðarmeðlimir hefðu yfirgefið Jonestown og lét eins og hlutirnir yrðu að gerast hratt. Hann sagði fólkinu að ráðist hefði verið á Ryan og fylgdarmenn hans og að vegna þessa væri Jonestown ekki lengur öruggur staður. Hann var fullviss um að bandarísk yfirvöld myndu bregðast harkalega við vegna árásarinnar.

„Þegar fallhlífarhermennirnir koma munu þeir skjóta sum af saklausu börnunum okkar.“

Hann sagði söfnuðinum að eina leiðin út úr þessu væri að fremja „byltingarkennt sjálfsvíg“. Ein kona tók til máls og andmælti honum en hann færði rök á móti og söfnuðurinn setti sig þá upp á móti konunni. Þegar fréttist að Ryan væri dáinn lá Jones enn meira á og virtist enn æstari. Hann hvatti safnaðarmeðlimi til sjálfsvígs og sagði að ef hermenn kæmu myndu þeir pynta börnin og gamla fólkíð, það væri ekki hægt að lifa við.

Stórir pottar voru fylltir af gosdrykkjum og blásýra og valium sett út í. Kornabörn og börn voru fyrst færð að pottunum og sprautur notaðar til að koma eitruðum drykkjum upp í þau. Því næst drukku mæðurnar eitrið. Því næst var röðin komin að öðrum safnaðarmeðlimum. Sumir voru dánir áður en aðrir gátu drukkið eitrið. Ef fólk var ekki samvinnuþýtt sáu vopnadir verðir um að „hvetja“ það áfram. Það tók fólk um fimm mínútur að deyja eftir að það drakk eitrið.

912 manns létust af völdum eitursins. Af þeim voru 276 börn. Jones lést af völdum skots í höfuðið en ekki er vitað hvort hann skaut sig sjálfur eða ekki. Í heildina létust 918 manns á flugvellinum og í Jonestown. Örfáir lifðu þetta af, annaðhvort með því að flýja inn í skóginn eða fela sig í búðunum.

Af hverju?

Líklegast fæst aldrei svar við af hverju fólkíð kaus að fylgja Jones í dauðann og svipta sig lífi en eins og svo oft er raunin í trúarsöfnuðum virðist sem leiðtögin, Jones, hafi haft eitthvert heljartak á safnaðarmeðlimum og hafi getað stýrt þeim nánast að vild. ■

39.900 KR.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND

ENGIN BINDING

STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI
Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.
Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS

Boston Corbett Hattagerðarmaður og predikari.



GEÐVEIKUR HERMAÐUR HEFNDI ABRAHAMAS LINCOLN

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Flestir þekkja nafn Jacks Ruby, skemmtistaðaeigandans sem skaut Lee Harvey Oswald, meintan banamann Bandaríkjaforsetans Johns F. Kennedy. Færri þekkja nafn Bostons Corbett sem skaut John Wilkes Booth, morðingja Abrahams Lincoln, tæpri öld fyrr. Corbett, sem var dáti í Norðurríkjahernum, var andlega vanheill og hafði til dæmis klippt undan sér kynfærin með skærum. Hann hvarf eftir að hafa flúið af geðveikrahæli undir lok 19. aldar.

Hattagerð og trúarofstæki

Thomas Corbett var Breti, fæddur í Lundúnum árið 1832, og flutti með fjölskyldu sinni til New York aðeins sjö ára gamall. Líf hans virtist ætla að verða hefðbundið, hann lærði hattagerð og kvæntist. Skömmu síðar varð kona hans þunguð en þá tók lífið skarpa beygju.

Bæði kona Corbett og barnið létust í fæðingunni og hann leit að í flöskuna til sálusorgunar. Hann flutti til Boston en hélt ekki í vinnu og varð að lokum heimilislaus. Eina nótt, þar sem Corbett drakk úr sér allt vit, mætti honum predikari úti á götu. Hann var meþódisti og sannfærði Corbett um að mæta á samkomu.

Corbett snarhætti að drekka, mætti í kirkjuna og var skírður í hinum nýja sið. Tók hann þá upp nafni Boston Corbett eftir nýju heimaborg sinni. Corbett tók trúna mjög alvarlega, svo alvarlega að hann reyndi að líkja eftir Jesú Kristi, bæði í hegðun og útliti. Corbett lét ekki staðar numið við að iðka trúna heldur tók hann þátt í að útbreidda hana á götum úti. Varð hann því götupredikari í frítíma sínum og þekktur í borginni sem trúarlegur ofstopamaður.

Klippti undan sér

Árið 1857 var hann aftur kominn í vinnu við hattagerð og þótti bæði duglegur og flinkur. Stundum töfðust verkin hjá honum þar sem hann eyddi miklum tíma í bænir. Á þessum tíma notuðu hattagerðarmenn kvikasilfur-

blöndur til að verka dýrafeldi. Seinni tíma rannsóknir hafa sýnt fram á að innöndun kvikasilfurs getur leitt til geðveiki og hafa fræðimenn leitt að því líkur að það hafi einmitt verið raunin í tilfalli Corbett.

Corbett átti til dæmis í mestu erfiðleikum með sjálfan sig ef hann mætti vændiskonum á götum úti. Í eitt skipti, árið 1858, mætti hann tveimur vændiskonum á götu úti sem falbuðu sig og fór hann rակleidis heim til sín til að lesa Biblíuna. Hann sá fram á að hann gæti bugast og syndgað frammi fyrir guði sínum. Því greip hann til þess ráðs að klippa kynfæri sín af með skærum til að koma í veg fyrir slíka ósvinnu. Eftir aðgerðina fór hann rólegur á bænafund í kirkjunni sinni og síðan til lækni.

Dæmdur til dauða

Vorið 1861 braust út borgarastyrjöldin í Bandaríkjunum milli norðurs og suðurs, seinna þekkt sem þrælastríðið. Corbett skráði sig í herinn eins og margir ungir menn en hann skildi trúna ekki eftir heima. Hann las úr ritningunni fyrir aðra hermenn og skammaði þá ef þeir hegðuðu sér ókrístilega. Varð hann því snemma mjög óvinsæll, bæði hjá yfirmönnum sínum og jafningjum. Í júní árið 1863 neitaði Corbett að hlýðnast skipunum og var hann dæmdur til dauða. Sá dómur var hins vegar mildaður í brottrekstur úr hernum.

Rúmu ári síðar skráði Corbett sig á ný í herinn en var þá handsamaður af Suðurríkjamönnum. Hann dvaldi í fimm mánuði í fangabúðum uns hann var látinn laus eftir fangaskipti. Þegar hann sneri aftur norður fór hann rակleidis á spítala, vannærður og með skyrbjúg. Hann hélt svo herþjónustunni áfram og var meira að segja hækkaður í tign.

Hetjan sem skaut morðingja forsetans

Vorið 1865 var þrælastríðið að lognast út af og ljóst að Norðurríkin myndu hafa sigur. Abraham Lincoln, forsetinn sem hafði haldið landinu saman, þurfti þó að gjalda fyrir það með lífi sínu. Þann 14.

apríl var hann skotinn í leikhúsi í Washington af leikaranum John Wilkes Booth, sem studdi Suðurríkin, og lést hann morguninn eftir.

Herdeild Corbett var nálægt og fékk hún það hlutverk að handsama Booth og samverkamenn hans. Þann 26. apríl höfðu Corbett og félagar umkringnt tlræðismennina við tóbaksgeymslu í Virginíu-fylki. Booth neitaði að gefast upp og var því eldur borinn að geymslunni. Corbett gekk svo upp að rifu á bakhlið geymslunnar og sá Booth. Hann beindi Coltskammbyssu sinni inn um rifuna og skaut Booth í hnakkann. Booth lifði í tvo klukkutíma eftir það.

Corbett var dreginn fyrir herrett þar sem yfirmaður hans hafði skipað mönnum sínum að ná Booth lifandi. Corbett sagði hins vegar að hann hefði skotið Booth til að bjarga lífum annarra úr herdeildinni, Booth hefði verið vopnaður og aldrei gefist upp lifandi. Málinu var ekki haldið til streitu og Corbett gekk út til mannfjölda sem fagnaði honum.


Dularfullt hvarf

Eftir stríðið tók Corbett upp fyrri iðju hattagerðar og predikunar og hafði hegðun hans ekkert breyst. Í eitt skipti hélt hann fyrirlestur um drápið á Booth en vegna þess hversu æstur og ruglaður hann var þá var hann ekki beðinn um að halda slíkan fyrirlestur aftur.


Tímarnir eftir stríðið einkenndust af biturleika sunnanna og létu sumir Corbett ekki í friði. Hann lenti stöðugt í rifrildi og fékk hatursfull bréf heim til sín. Þess vegna gekk hann alltaf um vopnaður eftir stríð.

Síðustu árin einkenndust af miklu ofsóknarbrjálæði og um tíma var hann vistaður á hæli. Hann slapp hins vegar af hælínu og sagðist ætla að ríða til Mexíkó. Ekkert er hins vegar vitað um afdrif hans eftir þetta en sumir telja að Corbett hafi látið í eldsvoða í Minnesota árið 1894. ■

Meþódisti Vildi líkja eftir Jesú í hegðun og útliti.



John Wilkes Booth Leikarinn sem myrti Abraham Lincoln.





MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Þara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

BARNASTJÖRNUR SEM NÁÐU EKKI AÐ UPPLIFA DRAUMINN

■ Heimur fótoltans getur verið grimmur ■ Meiðsli verða oft til þess að draumurinn rætist ekki

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



Heimur fótoltans getur verið grimmur, smáatriði og heppni geta skipt sköpum ef þú ætlar að ná alla leið. Ungir drengir, sem eiga sér þann draum að ná langt, missa hann oft fljótt úr höndum sér. Meiðsli, rangar ákvarðanir og fleira getur leikið þar stórt hlutverk. DV fékk til liðs við sig nokkra álitsgjafa til að skoða hvaða íslenskir leikmenn hefðu átt að ná miklu lengra en raun bar vitni, leikmenn sem höfðu allt til þess að ná langt. Um er að ræða leikmenn sem sköruðu fram úr mjög ungir að árum og mikið var látið með. Listinn gæti verið lengri en ákveðið var að skera niður við níu nöfn.

Hjálmar Þórarinnsson

Hjálmar byrjaði að vekja athygli fyrir frammistöðu sína með Þrótti 16 ára gamall árið 2002. Þar var á ferð öflugur framherji, klókari en flestir, sterkur og nokkuð áráðinn. Skoska stórlíðið Hearts ákvað að festa kaup á Hjálmar en þar fékk hann lítil tækifæri. Eftir tæp þrjú ár í Skotlandi kom Hjálmar heim, árið 2007, og lék með Fram árið 2011. Síðan þá lék hann aðeins í neðri deildum. Það var árið 2014 sem Hjálmar opnaði sig um geðræn vandmál sín og skrifaði um það pistil. „Þunglyndi er ógeðslegt og ég óska ekki mínum versta óvini að ganga í gegnum það sem ég hef á síðustu þremur árum. Orsakirnar eru alls konar og úrræðin álíka flókin. Sum úrræði hjálpa manni mikið, önnur ekki svo mikið og mikill munur getur verið á milli alvarleika og mismunandi „útfærslum“ einkenna milli einstaklinga.“ skrifaði Hjálmar meðal annars.

Átti að verða íslenski Robbie Fowler



Viktor Annar Illugason

Meiðsli á meiðsli ofan hafa einkennt feril Viktors Unnar Illugasonar sem var á sínum ein mesta vonarstjarna sem íslenskur fótolti hafði séð. Hann var keyptur 16 ára gamall til Reading og það var slegist um hann, stórlíð um alla Evrópu vildu fá Viktor. Sú saga er sögð að Reading, sem á svipuðum tíma fékk Gylfa Þór Sigurðsson, hafi lagt mesta áherslu á að fá Viktor og þá rekið augun í Gylfa, sem gæti náð langt. Hjá Reading töldu allir öruggt að Viktor gæti orðið næsta stjarna liðsins. Alvarleg bakmeiðsli gerðu Viktori erfitt fyrir hjá félaginu, hann komst aldrei inn í aðalliðið. Hann kom heim til Íslands árið 2008 og gekk í raðir Vals. Síðan hann kom heim hafa meiðsli plagað hann og orðið til þess að hann hefði leikið í neðri deildum síðustu ár. Hann lék með Kórðrengjum í sumar en liðið komst upp úr neðstu deildarkeppni KSÍ.

Átti að verða íslenski Alan Smith



Sigurður Donys Sigurðsson

Kraftur, snerpa, úthald og elding. Svona væri hægt að lýsa því hvernig Sigurður Donys frá Austurlandi hafi verið á sínum yngri árum sem knattspyrnumaður. Sjaldan hefur ungur drengur vakið jafn mikla athygli á Íslandi. Newcastle, Manchester United og Middlesbrough höfðu öll sýnt Sigurði áhuga og fylgst með framgangi hans. Hann fór ungur að árum frá Einherja, uppeldisfélagi sínu, í Þór á Akureyri en náði aldrei flugi þar. Hann hefur stundum prófað að vera í öðru liði en Einherja en hugurinn leitar alltaf heim.

Átti að verða íslenski Diego Maradona



Björn Jónsson

Hætti í fótolta sumarið 2014 eftir aðeins einn leik með Kára í neðri deildum. Það heyrðu flestir talað um Björn Jónsson af Akranesi í kringum 2000 og í nokkur ár þar á eftir. Hann hætti hins vegar í fótolta aðeins 24 ára gamall. Ungur að árum hélt Björn til hollenska félagsins Heerenveen, hann var hjá félaginu í nokkur ár en kom til Íslands árið 2011 og gekk í raðir KR. Þar náði hann aldrei neinu flugi vegna meiðsla. Björn gafst að lokum upp á fótoltanum, var með ótrúlega hæfileika til að vera í fremstu röð.

Átti að verða íslenski Cristiano Ronaldo



Ingólfur Sigurðsson

Gæti enn orðið frábær spilarí í efstu deild á Íslandi en Ingólfur fór mjög ungur að vekja athygli erlendra liða. Það var árið 2008, þegar Ingólfur var 15 ára gamall, sem hann gekk í raðir Heerenveen í Hollandi. Hann vakti athygli þar og margir héldu að þarna væri næsta stjarna hollenska fótoltans. Hann fór hins vegar að finna fyrir andlegum veikindum sem hann hefur svo rætt opinskið í seinni tíð. Ingólfur kom heim árið 2009 og fór í KR en ári síðar var hann aftur farinn í hollenska félagið. Stoppið var stutt og síðan þá hefur Ingólfur spilað á Íslandi. Hann lék í sumar í næstefstu deild en á sér þann draum að finna sig í Pepsi-deildinni á nýjan leik.

Átti að verða íslenski Cristiano Ronaldo



Rannver Sigurjónsson

Rannver er eitt mesta efni sem Breiðablik, þar sem besta unglingastarf landsins fer fram, hefur séð. Ótrúlegur styrkur og hraði varð fljótt vopn sem fái réðu við í fari Rannvers, hann var 17 ára gamall byrjaður að láta til sín taka í Kópavoginum. Hann og allir aðrir bjuggust við því að atvinnumennskan kæmi, það var ekki spurning um hvort, heldur hvenær. Hann lék í nokkur ár í Kópavoginum en fór síðan í önnur lið og hætti loks sumarið 2013, þá 29 ára gamall.

Átti að verða íslenski Michael Owen



Þórarinn Kristjánsson

Bjargvætturinn, Þórarinn Brynjar Kristjánsson úr Keflavík var 16 ára byrjaður að láta til sín taka. Eins og svo margir sem eiga að eiga glæsta framtíð fyrir sér, þá voru það meiðsli sem urðu til þess að Þórarinn náði ekki að gera neitt merkilegt úr ferli sínum. Hann lék með Keflavík stærstan hluta ferilsins og var oft öflugur, miðað við byrjunina á ferli hans og hæfileika þá hefði Þórarinn átt að ná miklu lengra en að vera á Íslandi í stundum ekkert alltof góðu formi.

Átti að verða íslenski Dennis Bergkamp



Sigmundur Kristjánsson

„Simmi Kristján, hann á eftir að verða stjarna,“ mátti oft heyra á völlum landsins í kringum 2000. Þá var Sigmundur farinn að vekja áhuga erlendra lið og árið 2001 samdi hann við Utrecht í Hollandi. Hann stoppaði ekki lengi þar og kom heim skömmu síðar. Meiðsli höfðu mikið að segja í því að Sigmundur náði aldrei að hámarka það úr ferlinum sem var mögulegt. Hann átti góð ár í KR frá 2005 til 2007. Sigmundur lék oftast sem kantmaður en hann var klókari en flestir og með hraða og styrk.

Átti að verða íslenski David Beckham



Björn Orri Hermannsson

Nautið úr Árbanum var maður sem flestir töldu að myndi leika fjölda A-landsleikja í hjarta varnarinnar. Hann virtist hafa allan pakkann, 16 ára gamall var hann keyptur til Ipswich á Englandi en draumurinn rættist aldrei þar. Björn kom heim 18 ára gamall, árið 2007, en meiðsli urðu til þess að ferill hans komst aldrei af stað. Björn lék með yngri landsliðum Íslands og hefði með smá heppni getað náð mjög langt.

Átti að verða íslenski Tony Adams



HÁDEGIS TILBOÐ
VIRKA DAGA
GRILLAÐ ÞORSKSPJÓT,
HUMARSÚPA & BRAUÐ
2.850

EILÍF HAMINGJA

Sægreifinn
Við gömlu höfnina



Minnistöflur

Bætir skammtímaminnið. Nýtist fólki sem er undir álagi og fæst við flókin verkefni. Hentar vel fyrir eldri borgara, lesblinda og nemendur í prófum. Dregur úr streitu, eykur ró og bætir skap.



www.birkiaska.is

Bodyflex Strong

Bodyflex Strong vinnur gegn stirðleika og verkjum í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans.

2 hylki tvisvar á dag í tíu daga. Síðan er hægt að minnka skammt í 2 hylki á dag. Inniheldur hvorki laktósa, ger, glúten né sætuefni.



www.birkiaska.is

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.

Bætiefni ársins í Finnlandi 2012.



www.birkiaska.is

SAKAMÁL



14 ára að aldri komst Grikkinn Kyriakos Papaxronis fyrst í kynni við vændiskonu. Hann bar ekki sitt barr síðan. Að hans sögn var hún kaldhæðin við hann og bar brígður á karlmennsku hans. Önnur vændiskona sem hann hafði átt kynferðislegt samneyti við árið 1981 „lét hann fá fullnægingu of fljótt“ og „sagði að hann væri ekki edlilegur karlmaður og getulaus“. Hún varð fyrsta fórnarlamb Kyriakos. Hann fékk lífstíðardóm fyrir morð á tveimur konum. Reyndar hafði hann enn eitt mannlíf á samviskunnri auk þess að hafa reynt að nauðga og myrða fimm konur. Hann losnaði úr fangelsi árið 2004.

Í höndum lögreglu Fabien Tellier varð trylltur af ást.

VÖRUBÍLSSTJÓRINN SEM TRYLLTIST AF ÁST

■ Marie-Dolene skipti Fabien út fyrir nýjan kærasta ■ Fabien kunni ekki að meta það
■ Paco var ánægður og grunlaus ■ Annick kom málinu ekki við

Oft er sagt að ástin sé blind, en ástin kann einnig að vera blindandi. Þannig var komið fyrir Frakkanum Fabien Tellier, 41 árs vörubílstjóra frá þorpinu Soustons í Frakklandi. Marie-Dolene, kærasta hans, hafði gert honum ljóst að hann væri ekki í náðinni og sambandi þeirra væri lokið. Til að bæta gráu ofan á svart hafði hún tekið saman við annan mann.

Fabien var staðráðinn í að einhver skyldi gjalda fyrir og hafði fundið þennan líka fína hnif til

verksins. En bíllinn hans var bílaður og hann þurfti að komast til borgarinnar Albi.

Vandamál í Albi

Hvað var til ráða? Jú, Fabien ákvað að leita á náðir gamallar kærustu, Annick Lamarque, hún myndi lána honum bíl til fararinnar. Reyndar var þónokkuð síðan hann sleit sambandi sínu við þessa 51 árs ekkju, sem hann hafði komist í kynni við á netinu, en hann áleit að það yrði engin fyrirstaða.

„**Hundingi. Ég ætla að drepa þig. Þú munt drepast!**“

Fabien hafði misreiknað dæmið herfilega. Annick var alls ekki til í að lána honum BMW-inn

sinn; hún þurfti að nota hann sjálf. Annick taldi sig ekki skulda Fabien nokkurn skapaðan hlut.

„Ég verð að fá bíllinn lánaðan. Ég verð að komast til Albi. Ég þarf að leysa vandamál þar,“ sagði Fabien reiður.

Annick myrt

Annick var ekki hnikað. „Ég skal láta þig fá 50 evrur og þú getur tekið lestina,“ sagði hún. Ekki dró tilboð Annick úr bræði Fabiens. Hann rauk inn í eldhús, fann þar hnif með löngu blaði og réðst á fyrrverandi kærustu sína.


Stakk hann Annick ítrekað og linnu ekki látunum fyrr en hún hné örend á gólfid. Síðan fann Fabien bíllyklana, hirti allt reiðufé úr veski Annick og lagði síðan af stað til Albi þar sem annað fórnarlamb beið hans, reyndar gjörsamlega ómeðvitað um tilvist Fabiens.

„**Kvöldverðurinn verður að bíða. Einhver brjálæðingur réðst á mig og stakk mig með hnif.**“

Boðið í kvöldverð

Sá sem Fabien ætlaði að myrða hét, og heitir enn, Francois Garcia, kallaður Paco af vinum sínum. Paco hafði kynnst Marie-Dolene á netinu í ágúst 2009.

Eitt leiddi af öðru og í nóvember sama ár small allt saman hjá



Heimili Annick Lamarque. Hún vildi ekki lána fyrrverandi kærasta bíl sinn.



ÞÚ FÆRÐ VEGGKLÆÐNINGARNAR
HJÁ OKKUR

SKOÐAÐU Á ÚRVALIÐ HÉR

ÁLYAK



5 og tveggja ára gamlar voru dætur Jeffreys Roberts MacDonald, Grænhúfumorðingjans, þegar hann myrti þær. Jeffrey var í hernum og bjó á herstöðinni Fort Bragg ásamt eiginkonu sinni og dætrum. Aðfaranótt 17. febrúar, 1970, var hringt í Neyðarlínuna frá heimili þeirra. Þegar að var komið voru Colette, eiginkona Jeffreys, og dæturnar tvær, Kimberly og Kristen, dánar. Jeffrey, sem hafði smávægilega áverka, sagði að fjórir menn hefðu ruðst inn og hann hefði verið rotaður. Þegar hann kom til meðvitundar hefði hann fundið mæðgurnar dánar, þær hefðu verið stungnar til bana. Colette gekk þá með þriðja barn þeirra undir belt. Allur framburður Jeffreys reyndist lygi. Hann fékk þrefaldan lífstíðardóm árið 1979.



þeim. „Hún sagði mér ekki að hún væri nýbúin að slíta sambandi við annan mann,“ sagði Paco síðar.

„Þann 10. desember bauð hún mér í mat heima hjá henni og ég lagði af stað til hennar um sex leytið.“

Ráðabrugg Fabiens

Sem fyrr segir hafði Paco ekki minnstu hugmynd um að honum stæði hætta af sturluðum, fyrrverandi ástmanni Marie-Dolene, eða að sá hefði fylgst með honum, falið sig í skuggum og beðið tækifæris til að myrða hann.

Þetta kvöld átti Fabien við eitt dekk á bifreið Pacos og tryggði þannig að það yrði loftlaust á leið Pacos til Marie-Dolene. Það gekk eftir og myrkur var skollíð á þegar Paco neyddist til að stöðva bílinn og skoða dekkið.

Að því loknu opnaði hann skottið á bílnum til að ná í varadekkið.

„Þú munt drepast“

Þá heyrði hann að bifreið var stöðvuð fyrir aftan hann. „Get ég hjálpað þér,“ heyrði hann spurt úr húminu. Paco fékk ekki einu sinni tækifæri til að sjá hverjum röddin tilheyrði því Fabien réðst umsvifalaust til atlögu við hann. „Hundingi. Ég ætla að drepa þig. Þú munt drepast!“ öskraði Fabien.

Paco hrasaði en varðist hraustlega, var enda sannfærður um að hann hefði, fyrir einskæra tilviljun, lent í klónum á algjörum brjálæðingi.

Fabien náði að stinga Paco þrisvar sem þó náði að sparka duglega í árásarmanninn.

Nokkur góð spörk fengu Fabien til að efast um að hann myndi hafa betur og hann lét gott heita og flúði aftur í BMW-inn.

Fabien gripinn glóðvolgur

Við illan leik tókst Paco, alblóðugum, að komast í apótek. Þar var gert að sárum hans til bráðabirgða og síðan farið með hann á sjúkrahús. Þaðan hringdi hann í Marie-Dolene og sagðist því miður ekki geta komið í kvöldverð til hennar. „Kvöldverðurinn verður

Það var eins og ég væri ungur á ný. Við vorum eins og ástfangnir tánningar.

að bíða. Einhver brjálæðingur réðst á mig og stakk mig með hníf,“ sagði hann.

Fljótlega eftir að rannsókn lögreglunnar hófst vakti hinn ástsjúki Fabien athygli og ákveðið var að ræða við hann. Fabien reyndi, fyrir framan lögreglumennina, að fela lyklna að BMW-bifreið Annick en tókst ekki. Þeir leiddu síðan lögregluna að líki hennar.

Hittast í fyrsta sinn

Á meðan Fabien beið réttarhalda á bak við lás og slá tóku Paco og Marie-Dolene upp þráðinn þar sem frá var horfið. Sambandið varð þó ekki langlíf.

Í mars 2012 var Fabien leiddur fyrir dómara og ákærður fyrir morðið á Annick og líkamsárásina á Paco. Það var þá sem Fabien og Paco, sem báðir höfðu deilt rekkjuvoðum með Marie-Dolene, hittust í fyrsta sinn.

Vitnisburður Marie-Dolene var tekinn upp á myndband og spilaður í réttarsalnum.

Endurnýjuð æska

Hún sagði að hún hefði einungis verið með Fabien því hann hefði farið með hana út á lífið og á veitingastaði. Hún bæri enga ábyrgð á gjörðum hans.

Fabien leit málið öðrum augum: „Það var eins og ég væri ungur á ný. Við vorum eins og ástfangnir tánningar.“ Hann sagði að hann væri enn ástfanginn af henni, en framtíð ástar hans var frekar nóturlæg; 20 ára vist innan veggja fangelsis. ■



Paco Hafði ekki hugmynd um tilvist Fabiens.



Þetta eru bestu borgarar á Íslandi

Í tilefni af opnun nýs matarvefjar á dv.is ákváðum við að fara á stúfana og finna bestu hamborgara á Íslandi.

1 Hamborgarabúlla Tómasar

„Ég get alltaf skotið á mig Búlluborgara, þannig af skyldurækni nefni ég Búlluna.“

„Stökkar mjóar McDonaldsstæl fröllur, bearnaise-sósa, súrar gúrkur og sjeik til að skola þessu öllu niður. Búllan er eins og gamall vinur sem er alltaf til í að spjalla. Ekki sá mest spennandi en alltaf notalegur.“

„Jói Fel og ég bæti við súrum gúrkum. Það er bara eitthvað við Búlluna. Ég hef farið á alla staðina og þeir eru allir æðislegir. Jói Fel er með beikoni og barbekjúsósu og hér er allt í jafnvægi. Þetta er besti hamborgari í heimi.“

„Gengur alltaf að því sama vísu og ekki spillir þjónustan. Framúrskarandi þegar hún þarf ekki endilega að vera það.“

„Steikarborgarinn á Búllunni – heiðarlegasti borgarinn í bænum. Maður gengur alltaf að sömu gæðunum og hann er sjúklega safaríkur og bragðgóður.“

„Besti borgari landsins er á Búllunni. Tommi hefur átt besta hamborgara landsins frá því ég man eftir mér. Heiðarleikinn í Búlluborgaranum er botnlaus. Engir stælar, bara geggjaður hamborgari.“

„Það verður ekki mikið klassískara. Svo er allt starfsfólkið svo yndislegt og bearnaise-sósan með frönskunum bjargar deginum.“

„Hamborgarinn Kóngurinn er sannur vinur þegar á reynir. Fullkominn.“

„Ekki verið að klína of miklu af óparfa brögðum með. Less is more.“

„Búllan er bara Búllan, samkvæm sjálfri sér og „basic“, alltaf gott. Meðmæli mín: Tilboð aldarinnar með jarðaberjasjeik, grípa svo súrar og gult sinnep með og setja á borgarann.“

Hamborgarabúlla Tómasar sigursæl.



Einhverjir eru á því að Block Burger sé vanmetinn staður.

2 Le Kock

„Zinatra-borgarinn með gráðaosti og rauðlaukssultu frá Le Kock – það er allt við þennan borgara sem er gott og meðlætið líka. Svo gott!“

„Le Kock-hamborgarinn er stórkostlegur. Ég vel steikta kartöflusmæklið frekar en það gríska.“

„Le Kock eru að koma sterkir inn. Hamborgarabrauðin þeirra

eru líklegast búin til á annarri plánetu.“

„Næstbesti borgari landsins er á Le Kock. Mæta með öskrandi stæla og stuð og reiða fram hrikalega djúsi borgara. „Basic“-borgarinn geggjaður og svo eru Zinatra og Cruise hrikalega góðir líka – og smæklið fullkomið með.“

„Le Kock er massívur valkostur og kartöflurnar eru af öðrum heimi. Kitlar bragðlaukana þar til þeir geta ekki meir.“

„Grænmetisborgarinn á Le Kock. Svona á að gera grænmetismat! Margir halda að grænmetisfæði sé fyrir fólk í megrun. Þessi er fullkomlega sveittur og rosalega djúsi.“

„Gæði, fullkomin steiking, gott brauð og ekkert kjaftæði. Bara borgari sem gleður maga, hjarta og sál.“

Le Kock.



Góðir borgarar fást víst á Grillmarkaðinum.



Roadhouse er vinsæll með álitsgjafa.



Jóhann keyrði aftan á bíl og
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS





saman



&



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?



Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



**AVAXTA-
BILLINN**

Avaxtaðu betur


www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



Kaffi Krús á Selfossi skorar hátt.



Gott Reykjavík kemur sterkur inn.



Le Kock vekur lukku.

Því honum fylgja krullufranskar, hvernig er hægt annað en að elska krullufranskar?! Þetta er svona sparibörger.

„Grillmarkaðurinn er lúxus-útgáfan af borgaranum. Góður í góðærinu.“

4. Block Burger

„Án efa vanmetnasti hamborgarastaður landsins. Hann er langbestur – þið bara vitið það ekki enn þá.“

„Geggjaður borgari. Buffið er grófhakkað og steikist því frábærliga, djúsi en samt með góðri krispi steikarskorpu. Block-sósan er líka svo ljúf með pipruðum undirtóni buffisins. Stór, safarík tómatsneið kórónar svo allt saman. Með bestu frönskum bæjarins.“

„Virkilega djúsi stöff.“

5. Roadhouse

„Empire state á Roadhouse. Sennilega borgarinn sem er með stærsta kolefnasporið enda á þremur hæðum. Til þess að veða upp á móti því þá fær maður að kenna á því og nærast ekki í dagóðan tíma á eftir. Sennilega ekki fyrr en daginn eftir. Því er kolefnasporið ekki eins stórt og virðist í fyrstu. Ég ætla að segja að vart sé að finna máltíð þar sem fleiri dýr hafa legið í valnum. Fær mann til þess að vera stoltur af því að vera efstur í fæðukeðjunni. Áfram mannkyn!“

„Roadhouse – King of the road.“



Álitsgjafar kunna að meta Dirty Burger. & Ribs.



Gló-borgari.

3. Grillmarkaðurinn

„Hamborgarinn á Grillmarkaðnum er ægilega góður. Gott kjöt, safaríkur og hráefnið ferskt. Ef ég ætti að líkja honum við eitthvað þá er það samblanda af Ryan Gosling í Drive og Reese Witherspoon í Legally Blonde. Dularfullur og kemur á óvart. Þau ættu að vera saman finnst mér.“

„Borgararnir valda aldrei vonbrigðum. ALDREI!“

„Sko. Ég fæ alltaf kjötsvita af þessum börger svo ég get bara borðað hálfan og þarf svo að fara heim og leggja mig. En hann er þess virði, sérstaklega

Hamborgari, reyktur grísahnakki, svissaður laukur, Maribo-ostur, sinnepsgljái og Roadhouse-sósa. Þessi er númer 1 hjá mér, með frönskum sem eru svo góðsætar og ég tala nú ekki um Roadhouse-mæjó með. Þessi samsetning er fullkomin. Bragðlaukarnir hreinlega dansa af unaði.“

6. Kaffi Krús

„Trylltur borgarinn þar og allt sem borið er fram með honum.“

„Selfoss er klárlega matarhöfuðborg Suðurlandsins og Kaffi Krús er kóngurinn og drottningin í borgurum.“



7. Gott Reykjavík

„Grillaður Eldfell-borgari. Vel kryddað, sérvalið nautakjöt „spæsi“ cilli mæjó, með heima-reyktum osti, salati, tómötum rauðlaukssultu. Borinn fram með smælki. Nammi! Ekki skemmir fyrir notalegt umhverfi í glæsilegu húsnæði. Fjölskyldustaður þar sem allir finna eitthvað gott. Gott verð skemmir ekki fyrir.“

„Truffluborgarinn á Gott. Sérvalið nautakjöt, trufflu-sveppamauk, trufflumæjó. Hér er hugað að hverju smáatriði eins og í öðrum réttum á þessum frábæra veitingastað.“

8. DJ Grill

„DJ Grill á Akureyri. Zurgbassinn er einfaldlega besta nafn á hamborgara í sögu mannkyns. Og hann er góður, ógeðslega góður. Og það er fótbolti í sjónvarpinu á meðan þú borðar. Ég hef einu sinni keyrt til Akureyrar bara til að fá Zurgbassann.“

„Á Akureyri er að finna hamborgaraparadís og sú paradís heitir DJ Grill.“

9. Gló

„Nautaborgarinn frá Gló. Þínu „spæsi“ en hrikalega góður.“

„Glóborgarinn er holla týpan eða þykist allavega vera það. Gló glæðir skammdegið og samviskuna.“

10. Dirty Burger & Ribs

„Alvöru djúsi burger – elska að fá rifin líka með, það tekur hann í hæstu hæðir.“

„Ég er mjög hrifin af þeim – sérstaklega því það er hægt að fara á

náttfötunum í lúguna. Dýrka það konsept.“

Þessir staðir voru einnig nefndir: Apótekið, Tuddinn í Hvalfirði, Hamborgarafabrikkan, Vitabar, Big Lebowski, American Style, Prikkið, Íslenski barinn, Billiardbarinn, Krydd, Pylsubarinn í Hafnarfirði, The Gastro Truck, Haninn, Veganæs, Hard Rock Café.

Álitsgjafar:

Atli Þór Albertsson, markaðs-
stjóri, skemmtikraftur og kol-
vetnahákur, Viðar Guðjónsson,
lífskústner og heimsborgari,
Sigga Dögg, kynfræðingur, Júlíus
Jóhannsson, fasteignasali og mat-
gæðingur, Valur Gunnarsson, rit-
höfundur og doktorsnemi, Þórunn
Högna, stílisti, Gunnar Helgason,
rithöfundur, leikstjóri og leik-
ari, Anna Kristín Magnúsdóttir,
verslunareigandi, Ellý Ármanns,
fjöllistakona og flóþerapisti,
Bergrún Íris Sævarsdóttir, blaða-
maður, teiknari og rithöfundur,
Eva Laufey Kjavan Hermans-
dóttir, rithöfundur, sjónvarps-
stjarna og matargúrú, Jón Gunn-
ar Geirdal, almannatengill, Ágúst
Ólafur Ágústsson, þingmaður
Samfylkingarinnar, Edda Sif Páls-
dóttir, íþróttifrættakona, Mar-
grét Erla Maack, skemmtikraftur,
fjöllistadís, burlesque-mamma,
Andri Freyr Viðarsson, útvarps-
stjarna, Eðvarð Atli Birgisson,
hönnuður, Jón Viktor Gunnar-
son, (Börger-Nonni), Sylvía Blön-
dal, Sölvi Fannar, líkamsræktar-
gúrú og listamaður. ■

-lilja@dv.is

BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR





Fanntófell

Gylfahlöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is



Lestur dv.is stóreykist

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Samkvæmt nýbirtum niðurstöðum Gallup um lestur netmiðla hér á landi hafa aldrei fleiri notendur heim-sótt dv.is en í síðustu viku. Lestur dv.is hefur aukist jafnt og þétt síðastliðna mánuði og ekki sér fyrir endann á þeirri siglingu sem vefurinn er á.

Notendur dv.is hafa aldrei verið fleiri en í síðustu viku þar sem 355.297 innlendir notendur heim-sóttu vefinn og yfir 400 þúsund ef

Íslendingar í útlöndum eru teknir með í reikninginn. Þá voru meðal flettingar dag hvern alls 656.409. Hreint magnaðar tölur.

„Við erum kannski ekki eins mörg og á öðrum ritstjórnnum, en við hlaupum þá bara hraðar. Ég er afar stoltur af mínu fólki sem leggur allt í sölurnar. Við gleðjumst yfir hvað DV hefur verið tekið vel af lesendum og samkvæmt þessum tölum má segja að hvert mannsbarn komi við á vef DV vikulega. Vefur DV er nú orðinn þannig að þar geta allir fundið eitthvað við sitt



hæfi. Á dv.is er hlaðborð af fréttum og þar geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Við munum nota þessa

hvatningu til þess að halda áfram af krafti og bæta vefinn enn frekar. Við erum staðráðin í að gera enn

betur. Takk fyrir lesturinn,“ segir Kristján Kormákur Guðjónsson, ritstjóri DV. ■

Útlenskt hippetíhopp spillir ungdómnum




Svarthöfði

Svarthöfði er agndofa yfir því hvernig ungdómurinn klæðist þessa dagana. Á leið númer 4 í Strætisvögnum Reykjavíkur sá hann bólugrafna og skrækroma unglunga klædda eins og kvikmyndastjörnur á rauða dreglinum

Þau eru klædd í frönsk og ítölsk

Svarthöfði biðlar til foreldra að stöðva þetta strax og banna börnum sínum að hlusta á erlent hippetíhopp




merki á borð við Lúí Vítton og Gútsí, rétt eins og Gréta Garbó og Audrey Heppbörn. Hvað er eiginlega um að vera hér á Íslandi? Erum við ekki að fara að fagna tíu ára afmæli bankahrunsins þegar auðjöfrar slöfðu í sig gulli og skelltu reikningum á

íslenska alþýðu? Svarthöfði gerir sér grein fyrir að þessir unglingar vita ekki betur. Þeir voru rétt að læra að lita með vaxlitum þegar Svarthöfði stóð bísperrtur fyrir utan þinghúsið og kastaði eggi í dómkirkjuprestinn. En hvar eru foreldrarnir? HVAR ERU FORELDRARNIR?

Reiðin kraumaði á Svarthöfða í strætóferðinni en þegar hann komst loks heim til sín fór hann rakleiðis í tölvu til að gúgla hvað þessi klæðnaður kostaði. Gútsí-leðurbelti með tigrisdýra- og sebrahestasylgju; 371 breskt pund hjá vefversluninni Neta porter. Beint inn á síðuna hjá Arion til að snara þessu yfir á íslenskar krónur - 53 þúsund kall. Hettupeysa frá Givensí hjá Harrods; 795 evrur, 102 þúsund krónur!!

Svarthöfði getur ekki annað en gapað yfir þessu. Sjálfur klædist hann eingöngu fötum úr Costco, verslun alþýðunnar. Þar er hægt að fá nariur, sokka, skó, peysur og allan þakkann fyrir aðeins brota-



Lil Pump og Geirmundur Erlend lágmenning og íslensk hámenning.



brot af því sem eitt Gútsíbelti kostar. Í leiðinni er hægt að kaupa sér dýrindis nautakjötsbjúga í brauði sem veitir manni fyllingu fyrir heilan dag.

Þegar Svarthöfði fór að spyrjast fyrir um hvers vegna börnin klæddust svo dýrum fötum fékk hann þau svör að þetta væri allt saman tónlistinni að kenna. Þessu hippetíhoppi sem þau hlusta á. Ljóðin þar áttu víst öll að hampa efnishyggi og hégómanum.

Til að sannreyna það fór Svarthöfði aftur í tölvuna sína og inn á Jútúb. Fyrsta sem hann sá var myndband eftir einhvern Aron og Bjarna Hnetusmjör. Þeir gátu ekki verið ábyrgir fyrir þessu því myndbandið var tekið upp í Costco. Augljóslega vel upp aldir drengir og hugsandi þó að einn þeirra hafi

verið með skemmdar tennur. Þá fann Svarthöfði loksins sökudólgana. Þetta voru bölvadir útlendingarnir! Gútsí Gang og Gútsí Mane. Málhaltir, fávísir, slefandi dópistar en vel klæddir og í öllum fínustu merkjunum.

Þetta er enn ein sönnunin fyrir því að við eigum ekki að menga íslenska þjóðmenningu með erlendum áhrifum. Og enga mosku í Reykjavík!

Svarthöfði biðlar til foreldra að stöðva þetta strax og banna börnum sínum að hlusta á erlent hippetíhopp. Snúa þeim frekar að íslenska Costco-rappinu eða þá að þjóðlegri tónlist eins og til dæmis lögum Geirmundar Valtýssonar. Geirmundur kaupir öll sín föt í Skagfirðingabúð og lítur út eins og nýsleginn tókall. ■

SEGÐU NEI VIÐ PLASTI

- Brotnar niður á nokkrum vikum
- Umhverfisvænn
- Slitsterkur



Plastlaus september

Prófaðu umhverfisvæna ruslapokann



Nýtt og spennandi gólfefni





Vínyparket og vínýflísar

Við kynnum nýjung
hjá okkur í gólfefnum.
Vínyparket er ótrúlega
slitsterkt, vatnsþolið
og er mjög viðhaldslítið.
Það hentar því í jafnt
á baðherbergi sem í
hótelandyri eða skrif-
stofurými.

Efnið er ótrúlega mjúkt
og fæst bæði með fallettri
viðaráferð í plönkum
eða með náttúrusteins-
áferð í flísum.

Bjóðum aðeins það
besta fyrir þig!



Parki
I N T E R I O R S



Nýkrýndur sigurvegari America's Got Talent taldi sig svikinn á Íslandi

Adögunum var tilkynnt um sigurvegara þrettánda þáttaraðarinnar af America's Got Talent. Sá útvaldi var töframaðurinn ótrúlegi Shin Lim sem heillaði dómnefndina, sem samanstóð meðal annars af Simon Cowell og ofurfyrirsætunni Heidi Klum, með mögnuðum spilagöldrum. Fyrir ómakið hlaut Shin Lim eina milljón dollara í verðlaun, eða um 110 milljónir króna, auk þess sem hann fær að setja upp röð töfrasýninga í Las Vegas. Þær munu eflaust gefa vel í aðra hönd. Þá hefur Shin Lim verið vinsæll gestur hjá stærstu spjallþáttastjórnendum Banda-

ríkjanna, meðal annars heimsótti hann sjálfa Ellen DeGeneres á dögunum og sló í gegn.

Færri vita að Shin Lim er Íslandsvinur þó að hann hafi farið í gegnum erfiða reynslu hérlendis. Taldi töframaðurinn heimsfrægi sig hafa verið svikinn um laun af af íslenska töframanninum Einari Mikael sem skipulagði röð sýninga hérlendis. Hjóp upphæðin á hundruðum þúsunda. DV fjallaði um málið sumarið 2018 og birti viðtal við Shin Lim vegna málsins.

Alls átti Shin Lim að koma fram á 25 töfrasýningum í júnímánuði 2017 og fá um 5 milljónir króna fyrir ómakið. Þá átti hann að gista

á glæsilegustu hótélum Reykjavíkur og hafa aðgang að einkabílstjóra. Raunin varð hins vegar sú að Shin Lim gisti meðal annars heima hjá vini Einars Mikael og fékk aðeins greitt brot af upphæðinni. Ekkert hafi staðist sem Einar Mikael lofaði.

Sjálfur hélt Einar Mikael því fram að Shin Lim hefði verið ófaglegur og að hann hefði fengið bróðurpart umsaminna launa greiddan. Hann viðurkenni þó að ekki hafi gengið upp að fá styrki og því hafi verkefnið ekki gengið upp. ■



Helga Jónsdóttir, tímabundinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Lítt þekkt ættartengsl

Forstjórinn og lögfræðingurinn

Farsinn innan Orkuveitu Reykjavíkur er flestum kunnur. Ekki eru öll kurl komin til grafar en á meðan rannsókn stendur yfir tók Helga Jónsdóttir við starfinu tímabundið. Ráðgert er að Helga, sem er fyrrverandi stjórnarformaður hjá eftirlitsstofnun EFTA og bæjarstjóri í Fjarðabyggð, muni sinna starfinu í tvo mánuði. Bróðir Helgu er hinn þekkti hæstaréttarlögmaður Gestur Jónsson sem hefur getið sér gott orð við að verja þekktu menn úr viðskiptalífínu eins og Sigurð Einarsson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Systkinin eru alls fjögur talsins og er Gestur elstur þeirra. Foreldrar þeirra eru þau Jón Skaftason, fyrrverandi alþingismaður og sýslumaður í Reykjavík, og Hólmfríður Gestsdóttir húsfrú.



Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður



Lét hann peningana hverfa?

Loki

LÁTTU SJÁ ÞIG

ALLAR
TEGUNDIR
MERKINGA

 **SIGNA**
SKILTAGERÐ

signa.is